



Ársskýrsla 2020



Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

Ársskýrsla 2020

Efnisyfirlit

Ársskýrsla

Ávarp stjórnarformanns	3
Afkoma sameignardeildar	4
Lífeyrir	5
lögjöld til sameignardeildar	6
Tryggingafræðileg staða	8
Innlend hlutabréf	12
Innlend skuldabréf	14
Erlend verðbréf	16
Eignasafn	18
Verðbréfavíðskipti og lánveitingar	18
Séreignarsparnaður	19
Lán til sjóðfélaga	21
Stjórnarháttayfirlýsing 2020	22
Fjárfestingarstefna 2020	27
Áhættustýring	30
Hluthafastefna	36
Stjórn	40

Sjálfbærnisráðgjafi

Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Inngangur	42
Ávarp framkvæmdastjóra	43
Stefnumótandi áherslur	46
Viðskiptalíkan	46
Áfangar í samfélagsábyrgð	50
Haghafar	50
Heimsmarkmiðin	52
Áherslumarkmið	54
Mikilvægisgreining	57
Rekstur út frá UFS þáttum	58
Lífeyrir	65
Ábyrgar fjárfestingar	67
Áhættustýring	69
Umboð	70

Ársreikningur

Skýrsla stjórnar um starfsemi	
Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 2020	76
Áritun óháðs endurskoðanda	82
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2020	84
Efnahagsreikningur 31. desember 2020	85
Sjóðstreymi árið 2020	86
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar 31. desember 2020	87
Skýringar	88
Kennitölur	119


Deildaskiptur ársreikningur

Deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2020	122
Deildaskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2020	123
Deildaskipt sjóðstreymi árið 2020	124

Annual Report

Report of the Board of Directors 2020	126
Independent Auditor's Report	132
Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments 2020	136
Balance Sheet as of December 31, 2020	137
Statement of Cash Flows 2020	138
Statement of Actuarial Position	139
Financial Indicators	140

Umsjón: Berglind Stefánsdóttir

Hönnun og prentvinnsla: Prentmet Oddi, umhverfissvottað fyrirtæki 

Ávarp stjórnarformanns

Árið 2020 var um margt mjög sérstakt í starfi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Fyrst má nefna þá miklu áskorun sem við stóðum frammi fyrir í upphafi ársins að fylgja eftir einu besta ári í sögu sjóðsins, 2019, og það verkefni fylgdi okkur út árið. Það verður að segjast eins og er að ekki leit alltaf vel út með að það gæti tekist, en eins og fram kemur í þessari ársskýrslu varð sú engu að síður raunin, 2020 endaði með að verða í hópi bestu rekstraráranna.

Í ársbyrjun dró þó strax blikur á loft þegar fregnir fóru að berast af skæðri veiru sem hefði orðið, fyrst í Asíu en ekki leið á löngu þar til hún hafði numið land í Evrópu og loks öllum heiminum. Skæður heimsfaraldur var orðinn staðreynd á fyrsta fjórðungi ársins. Við slíkar aðstæður eru miklar líkur á allskyns áföllum í þjóðlífinu, ekki síst á eignamörkuðum eins og lífeyrissjóðurinn starfar á. Það jók enn á þá ógn sem stafaði af faraldrinum að áhrifin voru um allan heiminn, ekki bundin við okkar land eða heims hluta, enda kom það á daginn að mikill samdráttur varð í efnahagslífi flestra landa, kannski ekki síst hér á landi þar sem landsframleiðslan hvílir að svo stórum hluta á einni viðkvæmstu atvinnugreininni við slíkar aðstæður: Ferðaþjónustunni.

Skemmst er frá því að segja að þrátt fyrir COVID 19 heimsfaraldur og áhrif hans hér á landi tókst okkur að stýra lífeyrissjóðnum ótrúlega farsælega í gegnum það ástand.

Kostir mikillar dreifingar eignasafna komu vel í ljós. Þegar upp var staðið hafði lífeyrissjóðurinn ávaxtast vel í árslok, ekki aðeins á mælikvarða eins árs, heldur og ekki síður til langs tíma. Þannig var 20 ára meðaltals raunávöxtun sjóðsins á ári 4,5% sem er vel yfir þeim viðmiðum sem sett eru um útreikning tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins.

Íslendingar standa einmitt nú frammi fyrir því að laga verður lífeyriskerfið að hækkandi aldri þjóðarinnar, sem nánar má lesa um hér í þessari ársskýrslu. Hækkandi meðalaldur, það er lengri lífslíkur við fæðingu, er þróun sem hefur orðið á mörgum undanförunum áratugum og leiðir til þess að lífeyrissjóðir þurfa að greiða sjóðfélögum sínum lífeyri mun lengur en gert var ráð fyrir við stofnun lífeyriskerfisins. Á næstu misserum er þess vegna óhjákvæmilegt að grípa til aðgerða svo sjóðirnir geti staðið við skuldbindingar sínar.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna býr svo vel eftir góð undanfarin ár, að eignastaðan er það góð að til er inneign fyrir hluta þeirra aðgerða sem grípa verður til. Það skýrist vonandi sem fyrst hvað gert verður en vænta má þess að þær aðgerðir verði samræmdar fyrir alla sjóði á almennum vinnumarkaði.

Þetta má sjá af tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins, sem er jákvæð um 10,9%. Það þýðir að sjóðurinn er afskaplega vel búinn undir að mæta þeim áskorunum sem óhjákvæmilega fylgja hækkandi aldri sjóðfélaga. Hvaða aðgerða gripið verður til og hvenær kemur í ljós þegar tryggingafræðingur sjóðsins metur stöðuna, en víst er að vegna sterkrar stöðu sjóðsins verða þær mildari en ella.

Lífeyrissjóður er í eðli sínu hægfara en skriðþung eining, snöggar breytingar eru ekki einkenni á starfsemi hans. Þó verða breytingar og þegar titið er til baka um nokkur ár virðast þær hafa gerst nokkuð fljótt. Hér má helst nefna það hve sjálfbærni er með vaxandi þunga og hraða að öðlast veigamikinn sess í öllu starfi sjóðsins. Tekin hafa verið stór og afgerandi skref til að innleiða svonefnd UFS viðmið (Umhverfismál – Félagsmál – Stjórnarhættir) í allt starf sjóðsins. Lífeyrissjóðurinn gerir kröfu um að fyrirtæki sem hann fjárfestir í fylgi lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra og virði þannig laga-reglur og viðmið um siðferði, séu meðvitund um þátt þess á umhverfið og sporni við hvers kyns spillingu. Við mat á fjárfestingakostum hjá sjóðnum hefur verið lögð aukin áhersla á greiningu á umhverfis-, félags- og stjórnháttum en ljóst er að ein stærsta áskorun komandi ára snýr að umhverfismálum. Ef fyrirtæki sem fjárfest er í taka þessi mál ekki alvarlega getur farið illa fyrir fjárfestingu á stuttum tíma. Í raun má segja að það að taka tillit til fleiri þátta en fjárhagslegra við fjárfestingar sé í raun hluti af góðri áhættustýringu. Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur stigið ákveðin skref í kröfum til fjárfestinga varðandi umhverfismál, félagsmál og stjórnhætti og reikna má með að þær kröfur muni aukast á næstu árum.

2020 var gott ár, en krefjandi tímar eru framundan þar sem vextir eru í sögulegu lágmarki nánast um allan heim sem getur leitt til þess að stærri hluti af eignum sjóðsins þarf að vera í áhættusamari eignaflokkum til að viðunandi ávöxtun náist. Eins er glím- unni við heimsfaraldurinn ekki lokið.

Að því sögðu þakka ég fyrir hönd stjórnar sjóðfélögum samfylgdina á árinu og starfsfólki sjóðsins fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf.


Stefán Sveinbjörnsson
Stjórnarformaður

Afkoma sameignardeildar

Nafnávöxtun sameignardeildar á árinu 2020 var 14,8% sem samsvarar 11,0% raunávöxtun. Hrein ávöxtun, það er þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá fjárfestingatekjum, var 14,7% sem samsvarar 10,8% hreinni raunávöxtun. Hrein árleg raunávöxtun síðustu fimm ára var 6,2%, 6,7% síðustu 10 ár, 4,5% síðustu 20 ár og 5,4% síðustu 30 árin.

Eins og áður hefur verið vikið að var ávöxtun 2020 góð þó árið í heild hafi verið sveiflukennt, ekki síst fyrri hluta þess þegar áhrif COVID-19 fór að gæta. Þegar upp var staðið höfðu þó allir eignaflokkar hækkað auk þess sem veiking ISK hafði jákvæð áhrif á ávöxtun erlendra eigna.

Allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri ávöxtun í sameignardeild. Hlutabréf skiluðu um 78% af heildarávöxtun ársins líkt og fram kemur á eftirfarandi mynd er sýnir ávöxtunarfrelag eignaflokka á árinu 2020.



Líkt og fram kemur í fjárfestingarstefnu LV, sem aðgengileg er á vef sjóðsins, er ávöxtun eignasafna borin saman við viðmiðunarvísitölur er mæla ávöxtun þeirra markaða er vísitölurnar taka til. Í tilfalli innlendra skuldabréfa sameignardeildar eru viðmiðunarvísitölur þó ekki samanburðarhæfar enda eru um 79% innlendra skuldabréfa-eignar LV færð á kaupávöxtunarkröfu í árslok. Slíkar eignir taka ekki mið af markaðsaðstæðum hverju sinni og því hefur hærra eða lægra vaxtastig ekki áhrif líkt og raunin er með skuldabréf sem færð eru á gangvirði. Aðrir eignaflokkar eru samanburðarhæfir og er árangur helstu eignaflokka ársins 2020 eftirfarandi:

Eignaflokkur	Viðmiðunarvísitala	Ávöxtun sameignardeildar	Ávöxtun viðmiðunarvísitölu
4. Innlend hlutabréf	OMX Iceland all-share GI	21,9%	25,9%
Þar af skráð hlutabréf	OMX Iceland all-share GI	25,7%	25,9%
6. Erlend hlutabréf	MSCI Daily Total Return Net World í ISK	22,9%	21,8%
Þar af skráð hlutabréf og hlutabréfasjóðir	MSCI Daily Total Return Net World í ISK	23,9%	21,8%


Eins og fram kemur í skýringu 10 í ársreikningi á bls. 99 er munurinn á gangvirði og kaupávöxtunarkröfu þeirra skuldabréfa, sem nú eru færð á kaupávöxtunarkröfu, um 33,0 milljarðar króna í árslok 2020 samanborið við 31,7 milljarða króna í árslok 2019. Fjármunatekjur ársins hefðu því verið 1,3 milljarði hærri en ársreikningur segir til um, væru skuldabréfin færð á gangvirði, og hrein raunávöxtun hefði verið 11,0% í stað 10,8% eins og fram kemur í skýringu 24 í ársreikningi á bls. 119.

Raunávöxtun	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Hrein raunávöxtun	10,8%	15,6%	1,0%	5,7%	-1,2%	10,2%	8,7%	6,3%	8,5%	2,8%
Fimm ára meðalávöxtun	6,2%	6,1%	4,8%	5,9%	6,4%	7,3%	5,9%	4,4%	-2,4%	-3,8%
Tíu ára meðalávöxtun	6,7%	6,0%	4,6%	1,7%	1,2%	2,5%	3,1%	3,4%	3,9%	2,8%
Tuttugu ára meðalávöxtun	4,5%	4,1%	3,9%	4,2%	4,4%	4,9%	4,7%	4,6%	4,6%	4,5%
Þrjátíu ára meðalávöxtun	5,4%	5,2%	4,9%	5,0%	4,9%	5,1%	4,9%	4,7%	4,2%	4,0%

Langtíma raunávöxtun

Lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir sem gefur honum tækifæri til að horfa til langs tíma við val á fjárfestingakostum. Reynslan hefur sýnt að á löngum tíma er þeim umbunað með hærri langtímaávöxtun sem eru tilbúnir að taka á sig verðsveiflur.

Raunávöxtun síðustu 20 ára



Lífeyrir

Með aðild að Lífeyrissjóði verzlunarmanna ávinna sjóðfélagar sér rétt til ævilangs lífeyris við starfslok. Auk þess njóta þeir réttar til örorkulífeyris ef orkutap verður meira en 50%. Þá á maki rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga og börn hans rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfall sjóðfélaga.

Þróun fjölda lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna

Lífeyrisþegar voru 20.408 í árslok 2020 og fjölgaði þeim á árinu um 7,3%. Á liðnu ári hófu 1.580 sjóðfélagar töku ellilífeyris samanborið við 1.681 árið áður. Þar af voru 624 eða 39% lífeyrisþega sem hófu töku lífeyris við 67 ára aldur. Lífeyrir sameignardeildar í hlutfalli af iðgjöldum nam 53,6% á árinu 2020 samanborið við 46,8% árið áður.

Á síðasta ári voru lífeyrisþegar ríflega tvöfalt fleiri en þeir voru árið 2010, einum áratug áður. Í lok árs 2010 voru lífeyrisþegar 10.024, í lok 2020 voru þeir 20.408. Á þessu tímabili hefur lífeyrisþegum fjölgað að meðaltali um 7,4% á ári og lífeyrisgreiðslur hækkað að meðaltali um 10,9% á ári.

Lífeyrisgreiðslur úr sameignardeild námu 17.912 milljónum króna og hækkuðu um 11,7% milli ára.

Fjöldi lífeyrisþega

	2020	2019	Breyting %
Ellilífeyrir	13.721	12.786	7,3
Örorkulífeyrir	4.442	4.068	9,2
Makalífeyrir	1.661	1.621	2,5
Barnalífeyrir	584	536	9,0
Samtals	20.408	19.011	7,3

Lífeyrisgreiðslur

í milljónum króna


	2020	2019	Breyting %
Ellilífeyrir	13.433	12.091	11,1
Örorkulífeyrir	3.435	2.974	15,5
Makalífeyrir	899	848	6,0
Barnalífeyrir	145	126	15,1
Samtals	17.912	16.039	11,7

Skipting lífeyrisgreiðslna


	2020	2019
Ellilífeyrir	75,0%	75,4%
Örorkulífeyrir	19,2%	18,5%
Makalífeyrir	5,0%	5,3%
Barnalífeyrir	0,8%	0,8%

Lífeyrisgreiðslur 2011-2020

í milljónum króna



Fjöldi lífeyrisþega 2011-2020



Iðgjöld til sameignardeildar

Iðgjaldagreiðslur til sameignardeildar námu 33.458 milljónum króna samanborið við 34.450 milljónir árið 2019 sem er lækkun um 2,9%. Á árinu greiddu alls 47.972 sjóðfélagar iðgjald til sjóðsins. Þar af voru 35.697 sjóðfélagar sem að jafnaði greiddu iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Samtals greiddu 9.024 launagreiðendur iðgjöld vegna starfsmanna sinna á liðnu ári.


Samkvæmt samkomulagi ASÍ og SA frá 2016 er mótframlag launagreiðenda 11,5% til viðbótar við 4% framlag launþega. Þar er jafnframt kveðið á um að hver og einn sjóðfélagi geti valið um hvort allt að 3,5 prósentustig af iðgjaldinu fari í sameignardeild eða í séreignarsjóð sem tilgreind séreign.

Iðgjöld og fjöldi greiðenda


	2020	2019	Breyting %
Iðgjöld í milljónum	33.458	34.450	-2,9
Meðalfjöldi sjóðfélaga	35.697	36.503	-2,2
Heildarfjöldi sjóðfélaga	47.972	50.605	-5,2
Fjöldi launagreiðenda	9.024	8.954	7,8

Iðgjöld 2011–2020

í milljónum króna



Fjöldi greiðandi sjóðfélaga 2011–2020



Aðild að sjóðnum

Öllum launþegum og þeim sem stunda atvinnurekstur er skylt samkvæmt lögum að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs frá og með 16 ára til 70 ára aldurs. Launþegar sem eru félagar í VR eiga aðild að sjóðnum. Aðild eiga jafnframt félagar í öðrum samtökum verzlunarmanna og þeir sem byggja starfskjör sín á kjarasamningi VR eða starfa á starfssviði sjóðsins. Ennfremur er þeim launþegum rétt og skylt að eiga aðild að sjóðnum sem byggja starfskjör sín á kjarasamningi VR og eiga ekki skylduaðild að öðrum lífeyrissjóði. Sjálfstæðum atvinnurekendum og sjálfstætt starfandi einstaklingum er heimil aðild að sjóðnum.

Aldursskipting greiðandi sjóðfélaga

Aldur	2020	2019	2018	2017	2016
16 – 19	10,3%	11,3%	11,8%	12,0%	12,0%
20 – 29	26,9%	28,2%	28,7%	28,9%	28,4%
30 – 39	20,9%	20,3%	20,1%	19,8%	20,0%
40 – 49	18,4%	17,6%	17,2%	17,3%	17,4%
50 – 59	14,3%	13,8%	13,8%	13,9%	14,1%
60 – 69	9,2%	8,8%	8,4%	8,1%	8,1%

Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga á árinu 2020 var 37 ár og um 37% þeirra voru yngri en 30 ára.

Skipting iðgjalda eftir aldri

Aldur	2020	2019	2018	2017	2016
16 – 19	2,3%	2,5%	2,7%	2,6%	2,6%
20 – 29	16,7%	17,8%	17,8%	17,6%	16,5%
30 – 39	22,3%	22,4%	22,6%	22,5%	23,0%
40 – 49	26,5%	25,9%	25,7%	26,1%	26,4%
50 – 59	20,7%	20,3%	20,5%	20,6%	21,0%
60 – 69	11,5%	11,1%	10,7%	10,6%	10,5%

Skipting iðgjalda vegna ársins 2020 eftir aldri sýnir að um helmingur iðgjaldanna, eða 49%, er vegna sjóðfélaga á aldrinum 30 til 49 ára.



Tryggingafræðileg staða

Tryggingastærðfræðingur gerir árlega tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Niðurstöðurnar eru yfirfarnar af stjórn og kynntar á ársfundum. Gerð er grein fyrir megin niðurstöðum athugunarinnar á yfirliti um tryggingafræðilega stöðu sameignardeildar í ársreikningi á bls. 87 og nánar í skýringu 16 í ársreikningi á bls. 103.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins er Vigfús Ásgeirsson hjá Talnakönnun hf. Hann er ráðinn af stjórn og hefur hlotið viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins.

Hvað felst í tryggingafræðilegri athugun

Í tryggingafræðilegri athugun er metið hvort jafnvægi sé á heildareignum og heildarskuldbindingum lífeyrissjóðsins. Þannig er annars vegar lagt mat á hreina eign sjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt reiknuðu núvirði áætlaðra framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga og hins vegar núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og áætlaðra framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga. Ef mismunur á heildareignum og heildarskuldbindingum reynist meiri en 10% skal gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munurinn er umfram 5% fimm ár í röð.

Við núvirðisútreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda er reglum samkvæmt notuð 3,5% vaxta- viðmiðun umfram vísitölu neysluverðs.

Ítarlegar reglur um tryggingafræðilega úttekt eru í lögum nr. 129/1997, m.a. í 24. og 39. gr., reglugerð nr. 391/1998, samþykktum sjóðsins og leiðbeinandi reglum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana.

Staða sjóðsins

Tryggingafræðileg staða sameignadeildar er nú 10,9% umfram heildarskuldbindingar samanborið við 8,6% árið 2019. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er sterk og rennir styrkum stöðum undir lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Réttindin byggja á lögum og réttinda- ákvæðum samþykpta sjóðsins, núverandi eignasafni, framtíðariðgjöldum og væntri framtíðarávöxtun. Sá lífeyrir sem sjóðfélagar vænta getur orðið lægri eða hærrí eftir því hvernig til tekst að ávaxta eignir sjóðsins til framtíðar. Þá hafa ýmsir lýðfræðilegir þættir áhrif á getu sjóðsins til að greiða lífeyri þar sem sjóðurinn er sameignarsjóður sem veitir rétt til ævilangs lífeyris, auk tímabundins örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris. Þróun ævilengdar sjóðfélaga og tíðni örorku eru meðal helstu lýðfræðilegu áhættuþátta sem hafa áhrif á fjárhæð lífeyris sjóðfélaga. Einnig hafa þættir eins og hjúskaparstaða og barneignatíðni áhrif.


Þróun ævilengdar

Þróun ævilengdar íslensku þjóðarinnar hefur verið til umræðu í tengslum við lífeyrisréttindi. Eins og fram hefur komið í þeirri umræðu lifa landsmenn nú almennt lengur en áður og er gert ráð fyrir að sú þróun haldi áfram.

Fjallað er um þróun mannfjölda og lífaldurs í mannfjöldaspá Hagstofu Íslands fyrir árin 2020 til 2069. Mynd 1 hér að neðan, sem birt er í mannfjöldaspánni, sýnir hvers að vænta gangi spáin eftir. Breytingum á kyn- og aldurssamsetningu mannfjöldans er gjarnan lýst með svokölluðum aldursþýramída. Hann sýnir fjölda karla og kvenna í hverjum árgangi. Því er spáð að það fjölgi í meirihluta aldurshópa á milli árunna 2020 og 2069, þó einkum í elstu aldurshópnum.

Í mannfjöldaspá Hagstofunnar er m.a. fjallað um það með hvaða hætti hækkandi lífaldur kemur misjafn-


Aldursþýramídi þjóðarinnar



Mynd 1: Myndin er tekin úr mannfjöldaspá Hagstofu Íslands og sýnir aldursþýramída þjóðarinnar árið 2020 m.v. miðspá Hagstofunnar fyrir árið 2069.

lega fram eftir aldurshópum. Eins og fram kemur á mynd 2, er gert ráð fyrir því að árið 2039 verði hlutfall 65 ára og eldri yfir 20% mannfjöldans og árið 2060 yfir 25%. Það er nú 14,4%. Því er einnig spáð að hlutfall 85 ára og eldri, sem nú er um 2%, byrji að hækka árið 2026. Fram til ársins 2043 er gert ráð fyrir að það hlutfall tvöfaldist og nái 5,4% árið 2069.

Hlutfall 65 og 85 ára og eldri af mannfjölda



Mynd 2: Myndin er tekin úr mannfjöldaspá Hagstofu Íslands og sýnir hlutfall fólks yfir 65 og 85 ára af mannfjöldanum á hverju ári frá 2020 til 2069 m.v. miðspá Hagstofunnar.


Viðbúið er að lífeyrissjóðir þurfi að taka tillit til lífaldursþróunar undanfarinna ára sem og væntinga um áframhaldandi hækkun lífaldurs þjóðarinnar. Lengri lífaldur leiðir til þess að sjóðfélagar fá greiddan lífeyri í lengri tíma en áður var gert ráð fyrir. Því er óhjákvæmilegt að mánaðarlegur lífeyrir lækki ef ekkert annað kemur til. Rætt hefur verið um viðbrögð við þróuninni meðal aðila vinnumarkaðarins, á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða og Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Ýmsar leiðir eru til skoðunar sem vænta má að verði í deiglunni næstu misseri.

Aldurssamsetning sjóðfélaga og þjóðarinnar

Fróðlegt er að skoða þróun aldurssamsetningar sjóðfélaga annars vegar og þjóðarinnar hins vegar yfir nokkurt árabíl. Myndir 3-6 sýna þróun aldurssamsetningar á hverju fimmtán ára tímabili frá 1955/6 til 2020.


Af myndunum má ráða að sjóðfélögum hefur fjölgað hratt undanfarna áratugi, þó heldur meira í eldri aldurshópum frá árinu 2000. Þá sýna myndirnar að sjóðfélagar eru að meðaltali yngri en nemur meðalaldri landsmanna almennt.

Hlutfallsleg skipting sjóðfélaga eftir aldri




Mynd 3: Þróun hlutfallslegrar skiptingar sjóðfélaga eftir aldri (20 ára og eldri). Hlutfall sjóðfélaga í yngsta aldurshópnum var nokkuð jafnt fram til 1985 en fór lækkandi eftir það. Það má glöggjt sjá að frá árinu 2000 fjölgar umtalsvert í hópi þeirra sem eru 51 árs og eldri. Hlutfall þeirra sem eru 66 ára og eldri er 12,2% árið 2020 samanborið við 5,6% árið 2000. Miðað við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands má gera ráð fyrir áframhaldandi vexti í þessum aldurshópi næstu árin.

Fjöldi sjóðfélaga í hverjum aldurshópi




Mynd 4: Fjölgun sjóðfélaga eftir aldurshópum undanfarna áratugi (20 ára og eldri). Fjölgað hefur í öllum aldurshópum, þó meira í eldri aldurshópnum sem er í takt við aldursspróun þjóðarinnar.

Hlutfallsleg skipting þjóðarinnar eftir aldri



Mynd 5: Þróun hlutfallslegrar skiptingar þjóðarinnar eftir aldri (20 ára og eldri). Glöggst kemur fram að hlutfall eldri aldurshópa er að vaxa á sama tíma og hlutfall yngri aldurshópa fer lækkandi. Miðað við fyrirliggjandi spár um þróun mannfjölda og lífaldurs eru vísendingar um að fjölga muni hraðar í hópi lífeyrisþega (67 ára og eldri) á næstu árum.

Þjóðin – fjöldi í hverjum aldurshópi



Mynd 6: Fjölgun þjóðarinnar eftir aldurshópum undanfarna áratugi (20 ára og eldri). Fjölgað hefur í öllum aldurshópum. Fjölgun í eldri aldurshópunum hefur verið hlutfallslega meiri frá árinu 2000.

Yfirlit yfir þróun einstakra þátta í tryggingafræðilegri stöðu

í milljónum króna

Áfallin staða

	2020	2019	2018	2017	2016
Eignir	907,2	806,9	680,6	636,1	584,6
Skuldbindingar	771,6	705,5	634,6	578,8	536,4
Eignir – skuldbindingar	135,6	101,4	46,0	57,3	48,2
% af skuldbindingum	17,6%	14,4%	7,3%	9,9%	9,0%

Áfallin skuldbinding er samtala þeirra lífeyrisréttinda sem núverandi sjóðfélagar og lífeyrisþegar hafa áunnið sér.

Framtíðarstaða

	2020	2019	2018	2017	2016
Eignir	527,1	543,9	517,8	451,5	383,2
Skuldbindingar	522,1	538,1	502,8	443,1	392,8
Eignir – skuldbindingar	5,0	5,8	15,0	8,4	-9,6
% af skuldbindingum	1,0%	1,1%	3,0%	1,9%	-2,4%

Framtíðarskuldbinding er samtala skuldbindinga vegna réttinda sem núverandi sjóðfélagar munu ávinna sér með áframhaldandi greiðslum iðgjalda til sjóðsins.

Heildarstaða

	2020	2019	2018	2017	2016
Eignir	1.434,4	1.350,8	1.198,4	1.087,6	967,8
Skuldbindingar	1.293,7	1.243,6	1.137,4	1.021,9	929,2
Eignir – skuldbindingar	140,7	107,2	61,0	65,7	38,6
% af skuldbindingum	10,9%	8,6%	5,4%	6,4%	4,2%


Heildarskuldbinding er samtala áfallinna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga.

Heildarstaða í árslok

Töflurnar á bls. 10 sýna að áfallin staða sjóðsins í árslok 2020 var jákvæð um 17,6% og framtíðarstaðan var jákvæð um 1,0%. Þannig eru heildareignir sjóðsins 10,9% umfram heildarskuldbindingar samanborið við 8,6% í árslok 2019. Á mynd um þróun tryggingafræðilegrar stöðu undanfarin fimm ár sést að tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur styrkst. Breytingar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins á milli ára eru tilkomnar m.a. vegna sveiflna í ávöxtun eigna sjóðsins og vegna lýðfræðilegra breytinga, aðallega vegna aukinnar ævilengdar sjóðfélaga. Eftirlifendatöflur, sem notaðar eru við tryggingafræðilega athugun, eru endurskoðaðar á nokkurra ára fresti miðað við ný gögn á hverjum tíma. Sagan segir okkur að lífaldur þjóðarinnar er að hækka. Það hefur áhrif til lækkunar á tryggingafræðilegri stöðu þar sem sjóðfélagar fá að jafnaði greiddan lífeyri í lengri tíma en áður. Eftirlifendatöflur sem lagðar eru til grundvallar tryggingafræðilegri athugun ársins 2020 byggja á gögnum árána 2014 til 2018 eins og árið 2019.

Fyrir liggur að ævilengd íslensku þjóðarinnar hefur verið að lengjast um langt árabil og ætla má að sú þróun haldi áfram. Þetta þýðir að sjóðfélagar lifa að jafnaði lengur og munu því fá ævilangan lífeyri frá lífeyrissjóðnum í lengri tíma en áður. Þar sem tryggingafræðileg staða er yfir 10% bíður það stjórnar sjóðsins að taka til skoðunar breytingar á forsendum réttinda sameignardeildar. Þessi sterka staða gerir

Þróun tryggingafræðilegrar stöðu



Mynd 7: Þróun tryggingafræðilegrar stöðu.

sjóðinn betur í stakk búinn til að mæta þeim áskorunum sem leiða af hækkandi meðalævi sjóðfélaga. Gera má ráð fyrir að spár um auknar lífslíkur í framtíðinni verði lagðar til grundvallar tryggingafræðilegri athugun vegna ársins 2021. Þessi mál verða áfram til skoðunar af hálfu stjórnar sjóðsins, stjórnenda hans og starfsmanna, stjórnvalda, tryggingastærðfræðinga og aðildarsamtaka lífeyrissjóðsins.



Innlend hlutabréf

Heildarvísitala íslenskra hlutabréfa (OMXIGI) hækkaði um 25,9% á árinu 2020. Vísitalan segir til um ávöxtun þeirra hlutafélaga sem skráð eru á Aðallista kauphallarinnar í árslok 2020 að teknu tilliti til arðs. Árið var heilt yfir gott hjá flestum félögum þar sem sautján þeirra skiluðu jákvæðri ávöxtun, eitt félag stóð í stað og eitt skilaði neikvæðri ávöxtun.

Velta með hlutabréf á Aðallista kauphallarinnar nam 602 milljörðum króna eða 2,4 milljörðum að meðaltali hvern dag sem er svipuð velta og fyrra ár. Markaðsverðmæti skráðra hlutabréfa í árslok var um 1.563 milljarður, sem er 24% hækkun á árinu, en engar nýskráningar voru á árinu.

Óvenjumiklar sveiflur voru á hlutabréfamörkuðum á árinu 2020 sökum heimsfaraldurs Covid-19, en heilt yfir voru helstu áhrif á félög tengd ferðapjónustu. Aðgerðir stjórnvalda og lækkun vaxta studdi þó við fyrirtæki, en lágvaxtaumhverfi styður við verð hlutabréfa. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands jukust fjárfestingar í innlendum hlutabréfasjóðum á árinu. Tilkynnt hefur verið um að innlend skráð hlutafélög verði að meginstefnu til gjaldgeng í vísitölur MSCI (alþjóðlegar vísitölur) á miðju ári 2021. Það mun að öðru jöfnu styrkja verðmyndun hlutabréfa viðkomandi félaga og efla viðskipti með innlend skráð hlutabréf.

Nánari upptalningu á eign sjóðsins í einstökum hlutafélögum má sjá í skýringu 9 í ársreikningi á bls. 96 til 97.

Hlutabréfaviðskipti og ávöxtun

Vægi innlendra hlutabréfa í eignasafni sjóðsins í árslok 2020 nam 16,7% samanborið við 15,7% í árslok 2019. Aukið vægi milli ára skýrist einna helst af hækkandi gengi innlendra hlutabréfa. Heildararðgreiðslur af innlendum hlutabréfum námu um 1,8 milljörðum á árinu.

Á árinu 2020 var nafnávöxtun innlendra hlutabréfa LV 21,9% sem samsvarar 17,8% raunávöxtun. Þar af nam nafnávöxtun skráðra hlutabréfa 25,7% sem samsvarar 21,4% raunávöxtun.

Innlend hlutabréfaeign í árslok

	2020	2019
Eign í milljónum króna	167.926	135.290
Hlutfall af eign	16,7%	15,7%

Fimm stærstu eignir lífeyrissjóðsins í skráðum innlendum hlutafélögum

í milljónum króna

Félag	Fjárhæð
Marel	44.519
Arion banki hf.	12.260
Brim hf.	10.501
Síminn hf.	9.012
Hagar hf.	7.898

Fjárfesting í innlendum framtakssjóðum, þar með talið sprotasjóðum


Á undanförunum árum hefur sjóðurinn skuldbundið sig til þátttöku í innlendum framtakssjóðum og nemur eignarhlutur sjóðsins í slíkum sjóðum á bilinu 9 til 20%. Megintilgangur framtakssjóða er að fjárfesta í íslensku atvinnulífi og horfa þeir ýmist til sprotafyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða stærri fyrirtækja er stefna á skráningu í Kauphöll Íslands. Um nýliðin áramót námu ógreiddar áskriftarskuldbindingar sjóðsins til innlendra áskriftarsjóða um 5,9 milljörðum króna.

Upptalning á innlendum framtakssjóðum er í skýringu 9 í ársreikningi á bls. 96.

Ávöxtun heildarvísitölu innlendra skráðra hlutabréfa (OMXIGI) á árinu 2020, með aðri



Markaðsvirði hlutafélaga á NASDAQ Ísland í milljörðum króna í árslok 2020



Innlend skuldabréf

Innlend skuldabréfaeign sjóðsins, að skuldabréfa-sjóðum og sjóðfélagalánum meðtöldum, nam 393 milljörðum króna í árslok 2020 samanborið við 379 milljarða árið áður. Innlend skuldabréf eru um 39% af eignum sjóðsins samanborið við 44% hlutfall í árslok 2019. Lífeyrissjóðurinn hefur um langt árabil fjárfest í innlendum skuldabréfum og vega þar þyngst skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs ásamt veðskulda-bréfum og öðrum fasteignatengdum verðbréfum.


Veitt voru ný sjóðfélagalán á árinu fyrir 28,7 milljarða króna en hrein útlán voru neikvæð um 24,6 milljarða króna. Hlutfall sjóðfélagalána af innlendu skulda-bréfasafni nemur 24% í árslok 2020 samanborið við 32% í árslok 2019.

Hagvaxtar- og verðlagsþróun

COVID-19 heimsfaraldurinn og aðgerðir stjórnvalda til að hemja útbreiðslu farsóttarinnar hafa haft mikil áhrif á heimsbúskapinn og þar er Ísland engin undan-tekning. Í Peningamálum Seðlabanka Íslands, sem gefin voru út í febrúar 2021, er áætlað að útflutningur vöru og þjónustu hafi dregist saman um líðlega 30% á árinu 2020 og að samdráttur landsframleiðslu hafi numið 7,7%. Þá er spáð 2,5% hagvexti á árinu 2021.

Verðbólga jókst jafnt og þétt yfir árið og er veiking krónunnar talin helsta ástæða þess auk hækkana á fasteignamarkaði. Verðbólga ársins var 3,6%. Þrátt fyrir það hafa verðbólguvæntingar haldist tiltölulega stöðugar. Seðlabankinn spáir því að verðbólgan muni hjaðna hratt á næstunni vegna dvínandi áhrifa gengis-lækkunar íslensku krónunnar gagnvart erlendri mynt til viðbótar við töluverðan slaka í þjóðarbúinu.


Skuldabréfasafn í árslok 2020



Skuldabréfasafn í árslok 2020. Myndin sýnir flokkun innlendra skuldabréfa sjóðsins. Ríkistrygð skuldabréf eru nú um 43% af skuldabréfaeign sjóðsins og sjóðfélagalán 24%.

Skráð almennt atvinnuleysi mældist tæplega 11% í desember og hafði aukist um 6,4 prósentur frá sama tíma árið áður. Krónan veiktist um 11,6% á árinu 2020 samkvæmt gengisvísitölunni, þar af var 5,0% veiking gagnvart bandaríkjadollar og 14,9% gagnvart evru.

Verðbólga




Myndin sýnir þróun á verðbólgu milli ára (línurit) og mánaðar (súlurit)

Vaxtaþróun

Seðlabankinn lækkaði vexti fimm sinnum á árinu til að bregðast við áfallinu í kjölfar faraldursins, samtals um 2,25 prósentustig úr 3,0% í 0,75%. Þá tilkynnti Seðlabankinn í seinni hluta mars að hann hyggðist hefja kaup á skuldabréfum ríkissjóðs á eftirmarkaði fyrir allt að 150 ma.kr. en nýtti eingöngu 7,6 ma.kr. af þeirri heimild á árinu 2020. Aðrar aðgerðir sem Seðlabankinn hefur gripið til vegna faraldursins eru meðal annars að lækka bindiskyldu innlánsstofnana, afnema sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki og dregið úr framboði bundinna innlána.

Ávöxtunarkrafa á skuldabréfamarkaði lækkaði nokkuð á árinu samhliða stýrivaxtalækkunum og var ávöxtun á skuldabréfamarkaði því ágæt, en aðalvísitala kauphallarinnar fyrir skuldabréf hækkaði um 6,1%. Ávöxtunarkrafa styttri skuldabréfa lækkaði talsvert meira heldur en lengri skuldabréfa og hefur halli vaxtaferilsins því aukist verulega. Munur á ávöxtunarkröfu á óverðtryggðu ríkisbréfi með lokagjalddaga 2031 annars vegar og lokagjalddaga 2021 hins vegar var 0,4 prósentur í árslok 2019 en hafði hækkað í 2,1 prósentur í árslok 2020.

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisskuldabréfa á árinu 2020



Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa á árinu 2020



Erlend verðbréf

Í árslok 2020 nam erlend verðbréfaeign sameignardeildar auk erlends lausafjár um 427 milljörðum króna samanborið við 337 milljarða í árslok 2019. Erlend verðbréfaeign er um 43% af heildareignum og hefur vaxið undanfarin ár í tengslum við aukna áherslu á áhættudreifingu í eignasafninu.

Stærsti hluti erlenda eignsafnsins er ávaxtaður í skráðum erlendum hlutabréfum, ýmist í sérgreindum söfnum (77 milljarðar króna) eða hlutabréfasjóðum (um 239 milljarðar) auk þess sem sjóðurinn á eignarhlut í Össuri hf. sem er skráð í dönsku kauphöllinni.

Rúmlega 33 milljarðar eru ávaxtaðir í framtaks-sjóðum (e. private equity) en slíkir sjóðir sérhæfa sig í fjárfestingu í óskráðum fyrirtækjum með það að markmiði að bæta rekstur og þar með virði þeirra. Þá á sjóðurinn einnig hlut í óskráðum innviða- og fasteignasjóðum fyrir tæplega 10 milljarða króna.

Heimsvísitala Morgan Stanley, sem mælir breytingu hlutabréfaverðs á þróuðum mörkuðum, hækkaði um 15,9% í USD á árinu 2020. Mælt í krónum hækkaði vísitalan hins vegar um 21,8%

Sé horft til einstakra hlutabréfamarkaða hækkuðu hlutabréf í Bandaríkjunum (MSCI USA) um 19,2% mælt í USD, en um 25,2% mælt í krónum. Hlutabréf í Evrópu (MSCI Europe) lækkaði um 5,4% mælt í EUR, en hækkaði um 8,7% mælt í krónum, og hlutabréf nýmarkaðsríkja (MSCI Emerging Markets) um 15,8% mælt í USD, en um 21,6% mælt í krónum. Framan- greindar vísitölur segja til um ávöxtun að teknu tilliti til arðs.

Á árinu 2020 skiluðu erlend hlutabréf 22,9% ávöxtun í ISK samanborið við 21,8% ávöxtun viðmiðunarvísitölnnar.

Gengi krónunnar veiktist um 11,6% á árinu 2020 en breyting gagnvart einstökum gjaldmiðlum var nokkuð misjöfn Þannig veiktist krónan gagnvart USD um 5%, um 15% gagnvart EUR en 9% gagnvart GBP.

Erlend verðbréfaeign ásamt erlendu lausu fé í árslok 2020

	2020	2019	2018	2017	2016	2015
Eign í milljónum króna	427.579	336.797	244.946	218.146	158.920	152.914
Hlutfall af eignum	43%	40%	35%	33%	26%	26%

Áhættudreifing

Sjóðurinn hefur frá árinu 1994 fjárfest á erlendum verðbréfamörkuðum í því skyni að dreifa áhættu í eignasafni. Fjárfestingar sjóðsins hafa frá þeim tíma skilað góðri ávöxtun þó vissulega séu sveiflur á hlutabréfamörkuðum erlendis sem hertlendis. Fjárfestingar í erlendum verðbréfum eru hugsaðar til langs tíma. Nánari sundurlitun á erlendri verðbréfaeign í árslok má sjá í skýringu 9 í ársreikningi á bls. 98 til 99.




Þróun heimsvísitölu MSCI á árinu 2020



Verðþróun heimsvísitölu MSCI 2020 í USD, með arði.

Verðþróun á hlutabréfamörkuðum á árinu 2020




Ávöxtun á erlendum hlutabréfamörkuðum á árinu 2020 í grunnmynt, með arði.

Eignasafn

Hrein eign nam 1.013 milljörðum króna í árslok 2020 samanborið við 868 milljarða króna í árslok 2019. Aukning eigna nemur 145 milljörðum króna sem samsvarar 17% vexti á árinu. Helsta skýringin er fjármunatekjur sjóðsins sem námu 130 milljörðum króna.


Eins og fram kemur á mynd hér að neðan var aukning í erlendum eignum á árinu, en vægi þeirra jókst úr 39,9% í árslok 2019 og í 43,0% í árslok 2020. Sé einungis horft á verðbréfaeign nemur hlutfall erlendra eigna 43,5% sbr. skýringu 12 í ársreikningi á bls. 102. Aukningin kemur meðal annars til af hækkun erlendra hlutabréfa á árinu auk þess sem hrein gjald-eyriskaup námu um 16 milljörðum króna. Aukið vægi erlendra eigna er í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins sem leggur áherslu á áhættudreifingu eignsafns meðal annars með fjárfestingum erlendis.

Samanburður á eignasafni sameignardeildar LV í árslok 2019 og 2020



Vægi hlutabréfa nemur um 55% í árslok 2020 en hlutfallið hefur hækkað undanfarin ár bæði vegna fjárfestinga í hlutabréfum sem og hækkunar hlutabréfamarkaða, einkum erlendra. Búast má við að vægi erlendra skuldabréfa aukist á árinu 2021.

Hrein eign í lok árs (ma. kr.)



Verðbréfavíðskipti og lánveitingar

LV ráðstafaði ríflega 170 milljörðum króna til verðbréfakaupa og sjóðfélagalána á árinu 2020 samanborið við 116 milljarða á árinu 2019. Seld voru verðbréf fyrir 61 milljarð samanborið við 40 milljarða á árinu 2019.

Á árinu 2020 var sem fyrr lögð áhersla á aukna áhættudreifingu og var í því skyni m.a. keyptur gjald-eyrir fyrir um 16 milljarða króna sem fjárfest var í erlendum peningamarkaðssjóðum. Einnig var lögð áhersla á áhættudreifingu innan eignaflokka, m.a. með fjárfestingu í sértrygðum skuldabréfum fyrir um 22 milljarða og ríkisskuldabréfum fyrir um 17 milljarða.

Um 3 milljörðum króna var ráðstafað til innlendra hlutabréfa umfram sölu á árinu 2020. Þar vó þyngst aukinn eignarhlutur sjóðsins í Arion banka hf.



Séreignarsparnaður

Í árslok 2020 var séreignarsparnaður LV ávaxtaður í fjórum fjárfestingarleiðum. Ævileiðir I, II og III eru fyrir samninga sem stofnað var til frá og með 1. júlí 2017 og Verðbréfaeið er fyrir samninga sem stofnað var til fyrir 1. júlí 2017. Ævileiðirnar bjóða upp á sveigjanlegra val milli fjárfestingarleiða með tilliti til áhættu og væntrar ávöxtunar sem og sjálfvirkan flutning milli leiða eftir aldri.

Flutningur milli fjárfestingarleiða

Hægt er að flytja sparnað úr Verðbréfaeið yfir í Ævileiðirnar. Einnig er hægt að flytja sparnað milli Ævileiða.

Lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild námu alls 1.002 milljónum króna en voru 684 milljónir árið 2019. Þar af námu greiðslur vegna tímabundinnar heimildar til ráðstöfunar hluta af séreignariðgjöldum inn á höfuðstól íbúðalána 352 milljónum til 958 sjóðfélaga samanborið við 317 milljónir til 944 sjóðfélaga árið 2019. Þá námu greiðslur vegna Covid-19 369 milljónum til 573 sjóðfélaga.

Inneignir og iðgjöld

Inneignir séreignardeilda námu 21.688 milljónum í árslok 2020 en voru 18.060 milljónir árið áður. Alls áttu 49.887 sjóðfélagar inneignir samanborið við 47.350 í árslok 2019. Iðgjöld til séreignardeilda námu 2.100 milljónum á árinu 2020 samanborið við 2.030 milljónir árið 2019.

Ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á lán

Þeir sem greiða í séreignarsjóð geta nýtt inneign sína skattfrjálst upp að ákveðinni fjárhæð til greiðslu inn á höfuðstól lána sem tekin eru vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Heimildin tók upphaflega gildi 1. júlí 2014, en hefur nú verið framlengd til 30. júní 2021.

Þeir sem ekki búa í eigin húsnæði en afla sér þess fyrir 30. júní 2021 eiga rétt á að nota séreignarsparnaðinn skattfrjálst sem myndast hefur á sama tímabili og að ofan greinir til kaupa á íbúðarhúsnæði.

Lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð

Með lögnum eru sett á fót húsnæðissparnaðarúr-ræði sem tóku gildi 1. júlí 2017. Þeim sem eru að kaupa/byggja sér íbúðarhúsnæði í fyrsta skipti er heimilt annars vegar að nýta uppsafnaðan séreignarsparnað frá júlí 2014 til útborgunar á fyrstu íbúðarkaupum og hins vegar að nýta greidd iðgjöld mánaðarlega inn á lán. Ákveðið hámark er á árlegri fjárhæð og getur úttektartímabilið, annað hvort með útborgun og/eða greiðslu inn á lán, staðið samtals í tíu ár samfellt.

Séreignardeild

í milljónum króna

	2020	2019	Breyting %
Iðgjöld	2.100	2.030	3
Lífeyrisgreiðslur	1.002	684	46
Inneignir í árslok	21.688	18.060	20
Fjöldi með inneignir	49.887	47.350	5

Um Verðbréfaeið

Fjárfestingarstefna Verðbréfaeiðar endurspeglar af fjárfestingarstefnu sameignardeildar lífeyrissjóðsins.

Hrein ávöxtun Verðbréfaeiðar á árinu 2020 var 14,7% sem svarar til 10,8% raunávöxtunar. Meðalraunávöxtun síðustu fimm ára er 6,2% og síðustu tíu ára 6,7%.

Um Ævileiðirnar

Fjárfestingarstefna Ævileiða byggir á eignaflokkum sem gera má ráð fyrir að hafi mismikla vænta ávöxtun og áhættu. Til að draga úr áhættu og sveiflum í ávöxtun eignasafna eru þau blönduð og vel dreifð milli eignaflokka. Markmið með mismunandi eignasamsetningu milli Ævileiðanna er að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga, svo sem eftir aldri og áhættuþoli. Við val á fjárfestingarleið er því meðal annars ráðlagt að huga að því hve langt er í útgreiðslu, hver eignastaða sjóðfélagans er og hvert viðhorf sé til áhættu. Ólíkum fjárfestingarstefnum Ævileiða er ætlað að endurspegla þessa þætti, þar sem dregið er úr áhættu eftir því sem nær dregur úttekt sparnaðarins.

Eignasamsetning Ævileiða í árslok 2020


í milljónum króna

	Ævileið I		Ævileið II		Ævileið III	
	2020	%	2020	%	2020	%
1. Ríkisskuldabréf	152	8,1%	341	21,8%	664	47,8%
2. Veðskuldabréf og fasteignatengd verðbréf	457	24,5%	550	35,1%	448	32,3%
3. Önnur skuldabréf	271	14,5%	228	14,5%	-	-
4. Innlend hlutabréf	382	20,5%	163	10,4%	-	-
5. Innlent laust fé	59	3,2%	51	3,3%	277	19,9%
6. Erlend hlutabréf	544	29,2%	234	14,9%	-	-
7. Aðrar erlendar eignir	0	0,0%	0	0,0%	-	-
Samtals	1.865	100,0%	1.567	100,0%	1.389	100,0%

Ávöxtun Ævileiða:

Ævileið I skilaði 15,4% nafnávöxtun á árinu 2020 (11,5% raunávöxtun), Ævileið II skilaði 11,6% nafnávöxtun (7,8% raunávöxtun) og Ævileið III skilaði 5,4% nafnávöxtun (1,8% raunávöxtun). Uppsöfnuð ávöxtun Ævileiða frá stofnun má sjá á eftirfarandi mynd.

Gengisþróun Ævileiða frá stofnun



Lán til sjóðfélaga

Allt frá stofnun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 1956 hafa lánveitingar til sjóðfélaga verið þáttur í starfsemi sjóðsins. Þannig hefur sjóðurinn frá upphafi verið virkur þátttakandi í fjármögnun heimila sjóðfélaganna. Auk beinna lánveitinga til sjóðfélaga hefur sjóðurinn fjármagnað fasteignakaup sjóðfélaga óbeint í gegn um tíðina með kaupum á ríkistryggðum skuldabréfum, til að mynda skuldabréfum Íbúðalánasjóðs. Nú er LV virkur kaupandi sértryggðra skuldabréfa sem nýtt eru til fjármögnunar á fasteignalánum viðskiptabankanna.

Sjóðfélagalán lífeyrissjóðsins falla undir lög um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016. Samkvæmt lögnum er krafa um tiltekna aukna upplýsingagjöf til lántakenda og auknar kröfur um mat á greiðslugetu og láns hæfi þeirra til þess að stuðla að ábyrgum lánveitingum.

Verðtryggð lán

Lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum verðtryggð lán með föstum vöxtum sem breytast ekki á lánstíma. Lán geta bæði verið með jöfnum greiðslum og jöfnum afborgunum af höfuðstól.

Jafnframt er sjóðurinn með verðtryggð lán þar sem vextir eru fastir til 60 mánaða í senn. Í boði eru bæði lán með jöfnum greiðslum og jöfnum afborgunum af höfuðstól.

Vextir eru ákvarðaðir af stjórn sjóðsins samkvæmt lánareglum sjóðsins.

Óverðtryggð lán

Vextir óverðtryggðra lána eru fastir til 36 mánaða í senn. Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um vexti samkvæmt lánareglum sjóðsins. Í boði eru bæði lán með jöfnum greiðslum og jöfnum afborgunum af höfuðstól.

Ný sjóðfélagalán

í milljónum króna

	2020	2019
Afgreidd útlán	28.722	47.454
Fjöldi lána	1.365	2.048
Meðalfjárhæð lána	21,0	23,2

Skipting nýrra sjóðfélagalána

í milljónum króna

	Verðtryggð lán Fastir vextir	Verðtryggð lán Breytilegir vextir	Óverðtryggð lán
Fjárhæð	6.272	5.520	16.930
Fjöldi lána	301	266	798
Meðalfjárhæð	20,8	20,8	21,2

Útistandandi lán

Útistandandi lán til sjóðfélaga námu 95.686 milljónum í árslok 2020 eða um 9,4% af heildareignum samanborið við 120.671 milljónum eða um 13,9% af eignum í árslok 2019.

Staða sjóðfélagalána í árslok

í milljónum króna

	2020	2019	Breyting
Útistandandi lán	95.686	120.671	-21%
Fjöldi lána	6.839	8.504	-20%
Meðalfjárhæð	14,0	14,1	0%
Hlutfall af heildareignum	9,4%	13,9%	-32,4%

Vanskil sjóðfélagalána

(meira en 90 daga vanskil)

	2020	2019
Vanskil í milljónum króna	666	911
Hlutfall af heildarfjárhæð	0,7%	0,8%



Stjórnarháttayfirlýsing 2020

Stjórnarháttayfirlýsing Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) er sett með vísan til 51. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins (FME) nr. 335/2015. Yfirlit, ýmis lög, reglugerðir og ýmsar innri reglur LV eru aðgengilegar á vef sjóðsins undir vefsvæði með upplýsingum um sjóðinn. Einnig er vísað til skýrslu stjórnar, ársreiknings og ársskýrslu sjóðsins fyrir árið 2020.

Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

Lífeyrissjóður verzlunarmanna starfar á grundvelli starfsleyfis fjármálaráðherra, í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, og samþykktir sjóðsins.

Í samþykktum kemur fram að sjóðurinn starfar á grundvelli kjarasamnings Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 12. desember 1995 og samnings ASÍ og SA frá 24. apríl 2018 samanber samning VR, Samtaka atvinnulífsins og Félags atvinnurekenda frá 23. apríl 2018, sbr. breytingar á samþykktum sem tóku gildi 1. september 2019.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem fram koma í samþykktum. Þar kemur m.a. fram að sjóðurinn leggi sérstaka áherslu á elli-lífeyrisréttindi og áskilji sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttinda-ákvæðum samþykktar sjóðsins.

Sjóðurinn er langtímafjárfestir sem ávaxtar fjármuni sjóðfélaga með það að markmiði að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Stjórn leggur áherslu á að þróa hluthafastefnu sjóðsins með þeim hætti að hún styðji við góða stjórnarhætti í þeim félagum sem sjóðurinn fer með eignahlut í.

Umboðsskylda

Stjórnarmenn og starfsmenn skulu taka ákvarðanir í samræmi við gildandi lög og reglur og sannfæringu sína með þeim hætti að hagsmuna sjóðfélaga sé sem best gætt og að ákvörðunin styðji við tilgang og starfsemi sjóðsins.

Stjórnarmenn og starfsmenn mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, félögum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins.

Stjórnarmaður er ekki bundinn af fyrirmælum þeirra sem tilnefna hann til setu í stjórn sjóðsins.

Fjallað er með ítarlegri hætti um umboðsskyldu m.t.t. sjálfbærniþátta í sjálfbærnisráðgjöf sjóðsins sem er hluti af ársskýrslu hans.

Stjórnarhættir og stjórnarháttayfirlýsing LV

Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun sjóðsins. Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari er sjóðfélögum, iðgjaldagreiðendum, opinberum aðilum, starfsmönnum og öðrum haghöfum veittar upplýsingar um stjórnarhætti lífeyrissjóðsins. Yfirlýsingunni er jafnframt ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og styðja þannig við traustan rekstur.

Stjórnarháttayfirlýsing LV fyrir árið 2020 byggir á þeim lögum og reglum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur sjóðsins er staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra. Í því sambandi er sérstaklega litið til þeirra ákvæða laga nr. 129/1997 sem lúta að stjórnarháttum lífeyrissjóða, ákvæða samþykktar sjóðsins, reglna FME þar um, m.a. reglna nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða sem og 5. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnu af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Lög, reglur og leiðbeiningar sem sérstaklega varða stjórnarhætti LV

Eftirfarandi er yfirlit yfir löggjöf, stjórnvaldsreglur, leiðbeinandi tilmæli og innri reglur LV. Listinn er til upplýsinga en er ekki tæmandi. Yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar reglur opinberra aðila sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða er m.a. að finna á vef Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME).

Lög frá Alþingi

- Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
- Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
- Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga
- Lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- Lög nr. 3/2006 um ársreikninga

Reglugerðir

- Reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
- Reglugerð nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingaverndar
- Reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar
- Reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða
- Reglur og leiðbeiningar FME
- Reglur FME nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða
- Reglur FME nr. 577/2012 um endurskoðunar- deildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila

- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2010 um mat á hæfi lykilstarfsmanna

Innri reglur LV (Aðgengilegar á vef LV)

- Samþykktir lífeyrissjóðs verzlunarmanna
- Siða- og samskiptareglur LV, dags. 11. desember 2011
- Fjárfestingarstefna fyrir árið 2021
- Áhættustefna
- Hluthafastefna LV, dags. 8. desember 2017
- Starfsreglur stjórnar og framkvæmdastjóra, dags. 21. nóvember 2019
- Reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar og til opinberra aðila sbr. 29. gr. laga nr. 129/1997, dags. 21. maí 2015
- Verklagsreglur LV um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna lífeyrissjóðsins með fjármála-gerninga, dags. 16. maí 2013
- Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna, dags. 18. september 2014
- Starfskjarastefna LV, dags. 20. nóvember 2015
- Reglur LV um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Stefna um samfélagslega ábyrgð og siðferðisviðmið

Grunngildi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna Ábyrgð – Umhyggja – Árangur

Ábyrgð Með ábyrgð er lögð áhersla á fagmennsku, áræðni og samviskusemi sem birtist m.a. í vandaðri áhættustýringu, eftirfylgni með fyrirtækjum sem fjárfest er í og áherslu á góða stjórnarhætti. Til grundvallar þurfa að liggja vönduð vinnubrögð, hæft starfsfólk og skýr skilaboð frá stjórn um ábyrg vinnubrögð.

Umhyggja Með umhyggju er lögð áhersla á heilindi og ráðvendni sem birtist m.a. í frumkvæði í þjónustu og góðu viðmóti. Lögð er áhersla á að virkja og hvetja starfsmenn í starfi og að þeir séu þátttakendur í stefnu-mótun og markmiðssetningu sjóðsins.

Árangur Með árangri er áhersla lögð á að keppa að settum markmiðum og skila góðu starfi við stjórnun og í öðrum störfum fyrir sjóðinn. Þessi markmið birtast m.a. í áherslum á skilvirkni og arðsemi, stöðugleika í rekstri, starfsánægju og opnum stjórnarháttum og vilja til að veita sjóðfélögum á öllum aldri góða þjónustu. Eftirfylgni felst í raunhæfri markmiðs-setningu og hvatningu til starfsmanna.

Siðferðileg viðmið sjóðsins í fjárfestingum

Vísun til fjárfestingarstefnu

Í fjárfestingarstefnu LV kemur fram að meginhlutverk sjóðsins sé að ávaxta eignir sjóðsins í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum og hámarka réttindi sjóðfélaga. Í eðli sínu eru skuldbindingar lífeyrissjóðsins til langs tíma og til að mæta langtímaskuldbindingum sínum horfir sjóðurinn almennt á fjárfestingar sem langtímafjárfestir. Samfélagsleg ábyrgð er lykilþáttur í að fyrirtæki séu sjálfbær til langs tíma. Viðmið um ábyrgar fjárfestingar er því hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins og leitast sjóðurinn eftir því að stuðla að samfélagslegri ábyrgð í þeim félögum sem sjóðurinn fjárfestir í. Lífeyrissjóðurinn telur því, sem stór fjárfestir í íslensku efnahagslífi, að tilefni geti verið til að líta jafnframt til hagsmuna og sjónarmiða annarra haghafa en hluthafa eingöngu við mat á fjárfestingakostum og eftirfylgni með þeim.

Lífeyrissjóðurinn gerir kröfu um að þau fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í fari eftir þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra. Mikilvægt er að þau horfi til leiðbeininga um góða stjórnarhætti og viðmiða sem lúta að samfélagslegri ábyrgð og góðri umgengni um auðlindir.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna er aðili að reglum Sam-einuðu þjóðanna (Principles for Responsible Investment – PRI) um ábyrgar fjárfestingar, ásamt mörgum af stærstu lífeyrissjóðum og fagfjárfestum í heimi. Í reglunum er fjallað um hvernig áhersla á umhverfisleg og samfélagsleg málefni styðja við stjórnarhætti fyrirtækja og getur stuðlað að traustari og ábyrgari ávöxtun eignasafna. Þannig fari saman hagsmunir fjárfesta og markmið þjóðfélagsins í víðara samhengi.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna gerðist, á árinu 2018, fyrstur lífeyrissjóða aðili að FESTU – Miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni. Tilgangur Festu er að auka þekkingu á samfélagsábyrgð skipulagsheilda til að tileinka sér samfélagslega ábyrga starfshætti og stuðla að aukinni sjálfbærni. Með aðildinni vill sjóðurinn fylgja eftir áherslum sínum um samfélagslega ábyrgð og ábyrgar fjárfestingar.

LV horfir til eftirfarandi gilda við mótun fjárfestingarstefnu:

Sjálfbærni: Fyrirtæki með sjálfbæran rekstur er líklegra til að viðhalda góðri rekstrarafkomu.

Ábyrgð: Fyrirtæki sem hugar að umhverfislegum og samfélagslegum þáttum sem og góðum stjórnarháttum er líklegra til að komast hjá áföllum í rekstri.

Langtímasjónarmið: Langtímafjárfestar sem hluthafar styðja almennt við langtímasjónarmið í rekstri sem gera má ráð fyrir að skili góðri arðsemi til lengri tíma lítið.

Fjallað er nánar um ábyrgar fjárfestingar LV og siðferðisleg viðmið í fjárfestingum í sjálfbæriskýrslu LV fyrir árið 2020 sem er hluti af ársskýrslu sjóðsins.

Aðrar reglur og viðmið

Siða- og samskiptareglur Stjórn lífeyrissjóðsins hefur sett siða- og samskiptareglur fyrir starfsmenn og stjórnarmenn sjóðsins. Reglunum er ætlað að styðja við vönduð vinnubrögð, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og auka öryggi í meðferð fjármuna sjóðsins. Í reglunum er m.a. fjallað um góða starfshætti, hagsmunaárekstra, meðferð trúnaðarupplýsinga sem og reglur um gjafir, boðsferðir og starfstengdar ferðir.

PRI Lífeyrissjóðurinn er aðili að reglum Sameinuðu Þjóðanna (Principles for Responsible Investment – PRI) um ábyrgar fjárfestingar, eins og fram kemur í umfjöllun um fjárfestingarstefnu LV hér að ofan.

Hluthafastefna Það er markmið stjórnar LV að hluthafastefnan styðji við góða stjórnarhætti félaga og þróun þeirra. Í hluthafastefnunni eru kynntar áherslur stjórnar sjóðsins varðandi viðmið um stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í. Hluthafastefnan innifelur þau viðmið sem LV leggur áherslu á við meðferð eignarhalds í hlutafélögum sem eru skráð á hlutabréfamarkaði og sjóðurinn fer með eignarhlut í. Stefnan gildir einnig, eftir því sem við á, fyrir óskráð félög sem LV hefur fjárfest í. Eðli málsins samkvæmt er stefnunni fyrst og fremst beint til félaga sem skráð eru á Íslandi. Þó gilda grundvallarviðmið hennar einnig fyrir félög sem sjóðurinn er hluthafi í og sem skráð eru erlendis.

Jafnlaunavottun Í janúar 2014 fékk LV jafnlaunavottun VR. Jafnlaunavottunin er árangur markvissrar jafnréttis- og jafnlaunastefnu í starfi sjóðsins og staðfesting á því að karlar og konur fá í störfum sínum hjá sjóðnum sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Stefnt er að því á árinu 2021 að taka upp jafnlaunavottun í samræmi við lög nr. 56/2017 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Auk jafnlaunavottunar hefur sjóðurinn sett sér jafnréttisstefnu sem hefur það að markmiði að stuðla að jafnri stöðu karla og kvenna og jöfnum tækifærum óháð kynferði.

Starfsmannastefna Liður í samfélagslegri ábyrgð LV er áhersla á að sjóðurinn sé góður og eftirsóknarverður vinnustaður. Í starfsmannastefnu sjóðsins er lögð áhersla á gott starfsumhverfi, virka upplýsingagjöf til starfsmanna, þjálfun og endurmenntun starfsmanna, virðingu og umburðarlyndi í samskiptum, jafnrétti og jafnvægi vinnu og einkalífs.

Stjórnskipulag LV

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans og skal sjá um að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Hún tekur stefnumarkandi ákvarðanir, er varða hag og starfsemi sjóðsins, og sér til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn mótar innra eftirlit og skjalfestir eftirlitsferla. Stjórn semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innri endurskoðun. Stjórnin ræður enn fremur löggildan endurskoðanda til að annast ytri endurskoðun hjá sjóðnum sem og tryggingastærðfræðing til að annast tryggingafræðilega athugun. Meðal annarra mála sem stjórn fjallar um á fundum sínum eru veigameiri fjárfestingarákvarðanir sem og tillögur að breytingum á samþykktum, fjárfestingar-, hluthafa- og áhættustefna, lánareglur, fjárhagsáætlun og kynningarmál. Stjórn hefur sett sér starfsreglur sem eru aðgengilegar á vef sjóðsins.

Framkvæmdastjóri Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör, veitir honum prókúruumboð og setur honum starfsreglur sem eru aðgengilegar á vef sjóðsins. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykktu sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins.

Fulltrúaráð Aðildarsamtök lífeyrissjóðsins starfrækja fulltrúaráð sjóðsins sem er skipað 50 fulltrúum. VR skipar 25 fulltrúa, Samtök atvinnulífsins skipa 23 fulltrúa og Félag atvinnurekenda skipar 2 fulltrúa. Skipan fulltrúaráðsins fer nánar eftir samningum aðildarsamtaka sjóðsins og þeim reglum sem samtökin setja sér þar um. Nánari reglur um fulltrúaráðið eru í samþykktum sjóðsins.

Ársfundur fer með æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðsins sé ekki annað ákveðið í lögum eða samþykktum sjóðsins. Ársfundur skal halda fyrir lok júní ár hvert og eiga allir sjóðfélagar og réttahafar í B-deild rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Á ársfundi skal kynna: i) skýrslu stjórnar, ii) ársreikning fyrir síðasta starfsár, iii) tryggingafræðilega athugun, iv) fjárfestingarstefnu sjóðsins og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, v) hluthafastefnu sjóðsins, vi) skipan stjórnar og vii) skipan fulltrúaráðs. Þá skal kynna og bera undir atkvæði: i) starfskjarastefnu sjóðsins, ii) val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnarmanna, iii) tillögu um stjórnarlaun, iv) tillögu stjórnar að endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki og v) tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins. Fulltrúar í fulltrúaráði fara með atkvæði á ársfundi sjóðsins í umboði aðildarsamtakanna til ákvarðana sem tilgreindar eru hér að framan. Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast

stjórn sjóðsins skriflega eigi síðar en viku fyrir ársfund. Fundargerðir ársfunda eru aðgengilegar á vef sjóðsins.

Nánar er fjallað um stjórnskipulag sjóðsins í samþykktum hans sem og lögum nr. 129/1997.

Endurskoðun Reikningar sjóðsins eru endurskoðaðir og áritaðir af löggildum endurskoðanda. Innri endurskoðun sjóðsins er í höndum sjálfstætt starfandi endurskoðanda. Endurskoðun sjóðsins og innri endurskoðun eru í höndum aðskilinna endurskoðunarfyrtækja. Endurskoðunarnefnd LV gerir tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda sjóðsins (ytri endurskoðanda) og innri endurskoðanda.

Tryggingastærðfræðingur Tryggingafræðileg athugun er framkvæmd árlega í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997 og reglugerð nr. 391/1998. Athuginin er framkvæmd af löggildum tryggingastærðfræðingi samkvæmt samningi við sjóðinn. Með athugininni er lagt mat á áfallnar skuldbindingar sjóðsins og væntar framtíðarskuldbindingar annars vegar og núverandi eignir og vænt idgjöld og ávöxtun hins vegar.

Endurskoðunarnefnd – Nefnd skipuð af stjórn

Samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga skulu einingar tengdar almannahagsmunum, þar á meðal lífeyrissjóðir, starfrækja endurskoðunarnefnd. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd sem heyrir beint undir stjórn. Upplýsingar um nefndina eru á vef sjóðsins.

Nefndina skipa:

- Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður nefndarinnar. Guðrún er jafnframt varaformaður stjórnar sjóðsins. Guðrún er mannfræðingur að mennt og starfar sem markaðsstjóri Kjörís. Hún er formaður Landssamtaka lífeyrissjóða.
- Anna G. Sverrisdóttir er rekstrarfræðingur og starfar sem framkvæmdastjóri og ráðgjafi hjá AGMOS ehf. Anna var formaður endurskoðunarnefndar LV frá apríl 2015 til mars 2016.
- Oddur Gunnar Jónsson er sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs VR. Oddur hefur mikla reynslu á sviði reikningshalds og endurskoðunar en hann starfaði hjá KPMG í 27 ár og vann aðallega á sviði sveitarfélaga.

Hlutverk endurskoðunarnefndar:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningskila
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits sjóðsins, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis

- Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækki
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar eru aðgengilegar á vef sjóðsins.

Starfskjarastefna

Starfskjarastefnu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum. Við mótun stefnunnar er byggt á samþykktum lífeyrissjóðsins, þeim sjónarmiðum sem koma fram í 5. útgáfu leiðbeininga um góða stjórnarhætti fyrirtækja og þeim meginreglum sem liggja til grundvallar 79. gr. a, í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.

Stefnunni er ætlað að styðja við traustan rekstur og það markmið lífeyrissjóðsins að veita sjóðfélögum góða þjónustu.

Starfskjarastefnu sjóðsins er því ætlað að styðja við að lífeyrissjóðurinn sé eftirsóknarverður vinnustaður og að hann hafi þannig á að skipa hæfu og reyndu starfsfólki sem er grundvöllur þess að rekstur sjóðsins sé vel samkeppnisfær og í samræmi við bestu viðmið.

Áhættustýring og innra eftirlit

Áhættustýring

Stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu og áhættustýringarstefnu með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Stefnurnar grundvallast á stefnumótun sjóðsins sem og lögum og reglum sem um sjóðinn gilda. Megininntak stefnanna er að með áhættustýringu er átt við eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að bera kennsl á, greina, vakta, meta, og taka áhættu til meðferðar í starfsemi sjóðsins.

Lögð er áhersla á að stefnurnar og framkvæmd þeirra séu virkur þáttur í starfsemi og að þær tengist ákvörðunarferlum hans í stefnumótandi málum, við innleiðingu sem og í daglegum rekstri. Einnig er lögð áhersla á að stjórn og stjórnendur hafi góða yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins og að þeir hafi þekkingu á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirlits og taki virkan þátt í því. Mikilvægt er að stjórn, stjórnendur og aðrir starfsmenn meti áhættu við ákvarðanatöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni.

Áhættustjóri sjóðsins hefur yfirumsjón með framkvæmd stefnanna og áhættustýringu sjóðsins. Hann heyrir beint undir framkvæmdastjóra. Til að tryggja honum aukið sjálfstæði í starfi og milliliðalausán aðgang stjórnar að upplýsingum er honum heimilt að gefa skýrslur um áhættustýringu, og aðrar upplýsingar sem varða áhættustýringu sjóðsins, beint og milliliðalaust til stjórnar sjóðsins og endurskoðunarnefndar.

Í stefnunum er skipulag sjóðsins skilgreint, mælt fyrir um umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, umfjöllun um helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins, mat á þeim og tilgreint með hvaða hætti fylgst er með þeim.

Nánari upplýsingar um áhættustýringu er að finna í ársskýrslu og í skýringum í ársreikningi.

Innra eftirlit

Innra eftirlit sjóðsins nær yfir sérhverja aðgerð af hálfu stjórnar, stjórnenda og starfsmanna til að stýra áhættu, þar sem því verður við komið, og auka líkur á að settum markmiðum verði náð við rekstur sjóðsins. Stjórnendur annast skipulagningu og framkvæmd innra eftirlits en að framkvæmd þess koma í raun allir starfsmenn sjóðsins með einum eða öðrum hætti.

Skipulag innra eftirlits tekur mið af reglum FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða og er innra eftirlit sjóðsins yfirfarið árlega af þeim sem annast innri endurskoðun hjá sjóðnum.

Innra eftirlit sjóðsins byggir m.a. á skýrsluskilum, reglulegri upplýsingagjöf, skráðum verkferlum og starfslýsingum, reglum um aðgreiningu starfa, skipulegum aðgangsstýringum og skilvirkri áhættustefnu og áhættueftirliti.

Áhættustefna, áhættustýringarstefna og áhættustýring sjóðsins eru veigamikill þáttur í innra eftirliti. Helstu verkþættir í starfsemi sjóðsins byggja á skriflegum ferlum og starfslýsingum starfsmanna sem auka áreiðanleika og stuðla að fylgni við lög og reglur. Verkferlar og starfslýsingar eru yfirfarnar reglulega. Aðskilnaði starfa og aðgangsstýringum innan sjóðsins er ætlað að draga úr villu- og sviksemiáhættu. Margþætt skýrsluskil, afstemmingar og upplýsingagjöf til opinberra aðila, stjórnar sjóðsins og einstakra stjórnenda veita aðhald í rekstri. Hvað upplýsingakerfi sjóðsins varðar er í gildi öryggisstefna sjóðsins sem nær til meðferðar og varðveislu gagna. Henni er ætlað að tryggja örugga meðferð og varðveislu upplýsinga sem þýðingu hafa fyrir starfsemi sjóðsins. Eftirlitsaðgerðir og sjálfvirk vöktun miða að því að lágmarka áhrif rekstrarfrávika á upplýsingakerfi. Neyðaráætlun sjóðsins er ætlað að taka á alvarlegri rekstrarfrávikum með endurheimt upplýsingakerfa.

Þá hefur sjóðurinn sett sér reglur um uppljóstrun vegna mögulegra svika eða misferlis starfsmanna.

Skipan stjórnar og stjórnarmenn

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er skipuð átta einstaklingum, tilnefndum af aðildarsamtökum sjóðsins. Með breytingum á samþykktum LV, sem tóku gildi 1. september 2019, var gerð breyting á skipan stjórnar

sjóðsins, sbr. 5. grein samþykktar sjóðsins. Þar kemur fram að VR tilnefni fjóra stjórnarmenn þannig að tveir stjórnarmenn séu tilnefndir annað hvert ár til fjögurra ára í senn. Samtök atvinnulífsins tilnefna þrjá stjórnarmenn, einn eða tvo stjórnarmenn árlega til tveggja ára og Félag atvinnurekenda tilnefnir einn stjórnarmann annað hvort ár til tveggja ára.

Stjórn sjóðsins skipa; Stefán Sveinbjörnsson, formaður stjórnar, Bjarni Þór Sigurðsson, Guðrún Johnsen og Helga Ingólfssdóttir eru tilnefnd af VR, Guðrún Hafsteinsdóttir varaformaður, Árni Stefánsson og Jón Ólafur Halldórsson, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins, Guðný Rósa Þorvarðardóttir, tilnefnd af Félagi atvinnurekenda.

Sjálfsmat stjórnar Stjórn framkvæmir frammistöðumat á störfum sínum í samræmi við starfsreglur. Niðurstöður eru nýttar af stjórn til að þróa starfhætti og styðja við góða stjórnarhætti. Spurningar í frammistöðumatinu lúta að skipan og skipulagi stjórnar, hlutverki og ábyrgð sem og frammistöðu hennar og undirnefnda.

Fjöldi funda og mæting Á árinu 2020 voru haldnir 19 stjórnarfundir.

Upplýsingar um stjórn og framkvæmdastjóra

Stjórnarmenn

- Stefán Sveinbjörnsson, formaður stjórnar
- Guðrún Hafsteinsdóttir, varaformaður stjórnar
- Árni Stefánsson
- Bjarni Þór Sigurðsson
- Guðný Rósa Þorvarðardóttir
- Guðrún Johnsen
- Helga Ingólfssdóttir
- Jón Ólafur Halldórsson

Framkvæmdastjóri

- Guðmundur Þ. Þórhallsson

Nánari upplýsingar um stjórnarmenn, fundarsókn og framkvæmdastjóra er að finna í rafrænni útgáfu af stjórnarháttaryfirlýsingunni sem er aðgengileg á vef sjóðsins.

Staðfest á fundi stjórnar 18. febrúar 2021.

Stefán Sveinbjörnsson formaður stjórnar, Guðrún Hafsteinsdóttir varaformaður stjórnar, Árni Stefánsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Guðný Rósa Þorvarðardóttir Guðrún Johnsen, Helga Ingólfssdóttir, Jón Ólafur Halldórsson og Guðmundur Þ. Þórhallsson framkvæmdastjóri

Fjárfestingarstefna 2020

Stjórn sjóðsins samþykkir árlega fjárfestingarstefnu fyrir komandi ár og er stefnan birt á heimasíðu sjóðsins. Stefnan byggir á lögum 129/1997 og reglugerð nr. 916/2009, með síðari breytingum. Eðli málsins samkvæmt er í stefnu sem þessari litið til lengri tíma en árs í senn.

Í kafla þessum er gerð grein fyrir eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu með vikmörkum. Í fjárfestingarstefnunni eru jafnframt upplýsingar um gildandi reglur, fjárfestingarheimildir, áhættustýringu og tryggingafræðilega þætti í árslok 2020. Einnig er fjallað um afmörkun mótaðilaáhættu, ávöxtunarviðmið og önnur viðmið.

Yfirlit deildarskiptingar

Í fjárfestingarstefnu þessari er mörkuð stefna fyrir eignasamsetningu og eignastýringu sameignar- og séreignadeilda LV.

Þögn myndu lífeyrisréttindi eða lífeyrissparnað í séreign í þremur deildum sjóðsins:

- i) A-deild sem er sameignardeild, sbr. gr. 10.1 og 10.2 í samþykktum sjóðsins
- ii) B-deild sem er séreignardeild fyrir almenna séreign, sbr. gr. 10.3 í samþykktum sjóðsins
- iii) C-deild sem er séreignardeild fyrir almenna séreign sem byggir á samningum sem stofnað hefur verið til eftir 1. júlí 2017 og tilgreinda séreign, sbr. gr. 10.3 í samþykktum sjóðsins

Eignir A-, B- og C- deilda eru ávaxtaðar í eftirfarandi eignasöfnum:

- i) Sameignardeild: Eignir sameignardeildar eru ávaxtaðar í einu eignasafni sameignardeildar
- ii) Verðbréfastæði: Eignir í B- deild, sem byggja á samningum sem stofnaðir voru fyrir 1. júlí 2017, eru ávaxtaðar í Verðbréfastæði sem fylgir sömu fjárfestingarstefnu og sameignardeild. Sjóðfélögum sem eiga lífeyrissparnað í Verðbréfastæði er heimilt að flytja eign sína í Ævileið I, II eða III en ekki er heimilt að flytja eignir úr Ævileiðum yfir í Verðbréfastæði
- iii) Ævileiðir: Eignir í B- og C- deildum sem byggja á samningum sem stofnað var til eftir 1. júlí 2017 eru ávaxtaðar í þremur ávöxtunarleiðum eftir vali sjóðfélaga:

- Ævileið I
- Ævileið II
- Ævileið III

Markmið með ávöxtun eigna

Í 1. til 5. tölulið 1. mgr. 36. gr. lífeyrissjóðalaganna eru settar fram fimm vísireglur um með hvaða hætti skuli ávaxta fé sjóðsins. Lífeyrissjóðurinn skal:

- i) hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi
- ii) horfa til aldursamsetningar sjóðfélaga og annarra tryggingafræðilegra þátta sem áhrif hafa á skuldbindingar
- iii) byggja allar fjárfestingar á viðeigandi greiningu á upplýsingum með öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi safnsins í heild í huga
- iv) gæta þess að eignir sjóðsins séu nægilega fjölbreyttar til að komið sé í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu, m.a. með því að gæta að fylgni áhættu einstakra eigna og eignaflokka
- v) setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum

Í fjárfestingarstefnu sjóðsins er fjallað nánar um útfærslur á ofangreindum vísireglum.

Sameignardeild (A-deild)

Lög 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða tilgreina heimildir sjóðsins þegar kemur að samsetningu eignasafns á hverjum tíma. Eins og fram kemur í 36. grein laganna skal eignasafnið flokkað eftir forskrift laganna. Í eðli sínu er eignastýring lífeyrissjóða langtímafjárfesting og er því horft til langs tíma við gerð fjárfestingarstefnu. Í stefnunni koma fram markmið um vægi eignategunda en vikmörkum er ætlað að gefa sjóðnum svigrúm til að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum á hverjum tíma.

Í töflu efst á bls. 28 er að finna flokkun eignasafns sameignardeildar í samræmi við áður nefnd lög sem og stefnu fyrir árið 2021 ásamt vikmörkum.

Tölul.	Stafll.	Eignaflokkar	Vægi 30.09.2020	Stefna 2021	Lágmark	Hámark
1	a	Ríkistrygð skuldabréf	17,4%	15,4%	10%	30%
1	b	Fasteignaveðtrygð skuldabréf	11,8%	11,7%	5%	22%
2	a	Skuldabréf sveitafélaga	2,8%	2,9%	0%	8%
2	b	Innlán	1,3%	0,6%	0%	7,5%
2	c	Sértrygð skuldabréf	3,2%	3,1%	0%	8%
3	a	Skuldabréf lánast. og vatr.félaga	0,9%	0,2%	0%	5%
3	b	Verðbréfasjóðir	27,1%	28,6%	11%	50%
4	a	Fyrirtækjaskuldabréf	4,7%	4,7%	0%	10%
4	b	Aðrir sjóðir – skuldabréf	0,9%	0,9%	0%	10%
5	a	Hlutabréf	24,3%	26,0%	12,5%	40%
5	b	Aðrir sjóðir – Hlutir	5,6%	5,9%	0%	15%
5	c	Fasteignir	0,0%	0%	0%	5%
6	a	Afleiður	0,0%	0%	0%	5%
6	b	Aðrir fjármálagerningar	0,0%	0%	0%	5%
		Eignir í erlendum gjaldmiðlum	42,7%	45,0%	20%	50%

Til glöggvunar er eignasafni sjóðsins skipt upp með öðrum hætti í töflunni hér að neðan:

Eignaflokkur	Vægi 30.9.2020	Stefna 2021	Lágmark	Hámark
1. Ríkisskuldabréf	17,4%	15,4%	10%	30%
2. Veðskuldabréf og fasteignatengd verðbréf	18,7%	18,5%	10%	30%
3. Önnur skuldabréf	5,0%	5,0%	0%	10%
4. Innlend hlutabréf	14,2%	15,6%	7,5%	25%
5. Innlent laust fé	1,9%	0,5%	0%	10%
6. Erlend hlutabréf	38,2%	40,0%	20%	50%
7. Aðrar erlendar eignir	4,6%	5,0%	0%	20%
Samtals	100,0%	100,0%		

Séreignardeild

Um fjárfestingarstefnu fyrir fjárfestingarleiðir sér-eignasparnaðar í B- og C- deild sem stofnað er til eftir 1. júlí 2017 fer eftir kafla 3 í fjárfestingastefnu sjóðsins. Val er um þrjár fjárfestingarleiðir. Eignasamsetning leiðanna byggir á eignaflokkum sem hafa ólíkt áhættusnið sem gera má ráð fyrir að skili ólíkri ávöxtun og mis miklum sveiflum í ávöxtun. Markmiðið með mismunandi eignasamsetningu milli leiða er að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga.

Almennt séð er gengið út frá því að hlutabréf gefi hærri ávöxtun en skuldabréf til lengri tíma, hins vegar eru meiri líkur á sveiflum í ávöxtun hlutabréfa og því er áhættan meiri. Áhersla er lögð á að eignasófnin séu vel áhættudreifð.

Töflurnar á bls. 29 sýna eignasamsetningu Ævi-leiða þann 30. september 2020. Töflurnar byggja á flokkun skv. 36. gr. a laga nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Eignaflokkur	Ævileið I				Ævileið III				Ævileið III			
	Vægi 30.9.2020	Stefna	Lágmark	Hámark	Vægi 30.9.2020	Stefna	Lágmark	Hámark	Vægi 30.9.2020	Stefna	Lágmark	Hámark
1a Ríkistryggð skuldabréf	8,2%	10%	0%	50%	21,9%	25,0%	0%	50%	48,4%	50,0%	0%	100%
1b Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0,0%	0,0%	0%	15%	0,0%	0,0%	0%	15%	0,0%	0,0%	0%	30%
2a Skuldabréf sveitarfélaga	3,2%	4,0%	0%	15%	3,7%	3,6%	0%	15%	0,0%	0,0%	0%	30%
2b Innlán	3,4%	1,0%	0%	30%	3,9%	1,0%	0%	30%	3,7%	4,8%	0%	30%
2c Sértryggð skuldabréf	16,6%	10,2%	0%	40%	22,3%	18,5%	0%	40%	20,9%	17,3%	0%	50%
3a Skuldabréf lánast. og vatr.félaga	0,0%	0,0%	0%	20%	0,0%	0,0%	0%	20%	0,0%	0,0%	0%	50%
3b Verðbréfasjóðir	28,4%	30,0%	0%	80%	14,2%	15,0%	0%	80%	6,4%	7,8%	0%	80%
4a Fyrirtækjaskuldabréf	5,9%	2,5%	0%	15%	4,9%	2,4%	0%	12,5%	4,5%	0,0%	0%	25%
4b Aðrir sjóðir – Skuldabréf	0,0%	0,0%	0%	40%	0,0%	0,0%	0%	40%	0,0%	0,0%	0%	30%
5a Hlutabréf	15,6%	20,0%	0%	50%	7,8%	10,0%	0%	50%	0,0%	0,0%	0%	0%
5b Aðrir sjóðir – Hlutir	18,7%	22,3%	0%	60%	21,3%	24,5%	0%	70%	16,1%	20,1%	0%	50%
5c Fasteignir	0,0%	0,0%	0%	5%	0,0%	0,0%	0%	5%	0,0%	0,0%	0%	5%
6a Afleiður	0,0%	0,0%	0%	5%	0,0%	0,0%	0%	5%	0,0%	0,0%	0%	5%
6b Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,0%	0%	0%	0%	0,0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	10%
Þar af gengisbundnar eignir	28,4%	30,0%	10%	50%	14,2%	15,0%	5%	50%	0%	0%	0%	0%

Eignasamsetning Ævileiða skv. gr. 36 a í lífeyrissjóðalögum. Tölu- og stafliðir í töflu eru tilvísanir í 36. gr. a í lögum nr. 129/1997.



Áhættustýring

Áhættustýring Lífeyrissjóðs verzlunarmanna byggir á áhættustefnu og áhættustýringarstefnu stjórnar sjóðsins í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra viðmiða. Áhættustjóri hefur ber ábyrgð á starfssviði áhættustýringar hjá sjóðnum í samræmi við stefnur sjóðsins. Á grundvelli áhættustefnu og áhættustýringarstefnu felur stjórn framkvæmdastjóra, starfsfólki áhættustýringar og eftir atvikum öðru starfsfólki sjóðsins umsjón með daglegri framkvæmd stefnanna. Eftirlit stjórnar með framkvæmdinni byggir m.a. á reglulegri upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar, upplýsingagjöf áhættustýringar og annarra starfsmanna til framkvæmdastjóra og stjórnar, árlegri úttekt innri- og ytri endurskoðunar og starfi endurskoðunarnefndar sjóðsins. Þá hefur endurskoðunarnefnd, innri- og ytri endurskoðendur sjóðsins mikilvægu hlutverki að gegna varðandi eftirfylgni með framkvæmdinni.

Áhættustjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra. Til að tryggja honum aukid sjálfstæði í starfi og milliliðalausán aðgang stjórnar að upplýsingum er honum heimilt að gefa skýrslur um áhættustýringu, og aðrar upplýsingar sem varða áhættustýringu sjóðsins, beint og milliliðalaust til stjórnar sjóðsins og endurskoðunarnefndar.

Markmið með áhættustefnu og áhættustýringarstefnu er að auka öryggi í rekstri. Lögð er áhersla á að stefnurnar og framkvæmd þeirra séu virkur þáttur í starfseminni og að þær tengist ákvörðunarferlum sjóðsins í stefnumótandi málum, við innleiðingu sem og í daglegum rekstri. Einnig er lögð áhersla á að stjórn og stjórnendur hafi góða yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í rekstrinum og að þeir hafi þekkingu á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirlits og taki virkan þátt í því. Áhersla er lögð á að stjórn, stjórnendur og aðrir starfsmenn meti áhættu við ákvarðanatöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni.

Stefnurnar byggja á lögum nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (Íslj.), reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða og reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar, með síðari breytingum. Stefnurnar taka einnig mið af ISO staðli 31000 um áhættustýringu og skýrslum erlendra aðila eins og IOPS (e. International Organisation of Pension Supervision).

Í stefnunum er skipulag sjóðsins skilgreint, mælt fyrir um umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, umfjöllun um helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins, mat á þeim og tilgreint með hvaða hætti þeir eru vaktadír.

Skilgreining áhættu

Áhætta í starfsemi sjóðsins er skilgreind til samræmis við skilgreiningu í ISO staðli 31000 um áhættustýringu sem áhrif óvissu á markmið. Áhrifin eru frávik frá því sem búist er við, bæði jákvæð og neikvæð, og eiga við um alla þætti í starfsemi sjóðsins. Ofangreind skilgreining er víðari en skilgreining á hugtakinu áhætta eins og það er skilgreint í reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða en þar er áhætta skilgreind sem hættu á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði og fellur undir einn eða fleiri af þeim áhættuþáttum sem lífeyrissjóður skilgreinir.

Áhættuþætti og áhættuþol

Hugtökin áhættuþætti og áhættuþol eru skilgreind til samræmis við skilgreiningar í reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.

- **Áhættuþætti:** Sú áhætta sem stjórn er reiðubúin að taka.
- **Áhættuþol:** Sú áhætta sem lífeyrissjóður þolir án þess að grípa þurfi til aðgerða.

Áhættuþætti stjórnar endurspeglast í áhættustefnu og áhættustýringarstefnu þar sem m.a. kemur fram hvernig áhætta er skilgreind, hvernig hún er greind, vöktuð og metin og hvernig sjóðurinn tekur áhættu til meðferðar til að stýra og/eða draga úr áhættu.

Áhættuþætti stjórnar endurspeglast m.a. einnig í fjárfestingarstefnu, hluthafastefnu og samþykktum sjóðsins.

Fjárfestingarstefna sjóðsins útlistar hvernig sjóðurinn hyggst ávaxta eignir sínar í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum og hámarka réttindi sjóðfélaga með tilliti til áhættuþætti stjórnar og áhættuþols sjóðsins á hverjum tíma. Í stefnunni kemur m.a. fram stefna og vikiörk sjóðsins í eignaflokkum ásamt öðrum vikiörkum sem sjóðurinn hefur sett sér. Hluthafastefnan hefur það markmið að styðja við góða stjórnarhætti félaga og þróun þeirra. Í samþykktum sjóðsins eru settar fram þær reglur sem ætlað er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri.

Áhættuþol sjóðsins markast m.a. af aldurssamsetningu sjóðfélaga, lífeyrisbyrði sjóðsins og þeim lögum og reglum sem sjóðnum ber að fylgja. Þar mætti nefna 39. gr. Íslj. þar sem kemur fram að leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að ef meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga sé lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða

og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í 5 ár.

Í áhættustýringarstefnu eru mælikvarðar áhættuvilja skilgreindir. Ef mælikvarðar í áhættuvilja fara út fyrir áhættuþol, þ.e. þau vikmörk sem stjórn hefur sett sér, þá skal stjórn, framkvæmdastjóra og eignastýringu gert viðvart.

Framkvæmd áhættustýringar

Framkvæmd áhættustýringar byggir m.a. á þeirri framkvæmd sem skilgreind er í ISO staðli 31000. Framkvæmdin felur í sér fjölda ferla sem mynda eftirlitskerfi og gera sjóðnum kleift að

- bera kennsl á áhættu
- greina áhættu
- vakta áhættu
- meta áhættu og
- taka áhættu til meðferðar

Framangreindir þættir gera sjóðnum kleift að stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Meðferð áhættu getur m.a. falist í því að

- forðast áhættu,
- draga úr áhættu,
- yfirfæra áhættu eða
- taka áhættu meðvitað

Meðferð áhættu veltur á áhættuvilja og áhættuþoli sjóðsins hverju sinni og í áhættustýringarferlinu er leitast við að veita videigandi og tímanlegar upplýsingar til að unnt sé að bregðast við áhættu í rekstri sjóðsins.

Flokkar áhættu

Mikilvægur þáttur í áhættustefnu og áhættustýringarstefnu er að tryggja eins vel og kostur er góða yfirsýn yfir þá áhættuþætti sem einkum skipta máli í rekstri

sjóðsins. Í því skyni er áhættunni skipt upp í fjóra meginflokka og um þá er fjallað í stefnum sjóðsins. Þessir flokkar áhættu eru:

1. Fjárhagsleg áhætta
2. Mótaðilaáhætta
3. Lífeyrstryggingaáhætta
4. Rekstraráhætta

Í skýringum 19-23 í ársreikningi á bls. 104-118 er nánar gerð grein fyrir áhættuþáttum í rekstri sameignardeildar og séreignadeilda sjóðsins.

1. Fjárhagsleg áhætta

Fjárhagslegri áhættu er skipt í fimm undirflokka: a) vaxta- og endurfjárfestingaráhættu, b) uppgreiðslu-áhættu, c) markaðsáhættu, d) gjaldmiðlaáhættu og e) verðbólguáhættu.


Fylgst er með einstökum áhættuþáttum með sérstökum úttektum, skýrsluskilum og mælingum. Til nánari glöggvunar er hér gerð almenn grein fyrir einstökum undirflokkum fjárhagslegrar áhættu í rekstri sjóðsins.

a) Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta

Breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferla geta leitt til lækkunar á virði skuldabréfa í eignasafni sjóðsins. Ef vextir hækka getur sjóðurinn þurft að innleysa gengistap við sölu á skuldabréfum sem keypt voru á lægri vöxtum. Þá getur lækkandi vaxtaumhverfi leitt til lægri ávöxtunarkröfu við kaup nýrra skuldabréfa þegar núverandi skuldabréf eru á gjalddaga og þegar fjárfest er fyrir innflæði (endurfjárfestingaráhætta).

Samkvæmt stefnu sjóðsins um matsaðferð skuldabréfa er hluti skuldabréfa sameignardeildar metinn á gangvirði og hluti á kaupávöxtunarkröfu. Virði þess hluta sem metinn er á gangvirði er næmur fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu á markaði. Markaðsverð skuldabréfa metið á gangvirði var 86 milljarðar króna þann 31.12.2020, sem samsvarar 8,8% af

Vaxtanæmni



Punktstaða vaxtanæmni skuldabréfa í lok árs 2019 og 2020 m.v. stefnu sjóðsins um matsaðferð skuldabréfa. Vaxtanæmni segir til um hversu mikil áhrif breytingar á ávöxtunarkröfu skuldabréfa hefur á virði þeirra. Myndin sýnir breytingu á ávöxtunarkröfu í punktum (100 punktar = 1 prósentustig) og áhrif breytingarinnar á eignir sjóðsins.

eignum sameingardeildar. Á myndinni hér að neðan má sjá hvaða áhrif það hefur á eignasafn sjóðsins ef ávöxtunarkrafa á markaði breytist. Ef krafan hækkar um 100 punkta, 1 prósentustig, lækkar virði bréfanna sem nemur tæplega 0,6% af eignum sjóðsins. Ef krafan lækkar um 100 punkta þá hækkar virði bréfanna einnig sem nemur rúmlega 0,6% af eignum. Til samanburðar má sjá að vaxtanæmni er svipuð frá fyrra ári þegar áhrifin eru mæld sem hlutfall af eignum.

Það skal tekið fram að ekki er endilega samfylgni á milli breytinga á ávöxtunarkröfu milli skuldabréfa-flokka. Þess vegna geta breytingar á ávöxtunarkröfu á einum skuldabréfaflokki dregið úr áhrifum á vaxtanæmni. Í ofangreindri greiningu er gert ráð fyrir fullri samfylgni, þ.e. sama breyting ávöxtunarkröfu í öllum flokkum skuldabréfa sem metnir eru á gangvirði.

b) Uppgreiðsluáhætta


Hluta af skuldabréfaeign sjóðsins er heimilt að greiða upp. Það felur í sér uppgreiðsluáhættu sem felst í því að skuldabréf verði greidd upp fyrir lokagjaldþaga og lífeyrissjóðurinn þurfi því mögulega að endurfjárfesta á lægri vöxtum. Stærsti hluti þeirra skuldabréfa í eigu sjóðsins sem er uppgreiðanlegur eru sjóðfélagalán en þau eru öll uppgreiðanleg án uppgreiðslugjalds.

Á árinu 2020 jókst samkeppni á íbúðalánamarkaði samhliða lækkandi vöxtum og aukinni eftirspurn eftir óverðtrygðum lánum. Sú aukna samkeppni sem og minni kostnaður við lántöku og endurfjármögnun hefur gert það að verkum að lántakar hjá sjóðnum hafa í auknum mæli greitt upp lán sín og endurfjármagnað hjá öðrum lánveitendum. Þetta þýðir að uppgreiðsluáhætta hefur raungerst á árinu.

c) Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er skilgreind sem hætta á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna með breytilegar tekjur.

Þróun á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum var sjóðnum hagfelld á árinu þrátt fyrir heimsfaraldur. Um þetta er fjallað í kafla um innlend hlutabréf á bls. 12 og 13 og í kafla um erlend verðbréf á bls. 16 og 17. Á árinu 2020 hækkaði heildarvísitala innlendra hlutabréfa (OMXIGI) um 25,9%. Heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI) hækkaði um 15,9% í USD, sem svarar til 21,8% hækkunar í krónum. Munurinn á ávöxtun í USD og íslenskum krónum endurspeglar þá gjaldmiðlaáhættu sem sjóðurinn ber með þeim erlendum eignum sem hann á. Nánar er fjallað um gjaldmiðlaáhættu hér að neðan.



Þróun á ársflökti innlendra (OMXIGI) og erlendra hlutabréfa (MSCI) árin 2019 og 2020.

Flökt innlendra og erlendra hlutabréfa


Flökt (e. volatility) er einn mælikvarði á áhættu og mælir m.a. sveiflur í gengi hlutabréfa. Því meiri sem sveiflurnar eru því meiri er áhættan talin vera. Myndin sýnir annars vegar ársflökt innlendra hlutabréfa og hins vegar erlendra hlutabréfa, án tillits til myntgengis. Í febrúar 2020, þegar ljóst varð að heimsfaraldur væri skollinn á, lækkuðu innlend og erlend hlutabréf skarpt í verði. Við það hækkaði skarpt mælt ársflökt hlutabréfa og hefur haldist nokkuð stöðugt en þó leitað lítillga upp á við síðan þá.

d) Gjaldmiðlaáhætta


Gjaldmiðlaáhætta sjóðsins felst í hættu á að sveiflur á gengi krónunnar annars vegar og erlendra gjaldmeyriskrossa hins vegar geti haft neikvæð áhrif á ávöxtun eigna sjóðsins.

Erlendar fjárfestingar lífeyrissjóðsins eru mikilvægar þegar kemur að áhættudreifingu eigna, þá sérstaklega í litlu hagkerfi eins og því íslenska. Þær gegna einnig lykilhlutverki í að dreifa og stýra landfræðilegri áhættu sjóðsins.

Á árinu 2020 lækkaði gengi krónunnar um 10,4%. Gagnvart USD nam lækkunin 5% og um 13% gagnvart EUR. Mesta lækkunin var í mars í kjölfar þess að fyrstu tilfelli COVID-19 greindust hér á landi. Í upphafi sumars gekk lækkunin til baka að hluta til en lækkaði aftur þegar líða tók á sumarið og fram á haust. Þegar veiking var hvað mest var gildi gengisvísitölu á árinu 18,5% hærra en það lægsta. Í lok árs hækkaði vísitalan aftur og endaði gengi krónunnar um 10,4% lægra heldur en í upphafi árs eins og fyrr segir. Vegna þessara sveiflna fór mælt ársflökt á krónunni hækkandi allt árið en var þó lægra en á fyrri hluta árs 2019. Eignir sameingardeildar í erlendri mynt í lok árs voru um 43% af eignum og vegur USD rúmlega helming í erlendu eignasafni sjóðsins. Undanfarin ár



Próun á gengisvísitölu krónunnar á árinu 2020. Gengi krónunnar lækkaði um 11,6% á árinu og nokkrar sveiflur voru á árinu.



Próun á ársflökti krónunnar árin 2019 og 2020. Eftir lækkun á ársflökti krónunnar árið 2019 jókst það aftur á árinu 2020 í kjölfar þess að COVID-19 barst til Íslands. Flökt er m.a. mælikvarði á sveiflur í gengi gjaldmiðils. Þegar óvissa ríkir á fjármálamörkuðum eru verðbreytingar tíðari, flökt mælist hærra og áhættan almennt talin vera meiri.

hefur vægi erlendra eigna í eignasafni sameignardeildar farið hækkandi og eru erlendar eignir óvarðar gagnvart sveiflum á gengi gjaldmiðla.

Eignir í erlendra mynt


	2020	2019	2018	2017	2016	2014
Hlutfall	43%	40%	35%	33%	27%	29%

e) Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta er sú hættu að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram raunávöxtun óverðtryggðra eigna. Verðbólguáhætta er viðvarandi í rekstri sjóðsins þar sem skuldbindingar eru að fullu verðtryggðar en eignasafnið er hins vegar að stórum hluta ávaxtað í óverðtryggðum verðbréfum.

Með stækkandi eignasafni og minna framboði af verðtryggðum skuldabréfum hefur hlutfall verðtryggðra eigna af eignum sjóðsins lækkað á undanförunum árum. Um nýliðin áramót var hlutfall verðtryggðra eigna sameignardeildar 27,9%. Með aukinni verðbólgu aukast skuldbindingar sjóðsins hraðar heldur en eignir hans, að öðru óbreyttu. Þó er það þannig að ýmsar eignir sjóðsins hafa eiginleika óbeinnar verðtryggingar sem milda áhrifin til lengri tíma liðið. Dæmi um slíkt eru erlendar eignir sjóðsins. Þegar krónan veikist þá getur verðbólga aukist vegna hækkandi verðs á innfluttum vörum en á móti hækka erlendar eignir sjóðsins í virði sem getur komið til móts við auknar skuldbindingar sjóðsins.

Þróun verðtrygðra eigna sem hlutfall af eignum



2. Mótaðilaáhætta

Með greiningu á mótaðilaáhöttu er leitast við að meta áhöttuna á því að mótaðilar sjóðsins standi ekki við skuldbindingar sínar. Undir mótaðilaáhöttu fellur m.a. útlánaáhötta, sem er sú áhötta að mótaðilar standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum. Dæmi um slíka fjármálagerninga eru skuldabréf, víxlar, skuldaviðurkenningar og innlán, en dæmi um aðra samninga sem geta falið í sér útlánaigildi eru afleiðusamningar. Útlánaáhötta er m.a. metin á grundvelli mats á lánsþæfi.

Lánsþæfi mótaðila lífeyrissjóðsins er metið af sjóðnum sjálfum og einnig er stuðst við opinbert lánsþæfismat þeirra mótaðila sem slíkt hafa. Stærsti einstaki mótaðili sjóðsins er Ríkissjóður Íslands. Lánsþæfiseinkunn Ríkissjóðs Íslands hefur farið batnandi síðustu ár og er lánsþæfiseinkunn á langtíma skuldbindingum ríkissjóðs í krónum A, bæði hjá Standard & Poor's og Fitch Ratings, en A-2 hjá Moody's og eru horfur metnar stöðugar hjá Standard and Poor's og Moody's en neikvæðar að mati Fitch Ratings. Hlutfall skuldabréfa útgefin af Ríkissjóði, eða með ábyrgð hans, er um 43% af skuldabréfasafni sameignardeildar og um 17% af eignum deildarinnar.

Mótaðilaáhötta vegna sjóðfélaga er m.a. mæld sem hlutfall sjóðfélagalána í yfir 90 daga vanskilum. Hlutfallið hefur lækkað undanfarin ár, var 0,7% í lok árs 2019 og er nú 0,7% miðað við svonefnda kennitöluáðferð. Lækkandi hlutfall vanskila hefur haldist í hendur við batnandi stöðu heimila, aukin kaupmátt og lága verðbólgu til lengri tíma. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður vegna heimsfaraldurs hefur hlutfall vanskila haldist óbreytt á milli ára. Í tengslum við aukna efnahagslega óvissu sökum heimsfaraldurs hóf sjóðurinn að bjóða lántökum greiðsluhlé á lánum sínum til allt að sex mánaða með möguleika á framlengingu að þeim tíma loknum. Í lok árs 2020 var hlutfall sjóðfélagalána í greiðsluhléi um 1,7% af heildarfjárhæð lána.

Vanskil sjóðfélagalána

	2020	2019	2018	2017	2016
Hlutfall	0,7%	0,7%	0,8%	1,1%	2,0%

Þróun yfir 90 daga vanskila miðað við kennitöluáðferð, þ.e. eftirstöðvar allra sjóðfélagalána einstaklinga sem eru með eitt eða fleiri lán í meira en 90 daga vanskilum sem hlutfall af eftirstöðvum allra sjóðfélagalána. Við útreikning á vanskilahlutfallinu er notast við kröfuvirði sjóðfélagalána, þ.e. ekki er tekið tillit til varúðarniðurfærslu.

3. Lífeyrstryggingaráhötta

Lífeyrstryggingaráhötta er skilgreind sem hættan á að lífeyrissjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar að fullu og að lækka þurfi réttindi sjóðfélaga. Sjóðurinn framkvæmir reglulega álagspróf til að meta hversu mikil áhrif ákveðnir áhöttupættir í rekstri sjóðsins hafa á tryggingafræðilega stöðu. Þá er sérstaklega verið að meta hvort tryggingafræðileg staða sjóðsins verði undir -10% miðað við að mismunandi áhöttupættir raungerist. Þetta er gert þar sem í 39. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um að ef tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða leiðir í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga, sé skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum. Með sama hætti þarf að gera breytingar á samþykktum ef munurinn hefur haldist 5% eða meiri síðastliðin 5 ár. Niðurstöður álagsprófsins má sjá í skýringu 19 í ársreikningi á bls. 104.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er jákvæð um 10,9% samanborið við 8,6% í lok árs 2019. Helstu áskoranir fyrir lífeyrissjóði almennt í framtíðinni eru þær lýðfræðilegu breytingar sem eru að eiga sér stað auk þess sem lækkandi vaxtastig mun að öðru óbreyttu þýða lægri fjármunatekjur af fjárfestingum í skuldabréfum. Lífslíkur fólks og örorkutíðni eru að aukast sem leiðir til þess að lífeyrisbyrði lífeyrissjóða eykst. Stöðu lífeyrissjóðsins í þessu tilliti er nánar gerð skil í kafla um tryggingafræðilega stöðu á bls. 87.

Sem hluti af lífeyrstryggingaráhöttu er lausafjáráhötta. Lausafjáráhöttu er skipt í seljanleikaáhöttu annars vegar og útstreymisáhöttu hins vegar.

Seljanleikaáhötta lýtur að áhöttunni á því að ekki sé unnt að selja tiltekna fjármálagerninga innan tiltekna tíma, eftir þörfum sjóðsins. 80,1% af eignum sameignardeildar eru í skráðum verðbréfum og innlánum sem almennt teljast auðseljanlegar eignir. Það á við þessa eignaflokka eins og aðra að takmörkuð eftirspurn og erfiðleikar á fjármálamörkuðum getur haft áhrif á verðmyndun og seljanleika þeirra.

Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs, skráð verðbréf og innlán

	2020	2019
Innlent laust fé	1,2%	0,6%
Erlent laust fé	3,6%	1,1%
Ríkisvixlar og -skuldabréf	16,7%	18,3%
Innlend skráð hlutabréf	12,8%	11,7%
Skráð skuldabréf sveitarfélaga, lánastofnana og annarra fyrirtækja	11,0%	9,8%
Erlend skráð hlutabréf	10,8%	14,5%
Erlend skráð hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum	24,0%	20,0%
Samtals	80,1%	76,0%

Útstreymisáhætta vísar hins vegar til hættunnar á því að ekki sé unnt að standa við greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga eða uppgjors samninga sem lífeyrissjóðurinn hefur undirgengist, t.d. vegna verðbréfavíðskipta. Lífeyrisbyrði sameignardeildar, þ.e. hlutfall greidds lífeyris af greiddum iðgjöldum var 53,6% á árinu 2020.

Af ofangreindri umfjöllun má sjá að lausafjáráhætta er lítil, m.a. vegna lágrar lífeyrisbyrði.

Lífeyrisbyrði sameignardeildar

í milljónum króna

	2020	2019	2018	2017	2016
Lífeyrir	18.140	16.279	14.548	13.401	11.783
Iðgjöld	33.834	34.818	32.693	28.688	24.774
Lífeyrisbyrði	53,6%	46,8%	44,5%	45,5%	47,6%

4. Rekstraráhætta

Undir rekstraráhættu fellur m.a. hættan á fjárhagslegu tapi eða neikvæðum áhrifum á orðspor sjóðsins vegna ófullnægjandi innri reglna, verkferla, upplýsingakerfa, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta í rekstrarumhverfi sjóðsins.

Skilvirkar leiðir til að takmarka rekstraráhættu eru skýrar innri reglur, starfslýsingar, verkferlar sem skilgreina verklag við helstu verkþætti og skýrt skipurit.

Undanfarin ár hefur sjóðurinn verið í innleiðingu á raf-rænu skjalakerfi. Hluti af skjalakerfinu er gæðahandbók sem inniheldur öll gæðaskjöl sjóðsins. Þetta eru ferlar, reglur, verklagsreglur, vinnulýsingar, sniðmát og önnur skjöl. Markmið með innleiðingunni er m.a. að samræma verklag í starfsemi sjóðsins, gera það aðgengilegt á miðlægum stað og draga úr rekstraráhættu.

Undir rekstraráhættu flokkast jafnframt pólitísk áhætta, en hún er skilgreind sem áhættan af því að aðgerðir eða aðgerðarleysi stjórnvalda auki lífeyrisbyrði sjóðsins eða skerði eignir hans, auk annarra neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórn-

valdsaðgerðir kann að skapa. Undir þetta falla t.a.m. breytingar á lögum eða reglum um starfsemina eða túlkun þeirra sem valda verulegum breytingum á starfseminni. Þetta kunna t.d. að vera breytingar á lögum um lífeyrissjóði, uppgjorsreglum, skattalögum, lögum um aðra aðila sem hafa áhrif á starfsemi sjóðsins, eftirliti og eftirlitsreglum og heimildum til fjárfestinga.

Á undanförunum árum hefur verið mikil umræða um netógnir og eru þær alltaf að verða meiri ógn við rekstur fyrirtækja. Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur ávallt lagt sig fram um að gæta fyllsta öryggis hvað netöryggismál varðar. Á undanförunum árum hefur verið ráðist í fjölda verkefna með það að markmiði að efla varnir gegn netögnum.

Í byrjun árs 2019 tóku í gildi lög nr. um 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Innleiðing á þeim kröfum sem settar eru á sjóðinn í lögunum hefur staðið yfir síðan að þau tóku gildi og hefur gengið vel. Fjöldmörg verkefni hafa verið kláruð sem miða að því að draga úr líkum á því að sjóðurinn sé nýttur í peningabætti eða aðra ólöglega starfsemi. Útfærsla á verkefnum tengd lögunum mun halda áfram á næstu misserum og er ljóst að útfærsla á þeim verkefnum sem ráðist hefur verið í hefur dregið úr sviksemisáhættu hjá sjóðnum.



Hluthafastefna

Í stefnu þessari eru kynntar áherslur stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) varðandi viðmið um stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í. Það er markmið stjórnar LV að stefnan styðji við góða stjórnarhætti félaga og þróun þeirra.

Stefnan kemur í stað áður gildandi hluthafastefnu sjóðsins. Í henni eru kynnt þau viðmið sem LV leggur áherslu á við meðferð eignarhalds í hlutafélögum sem eru skráð á hlutabréfamarkaði og sjóðurinn fer með eignarhlut í. Stefna þessi gildir einnig eftir því sem við á fyrir óskráð félög sem LV hefur fjárfest í. Eðli málsins samkvæmt er stefnunni fyrst og fremst beint til félaga sem skráð eru á Íslandi. Þó gilda grundvallarviðmið hennar einnig fyrir félög sem sjóðurinn er hluthafi í og sem skráð eru erlendis.

Stefnan felur í sér stefnumarkandi atriði sem lögð er áhersla á en um leið er tekið fram að ekki er um ófrávíkjanlegar reglur að ræða og fer mat á áherslum og eftirfylgni eftir atvikum hverju sinni.

Við framkvæmd stefnunnar og eftirfylgni varðandi einstök atriði er m.a. litið til fjárhæðar og hlutfalls eignarhlutar LV í viðkomandi félagi, stærðar viðkomandi félags og möguleika sjóðsins á að hafa áhrif á þau atriði sem um ræðir.

1. Um hlutverk LV og áherslu á stjórnarhætti félaga

- Eitt meginhlutverk LV er að ávaxta eignasafn sjóðsins til lengri tíma með ábyrgum hætti.
- LV leggur áherslu á að félög sem sjóðurinn fjárfestir í viðhafi vönduð vinnubrögð við rekstur og ástundi góða stjórnarhætti.
- Stjórnarhættir eru hér skilgreindir sem samband milli stjórnenda félags, stjórnar þess, hluthafa og annarra haghafa (e. stakeholders). Stjórnarhættir ákvarða með hvaða hætti félagi er stjórnað. LV telur að stjórnarhættir félags geti skipt sköpum, því félag sem viðhefur góða stjórnarhætti er líklegra til að vera samkeppnishæfara og vegna vel til lengri tíma litið.
- LV hefur það hlutverk að taka á móti iðgjöldum frá sjóðfélögum, ávaxta eignir sjóðsins og greiða út lífeyri á grundvelli samþykktá sjóðsins. Markmið sjóðsins er að ávaxta eignasafn hans með sem bestum hætti með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Sjóðurinn er langtímafjárfestir. Því er lögð áhersla á að þeim félögum sem sjóðurinn fjárfestir í sé stýrt með langtímahagsmunum þeirra í huga.
- Sjóðurinn gegnir eigendaskyldum sínum með virkum hætti og kemur ábendingum um rekstur og stefnu félaga auk bættra stjórnarháttá, sem sjóðurinn er hluthafi í, á framfæri með beinum samskiptum við stjórn og/eða forstjóra viðkomandi félaga og/eða á hluthafafundum.
- Sjóðurinn tekur jafnframt afstöðu til mála á hluthafafundum með atkvæðum sínum og á hlutabréfamarkaði með aðgerðum sínum.

2. Vegvísar LV sem fjárfestis

Við fjárfestingar í félögum gengur LV út frá eftirfarandi:

- Félag sem skráð er á hlutabréfamarkað hefur undirgengist þá skuldbindingu gagnvart hluthöfum að meginmarkmið þess sé að ávaxta fjármuni hluthafa.
- Við ávöxtun fjármuna félags ber stjórn og stjórnendum félags að líta til langtímahagsmuna félagsins.
- Atkvæðaréttur er einn grundvallaréttur sem fylgir eignarhlut í félagi. Áhersla er lögð á meginregluna einn hlutur – eitt atkvæði.
- Áhersla er lögð á að stjórn og stjórnendur félags gæti þess að reka það í samræmi við lög og með eðlilegu tilliti til annarra haghafa. Með þessu er LV þó á engan hátt að taka afstöðu til eðlilegrar hagsmunagæslu félags, til að mynda hvað varðar samkeppni á markaði, samskipti við starfsmenn eða birgja.
- Áhersla er lögð á að stjórnendur gæti að reglum og viðmiðum sem gilda fyrir viðkomandi starfsemi varðandi umhverfismál.
- Lífeyrissjóðurinn er aðili að reglum Sameinuðu Þjóðanna (Principles for Responsible Investment – PRI) um ábyrgar fjárfestingar, ásamt mörgum af stærstu lífeyrissjóðum og fagfjárfestum vestan hafs og í Evrópu. Í reglunum er fjallað um hvernig áhersla á umhverfisleg og samfélagsleg málefni auk góðra stjórnarháttá fyrirtækja getur stuðlað að bættum fjárfestingarárangri verðbrefasafna. Þannig fari saman hagsmunir fjárfesta og markmið þjóðfélagsins í víðara samhengi.
- LV telur mikilvægt að félög, einkum þau sem skráð eru á hlutabréfamarkaði, setji sér opinbera stefnu um:
 - að viðhafa góða stjórnarhætti
 - starfskjör
 - samfélagslega ábyrgð og umhverfismál

Um einstök atriði varðandi stjórnarhætti félaga

3. Atkvæðisréttur

- a) LV nýtir atkvæðisrétt sinn á hluthafafundum í félögum sem sjóðurinn hefur fjárfest í á Íslandi.
- b) Framkvæmdastjóri LV ákveður hver skuli fara með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í og hefur heimild til að veita öðrum aðila umboð til að fara með atkvæðisrétt sjóðsins.
- c) Við beiðingu atkvæðisréttar styður LV tillögur sem sjóðurinn telur til þess fallnar að auka verðmæti hlutafjár og samræmast hagsmunum lífeyrissjóðsins sem fjárfestis.
- d) Með vísan til vegvísa LV sem fjárfestis gengur sjóðurinn út frá því að stjórn félags leitist ávallt við að gæta sem best langtímahagsmuna félagsins. Því styður LV almennt tillögur stjórnar á hluthafafundum. LV lítur á það sem síðasta valkost að kjósa gegn tillögum stjórnar, að öðrum leiðum fullreyndum.
- e) LV mun að öðru jöfnu beita sér gegn tillögum sem sjóðurinn telur að hafi neikvæð áhrif á rétt hluthafa eða fjárhagslega hagsmuni þeirra. LV mun í slíkum tilvikum almennt leitast við að gera stjórn viðkomandi félags kunnugt um afstöðu sína áður en til atkvæðagreiðslu kemur á hluthafafundi.

- f) LV leggur áherslu á meginregluna um að jafn atkvæðisréttur fylgi hverjum hlut í félagi. Þar af leiðir mun LV að öðru jöfnu greiða atkvæði gegn tillögum sem leiða til annarrar niðurstöðu.
- g) LV telur að forkaupsréttur hluthafa að nýju hlutafé sé mikilvægur réttur hluthafa til að tryggja eignarhlut sinn í félagi. Við mat á mögulegri eftirgjöf forkaupsréttar er almennt litið til rekstrarhagsmuna félagsins og eiginahagsmuna LV.
- h) LV birtir samhliða ársskýrslu upplýsingar um ráðstöfun atkvæðisréttar síns, fyrir næstliðið almanaksár, á hluthafafundum skráðra félaga sem hann á hlut í og sóttir eru fyrir hönd sjóðsins. Yfirlit þetta skal vera aðgengilegt á vef sjóðsins.

4. Val og samsetning stjórnar í félögum

- a) LV lítur á stjórn félags sem heild og hlutverk allra stjórnarmanna sé að vinna sameiginlega að hagsmunum félagsins og gæta þess á sama tíma að hagsmunir einstakra hluthafa eða hluthafahópa séu ekki teknir fram fyrir hagsmuni annarra.
- b) Áhersla er lögð á að samsetning stjórnar sé með þeim hætti að reynsla, menntun og hæfni stjórnarinnar í heild hæfi sem best þörfum félagsins.



- c) Áhersla er lögð á að meirihluti stjórnarmanna sé óháður stjórnendum félagsins og að meirihluti þeirra sé óháður félaginu. Við mat á óhæði gagnvart félaginu er litið til viðmiða sem settar eru fram í leiðbeiningum um stjórnarhætti¹.
- d) LV styður fyrirkomulag sem byggir á því að stjórnarmenn séu kosnir beinni kosningu á hluthafafundi.
- e) LV styður fyrirkomulag sem tryggir að stjórnarmenn séu kosnir árlega.
- f) LV telur æskilegt að kosning til stjórnar fari að jafnaði fram á grundvelli almennra reglna hlutafélagalaga, þ.e. með meirihlutakosningu, eða öðrum þeim hætti sem mælt er fyrir um í samþykktum viðkomandi félags. LV áskilur sér þó rétt til að krefjast margfeldiskosningar einn sér eða ásamt öðrum hluthöfum ef sjóðurinn telur að ekki sé tekið eðlilegt tillit til sjónarmiða hans varðandi fyrirhugað stjórnarkjör.
- g) LV leggur áherslu á að fjöldi stjórnarmanna sé hæfilegur með hliðsjón af eðli félags og umfangi rekstrar þess.
- h) Ef tilnefningarnefnd félags kemur að gerð tillagna um samsetningu stjórnar leggur LV áherslu á eftirfarandi atriði auk þeirra atriða sem koma fram í hluthafastefnu þessari, m.a. 3. og 4. gr.:
 - i) að eignarhlutur og atkvæðavægi hluthafa endurspeglar með eðlilegum hætti í samsetningu stjórnar félags
 - ii) að skipan og starf tilnefningarnefndar takið mið af gildandi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja², meðal annars varðandi óhæði, verklag og að kosið skuli um tillöguna á hluthafafundi
- a) að einstaka hluthafar eða hópur hluthafa gæti þess að hafa hvorki með beinum eða óbeinum hætti áhrif á störf nefndarinnar umfram það sem leiðir með eðlilegum hætti af vægi eignarhlutar í viðkomandi félagi.

5. Stjórnarlaun og starfskjarastefna

- a) Við ákvörðun um endurgjald fyrir stjórnarsetu skal taka eðlilegt tillit til umfangs og eðlis rekstrar, ábyrgðar og vinnuframlags.
- b) Upplýsingar um starfskjarastefnu og framkvæmd hennar skulu vera fjárfestum vel aðgengilegar.
- c) Starfskjarastefna er á ábyrgð stjórnar félags. Hún skal sett í samræmi við ákvæði laga og

leiðbeiningar um stjórnarhætti. Eðlilegt er að stefnan nái til launa og annarra starfskjara forstjóra, framkvæmdastjóra, eftir atvikum annarra æðstu stjórnenda og stjórnarmanna þess.

- d) Lögð er áhersla á að starfskjarastefna og forsendur hennar séu kynntar fyrir hluthöfum tímanlega fyrir aðalfund þannig að hluthafar geti tekið upplýsta afstöðu til stefnunnar.
- e) Ef kjör byggja að einhverju leyti á breytilegum greiðslum skulu þær byggja á efnislegu mati stjórnar/starfskjaranefndar og hafa skýran rekstrarlegan tilgang. LV leggur í þessu sambandi áherslu á að ef starfskjör eru árangurstengd í formi kaupauka (breytileg kjör, annað en föst laun), sé þess gætt að bein tengsl séu á milli langtímamarkmiða félagsins í þágu hluthafa annars vegar og þeirra stjórnenda sem njóta breytilegra kjara hins vegar. Réttur til árangurstengdra launa byggir á viðmiðum til lengri tíma og sé með þeim hætti að sem minnst hætta sé á að sértækir hagsmunir eða skammtímasjónarmið hafi áhrif á þau kjör.

6. Áherslur varðandi hlutverk stjórnar félags

- a) LV leggur áherslu á að stjórn starfi í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti og setji sér starfsreglur sem hún yfirfer reglulega.
- b) LV telur mikilvægt að stjórn útlísi í reglum félags með hvaða hætti verkaskiptingu stjórnar og forstjóra er háttáð og skilgreini valdheimildir hans, m.a. með hliðsjón af reglum félagaréttar.
- c) LV telur mikilvægt að stjórn hafi ætíð langtímahagsmuni félagsins að leiðarljósi í ákvarðanatöku sinni.
- d) LV telur mikilvægt að stjórn taki virkan þátt í stefnumótun félags og stuðli að virku innra eftirliti og áhættustjórnun.
- e) LV telur mikilvægt að stjórn meti eigin störf árlega með árangursmati ásamt því að meta störf forstjóra og undirnefnda stjórnar.
- f) LV væntir þess, ef við á, að undirnefndum stjórnar séu settar starfsreglur sem stjórn samþykkir og að stjórn sé haldið upplýstri um störf undirnefnda.
- g) LV væntir þess að stjórn sjái til þess að félagið birti fullnægjandi upplýsingar um stjórnarhætti sína.
- h) Með hliðsjón af hagsmunum hluthafa leggur LV áherslu á að stjórn tryggi sem best að félag sinni upplýsingagjöf til markaðarins í samræmi við lög og innlend og erlend viðmið (e. best praxis). Með því er stuðlað að því að fá betri kjör á fjármögnun félagsins sem styður við samkeppnisstöðu þess og rekstur og þar með langtímahagsmuni haghafa félagsins.

1 Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins – Nú 5. útgáfa.

2 Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins – Nú 5. útgáfa.

Samskipti LV við stjórnir, stjórnendur og aðra hluthafa

7. Samskipti við stjórn, stjórnendur og aðra hluthafa félags

- a) LV telur mikilvægt að sjálfstæði stjórnarmanna í störfum þeirra sé virt sem og þagnar- og trúnaðarskylda sem á þeim hvílir.
- b) Áhersla er lögð á að gæta að reglum um meðferð innherjaupplýsinga í samskiptum við stjórn og stjórnendur félags.
- c) LV leggur áherslu á að í samskiptum sé gætt þeirra sjónarmiða sem samkeppnislög og virk samkeppni byggja á.
- d) LV kynnir hluthafastefnu sína um stjórnarhætti og eftir atvikum aðrar áherslur varðandi afstöðu LV sem eiganda, fyrir þeim félögum sem hann fjárfestir í.
- e) Ef tilefni er til á LV bein samskipti við stjórn og/eða forstjóra félags ef það er mat sjóðsins að stefna félagsins eða einstakar ákvarðanir séu í grundvallaratriðum í ósamræmi við hluthafastefnu lífeyrissjóðsins. Slík samskipti eru eftir atvikum bréflög eða á vettvangi formlegra funda.
- f) Ef LV telur að félag bregðist ekki við ábendingum eða athugasemdum sjóðsins með ásættanlegum hætti mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni á hluthafafundum eða eftir atvikum með öðrum hætti.
- g) LV beitir ekki áhrifum sínum beint gagnvart þeim stjórnarmanni sem sjóðurinn kann að styðja í krafti eignarhalds sjóðsins. Sjóðurinn áskilur sér þó rétt til að kynna viðkomandi stjórnarmanni og eftir atvikum öðrum stjórnarmönnum afstöðu sína til stjórnarháttanna og annarra atriða sem varða þróun og viðgang félagsins.
- h) LV kemur sem hluthafi ekki að einstökum rekstrarákvörðunum eða stefnumótandi ákvörðunum stjórnar félags, nema eftir eðli máls á vettvangi hluthafafundar.
- i) Í félögum þar sem til staðar er öflugur kjölfestufjárfestir, eða hópur fjárfesta sem móta sameiginlega afstöðu til stefnumótunar og rekstrar félags, leggur LV áherslu á að til grundvallar stefnumarkandi ákvörðunum og rekstrarákvörðunum sé gætt eðlilegra hagsmuna allra hluthafa.



Stjórn

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum. Fjórir eru tilnefndir af stjórn VR, þrír af Samtökum atvinnulífsins og einn af Félagi atvinnurekenda. Hvert framan- greindra aðildarsamtaka sjóðsins tilnefndir einn stjórnarmann til vara. VR tilnefnir stjórnarmenn til fjögurra ára í senn en tilnefningartími stjórnarmanna sem tilnefndir eru af Samtökum atvinnulífsins og Félagi atvinnurekenda er tvö ár. Stjórn sjóðsins skipa:

Stefán Sveinbjörnsson formaður
Guðrún Hafsteinsdóttir varaformaður
Árni Stefánsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Guðný Rósa Þorvarðardóttir
Guðrún Johnsen
Helga Ingólfssdóttir
Jón Ólafur Halldórsson

Bjarni Þór Sigurðsson, Guðrún Johnsen, Helga Ingólfssdóttir og Stefán Sveinbjörnsson eru tilnefnd af VR, Árni Stefánsson, Jón Ólafur Halldórsson og Guðrún Hafsteinsdóttir eru tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins og Guðný Rósa Þorvarðardóttir er tilnefnd af Félagi atvinnurekenda.

Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins samkvæmt ákvæðum laga og samþykktum hans. Meðal þess sem stjórnin fjallar um á fundum sínum eru breytingar á samþykktum, mótun áhættu-, fjárfestingar- og hlut- hafastefnu, eftirlit með fjárfestingum, mótun innra eftirlits, lánareglur, fjárhagsáætlanir og kynningar- mál. Á liðnu ári kom stjórnin nítján sinnum saman til fundar og frá stofnun sjóðsins hafa verið haldnir 1172 stjórnarfundir.





Sjálfbæriskýrsla

2020



Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

Sjálfbærnisráðgjafi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2020

Efnisyfirlit

1	Inngangur	42
2	Ávarp framkvæmdastjóra	43
3	Stefnumótandi áherslur	46
4	Viðskiptalíkan	46
5	Áfangar í samfélagsábyrgð	50
6	Haghafar	50
7	Heimsmarkmiðin	52
8	Mikilvægisgreining	57
9	Rekstur út frá UFS þáttum	58
10	Lífeyrir	65
11	Ábyrgar fjárfestingar	67
12	Áhættustýring	69
13	Umboð	70

1 Inngangur

Í skýrslu þessari eru upplýsingar um svonefnda ófjárhagslega þætti í starfsemi LV. Með sjálfbærni er hér vísað til jafnvægis milli sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda og gæða, þeirra félagslegra gilda sem flestir eru sammála um og sjálfbærs efnahags.


LV vinnur að því að innleiða stefnur og starfshætti varðandi sjálfbærni. Í framhaldi af greiningum á rekstri sjóðsins m.t.t. UFS þátta starfseminnar (umhverfismál – félagslegir þættir – stjórnarhættir), sem birt var í fyrsta sinn í sérstökum kafla með ársskýrslu 2019, hafa sjálfbærniþættir verið innleiddir og lykilmælikvarðar í rekstri uppfærðir.

Fyrsta sjálfbærnisráðgjafi

LV birtir hér í fyrsta sinn sjálfstæða sjálfbærnisráðgjafi sem tekur á helstu þáttum sjálfbærrar þróunar þar sem litið er til:

- efnahagsþátta,
- umhverfisþátta og
- félagslegra þátta

Grunnþættir sjálfbærni



Markmiðið með skýrslunni er að gefa haghöfum glögga, trausta og gegnsæja mynd af svonefndum ófjárhagslegum upplýsingum (e. extra financial information) í starfsemi sjóðsins.

Starfsemi LV byggir á samþykktum sjóðsins og starfsleyfi sem er veitt á grundvelli laga. Meginhlutverk lífeyrissjóðsins er að taka á móti iðgjöldum, ávaxta eignir sameignar- og séreignardeilda og greiða sjóðfélögum lífeyri. Liðir í þessari starfsemi eru upplýsingagjöf og almenn þjónusta við sjóðfélaga og iðgjaldagreiðendur sem og samskipti við fjármála-fyrirtæki og útgefendur fjármálagæringa.

Lagakröfur og heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun

Starfsemi LV varðar með margvíslegum hætti sér-tæka hagsmuni sjóðfélaga sem felast í rétti þeirra til lífeyris sem og hagsmuni annarra haghafa sjóðsins. Í lögum um ársreikninga eru lífeyrissjóðir skilgreindir sem einingar tengdar almannahagsmunum. Því fylgir m.a. áskilnaður um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga í tengslum við birtingu ársreiknings, sbr. gr. 66-d í lögum um ársreikninga. Í yfirliti sem fylgir skýrslu stjórnar skal setja fram nauðsynlegar upplýsingar til að leggja mat á stefnu, þróun, umfang, stöðu, áhrif, megin áhættuþætti og áreiðanleika lykilmælikvarða ófjárhagslegra þátta lífeyrissjóðsins í tengslum við umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir mannréttindamálum og hvernig spornað er við spillingar- og mútumálum. Einnig skal gera grein fyrir viðskiptalíkani sjóðsins og lykilmælikvörðum því tengdum. Sjálfbærnisráðgjafi þessari er ætlað að gefa skýra mynd af ofangreindum þáttum starfseminnar og styðja við upplýsingar sem koma fram í skýrslu stjórnar um ófjárhagslega þætti.

Eins og kemur nánar fram í skýrslunni var starfsemi LV m.a. greind út frá áhrifum á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Áherslumarkmið voru

valin og viðskiptalíkan sjóðsins og haghafagreining þróuð áfram. Við greiningu og framsetningu upplýsinga um ófjárhagslega þætti var stuðst við viðurkennd alþjóðleg viðmið og staðla sem er vísað til í sérstakri töflu í viðauka. Ófjárhagslegir þættir voru greindir með tilliti til ákvæða gr. 66-d í lögum um ársreikninga.¹ Auk þess var litið til viðmiða um samþætta skýrslugerð við framsetningu.



HEIMSMARKMIÐIN um sjálfbæra þróun

¹ Sjá lög um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum.

Stefnumótun

Við stefnumótun og eftirfylgni sjálfbærniþátta í rekstri er lögð áhersla á virka þátttöku stjórnar og starfsfólks í samvinnu við sjálfbærniráðgjafa frá Ábyrgum lausnum ehf. Þannig byggist upp mikilvæg þekking og menning innan sjóðsins sem styður við áherslu á sjálfbærni í rekstri. Markmiðið er að styrkja rekstur sjóðsins, styðja við ábyrgar fjárfestingar, bæta þjónustu við sjóðfélaga, efla áhættustýringu og styðja við góðan langtímaárangur í starfseminni.

Mikilvægisgreining

Lykilþættir í starfseminni voru greindir í mikilvægisgreiningu (e. materiality analysis). Þegar vísað er til mikilvægis er vísað til þátta í rekstri sjóðsins sem hafa umtalsverð áhrif á mikilvæga umhverfis-, félagslega- og efnahagslega þætti með tilliti til sjálfbærni.

Mikilvægisgreiningin byggir á skiptingu starfseminnar í þrjár stoðir þar sem litið er til rekstrar, lífeyris og eignasafna. Þessi aðgreining gengur þvert á svið og deildir lífeyrissjóðsins. Með því er leitast við að aðgreina ólíka þætti starfseminnar og beita sjálfbærniáherslum sem best henta hverju sinni. Þannig er til að mynda sérstök umfjöllun um sjálfbærniþætti rekstrar í kafla 9, um lífeyri í kafla 10 og ábyrgar fjárfestingar í kafla 11. Umfjöllun um umboð LV í kafla 13 lýtur að mestu að eignasöfnum þó hún hafi líka almenna skírskotun til rekstrar og lífeyris.

Viðtöl voru tekin við starfsfólk sem kemur að öllum þremur stoðum starfseminnar; rekstri, lífeyri og eignasöfnum. Könnun var gerð meðal starfsmanna og stjórnar, vinnustofa var haldin þar sem öllum starfsmönnum var gefinn kostur á þátttöku, og ítarleg viðtöl voru tekin við hópa stjórnenda. Samhliða því voru haldin námskeið fyrir starfsfólk um inntak og aðferðafræði sjálfbærni. Vitundarvakning og hvatning til góðra verka endurspegladist í þeirri vinnu sem hefur farið fram. Það er trú okkar að þannig nái sjóðurinn betri árangri við innleiðingu sjálfbærni í stefnumótun og kjarnastarfsemi. Það er stefna LV að próa þessa vinnu og upplýsingagjöf á komandi árum, sjóðfélögum, starfsfólki og öðrum haghöfum lífeyrissjóðsins til hagsbóta.

Fyrirspurnir varðandi skýrsluna skal senda á Tómas N. Möller á pósthöfund tomas.n.moller@live.is

2 Ávarp framkvæmdastjóra

Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur einsett sér að vera í hópi framsækinna aðila varðandi stefnu og upplýsingagjöf um sjálfbærniþætti í starfsemi sjóðsins. LV fylgir viðurkenndum viðmiðum og stöðlum við mótun stefnu, greiningu og upplýsingagjöf um árangur til sjóðfélaga, starfsmanna, útgefenda verðbréfa og annarra haghafa sjóðsins. Það er mat LV að með því sinni sjóðurinn betur hlutverki sínu gagnvart sjóðfélögum, styðji við góðan rekstur og áhættustýringu almennt og stýringu eignasafna..

Áskoranir sem við stöndum frammi fyrir varðandi neikvæða þróun loftslagsmála, mikilvægra vistkerfa, auðlindanýtingar og ýmissa félagslegra þátta, eykur enn áherslur LV á sjálfbærni og samfélagsábyrgð. Margt í tengslum við yfirstandandi heimsfaraldur hefur minnt okkur á mikilvægi þessa. Lífeyrissjóðurinn vill leggja sitt að mörkum og leggur því aukna áherslu á alla þætti sjálfbærrar þróunar í starfsemi sinni.

Það er okkur ánægja að birta hér í fyrsta sinn sem hluta af ársskýrslu, heildstæða skýrslu sem tekur á öllum þáttum sjálfbærni í starfsemi sjóðsins. Skýrslan hefur verið unnin með breiðri og virkri aðkomu starfsfólks í samstarfi við ráðgjafa.

Sú mikilvæga vinna sem hófst árið 2019 hélt áfram á liðnu ári. Sjálfbærniþættir starfseminnar voru greindir og upplýsingar birtar samhliða ársskýrslu um svenefnda UFS þætti í rekstri, það er umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti. Frekari greining allra þriggja þátta sjálfbærni var unnin, það er efnahags-, umhverfis-, og samfélagsþátta, á allar þrjár stoðir í starfsemi LV; rekstur, lífeyri og eignasöfn. Auk þess fór fram greining á áherslum tengdum markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Í framhaldi voru rekstrartengdir áhersluþættir valdir til að styðja við jákvæð áhrif á sjálfbæra þróun starfseminnar.

Eins og fram kemur í skýrslunni gætir áhrifa á sjálfbæra þróun mest í eignasöfnum sjóðsins. Nú vinnum við markvisst að greiningu eignasafnanna með aukinni áherslu á ábyrgar fjárfestingar. LV fylgir þannig alþjóða straumum og stefnum við að beina fjárfestingum í auknum mæli í verkefni sem hafa verið greind út frá UFS þáttum. Þannig stuðlar sjóðurinn að jákvæðum áhrifum á umhverfi, samfélag og efnahag.

Samvinna og samstillt átak stjórnar og starfsmanna gerir sjóðnum betur kleift að takast á við þær áskoranir og tækifæri sem felast í auknum áherslum á sjálfbærni. Þannig leggur Lífeyrissjóður verzlunarmanna sitt af mörkum í verndun auðlinda til frekari verðmætasköpunar fyrir kynslóðir framtíðarinnar.

Guðmundur Þ. Þórhallsson,
framkvæmdastjóri

Þetta er Lífeyrissjóður verzlunara

Lykilupplýsingar um starfsemi sjóðsins 2020

LV stofnaður
í febrúar
1956 

50 
starfsmenn **33** konur og **17** karlar
Stjórnendur: **4** konur og **8** karlar

Stjórn: **8** stjórnarmenn

4 konur og
4 karlar 


Lífeyrisiðgjöld


35,9 
milljarðar


Til sameignardeildar **33,8** milljarðar


Til séreignardeildar **2,1** milljarðar


Þjónusta á skrifstofu sjóðsins
og á veraldarvefnum

 Fjöldi símtala til sjóðsins: **27.636**

 Heimsóknir í afgreiðslu: **5.493**

 Heimsóknir á ytri vef: **292.262**


 Heimsóknir á sjóðfélagavef: **77.604**


Kolefnisfótspor
af rekstri skrifstofu
21,4 tonn 


Raforkunotkun og heitt vatn
vegna reksturs skrifstofu
553.441 kWst. 

Greiddur lífeyrir


Samtals **18,9** 
milljarðar

 Eftirlaun **13,4** milljarðar

 Lífeyrir vegna skertrar starfsgetu **3,4** milljarðar

 Maka- og barnalífeyrir **1,1** milljarðar

 Séreign **1,0** milljarðar


 Meðalhækkun lífeyrisgreiðslna
á ári síðastliðin 10 ár: **11%**



Fjöldi sjóðfélaga 
175.193

Um **2.800** eignir 
í **58** löndum, að frátöldum sjóðfélagalánum

Sameignardeild 2020
raunávöxtun
10,8% 
20 ára árleg raunávöxtun er **4,5%**
10 ára árleg raunávöxtun er **6,7%**



Eignasöfn
Samtals **1.013,2** 
milljarðar


Fimm eignasöfn í tveimur deildum

• Sameignardeild **991,5 milljarðar**

• Séreignardeild **21,7 milljarðar**

Tekjur af eignasöfnum **130** milljarðar

Eignasamsetning sameignardeildar



3 Stefnumótandi áherslur

Samfélagsábyrgð er samvinnuð kjarnastarfsemi lífeyrissjóðsins og hefur verið ríkur þáttur í starfsemi hans um árabíl, en hefur fengið meiri fókus undanfarin ár. Áherslur LV birtast m.a. í reglum og viðmiðum sem sjóðurinn hefur sett sér, svo sem varðandi stjórnarhætti, ábyrgar fjárfestingar og í gildum hans.

Grunnildir LV: Ábyrgð – Umhyggja – Árangur

Ábyrgð: Með ábyrgð er lögð áhersla á fagmennsku, áræði og samvirkusemi. Þetta birtist m.a. í vandaðri áhættustýringu, eftirfylgni með fyrirtækjum sem fjárfest er í og áherslu á góða stjórnarhætti. Til grundvallar þurfa að liggja vönduð vinnubrögð, hæft starfsfólk og skýr skilaboð frá stjórn um ábyrg vinnubrögð.

Umhyggja: Með umhyggju er lögð áhersla á heilindi og ráðvendi sem birtist m.a. í frumkvæði í þjónustu og góðu viðmóti. Lögð er áhersla á að virkja og hvetja starfsfólk í starfi og að það sé þátttakendur í stefnumótun og markmiðasetningu sjóðsins.

Árangur: Með árangri er áhersla lögð á að keppa að settum markmiðum og skila góðu starfi við stjórnun og í öðrum störfum fyrir sjóðinn. Þessi markmið birtast m.a. í áherslum á skilvirkni, arðsemi, stöðugleika í rekstri, starfsánægju, opna stjórnarhætti og vilja til að veita sjóðfélögum á öllum aldri góða þjónustu. Eftirfylgni felst í raunhæfri markmiðasetningu og hvatningu til starfsmanna.

4 Viðskiptalíkan

Grundvöllur starfsemi: LV starfar á grundvelli starfsleyfis fjármálaráðherra, í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, og samþykktu sjóðsins. Í samþykktum kemur fram að sjóðurinn starfar á grundvelli kjarasamnings Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) frá 12. desember 1995 og samnings ASÍ og SA frá 24. apríl 2018 samanber samning VR, SA og Félags atvinnu- rekenda frá 23. apríl 2018, samanber breytingar á samþykktum sem tóku gildi 1. september 2019.



Aðild að LV: Sjóðfélagar skulu vera allir þeir launþegar sem eru félagar í VR og kjarasamningar félagsins og vinnuveitenda taka til, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í kjarasamningi. Félagsmönnum annarra félaga verslunarmanna er heimil aðild að sjóðnum. Ennfremur er þeim launþegum rétt og skylt að eiga aðild að sjóðnum, sem byggja starfskjör sín á kjarasamningi VR þar sem hann ákvarðar lágmarksstarfskjör í starfsgreininni eða ráðningarbundin starfskjör launþegans byggjast á þeim samningi og launþeginn á ekki skyldu aðild að öðrum lífeyrissjóði. Sjálfstæðum atvinnurekendum og einstaklingum sem ekki byggja ráðningarbundin starfskjör sín á kjarasamningi er heimil aðild að sjóðnum.

Grunnþættir í viðskiptalíkani: Viðskiptalíkan sjóðsins byggir á því meginhlutverki hans, samkvæmt framangreindum lögum og samþykktum sjóðsins, að:

- taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga sem mynda grundvöll réttinda,
- ávaxta eignir sjóðsins í sameignar- og sér eignardeildum,
- greiða út ævilangan lífeyri vegna elli, áfallalífeyri í formi örorkulífeyris til sjóðfélaga og barna þeirra, sem og maka- og barnalífeyri vegna fráfalls sjóðfélaga,
- greiða út séreignarlífeyri vegna aldurs, örorku eða fráfalls.

Þá veitir LV sjóðfélögum sínum einnig sjóðfélagalán í formi fasteignaveðlana í samræmi við lánareglur á hverjum tíma.

Samfélagsleg áhrif og fjölþættir framleiðsluþættir LV:

Sjóðurinn stýrir umfangsmiklum eignasöfnum og greiðir fjölmörgum sjóðfélögum lífeyri, sem er í mörgum tilvikum grundvöllur framfærslu þeirra eftir starfslok. Af því leiðir að rekstur sjóðsins hefur áhrif á fjölda hagaðila og marga þætti samfélagsins.

Til að lýsa samverkandi þáttum í starfsemi skipulagsheilda hafa verið skilgreindar lykilauðlindir eða fjölþættir framleiðsluþættir (e. multi capitals) í rekstri LV sem stuðla að verðmætasköpun. Árið 2019 var starfsemi sjóðsins greind með tilliti til lykilauðlinda og þau sett fram í formi viðskiptalíkans sjóðsins. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun hafa nú verið greind með tilliti til starfsemi sjóðsins og hafa áherslumarkmið LV nú verið tengd við heimsmarkmiðin. Nú má því skilgreina hvernig sjóðurinn getur beint eða óbeint haft jákvæð áhrif á heimsmarkmiðin.

Við þessa greiningu á starfsemi sjóðsins var haft að leiðarljósi að setja fram stefnumótandi markmið með tilliti til heimsmarkmiðanna, þar sem litið er til allra þátta sjálfbærni; efnahags, umhverfis og samfélags.



Viðskiptalíkan

Myndin sýnir auðlindir (framleiðslupætti) sem starfsemi LV byggir á og virðisauka sem hún skapar. Ferlið er hringrás framleiðslupátta, starfsemi og virðisauka.

Auðlindir

Starfsemi LV



FJÁRMAGN

Sjóðfélagar greiða iðgjöld til sjóðsins og greiða í séreignarsparnað. Þetta fjármagn er notað í fjárfestingar til ávöxtunar sem stendur undir lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga.



MANNAUÐUR

Hjá sjóðnum starfar sérhæft starfsfólk með þekkingu og reynslu til að sinna verkefnum sjóðsins. Í því felst þjónusta við sjóðfélaga, fjárfestingarstarfsemi, rekstur upplýsingakerfa og önnur margþætt starfsemi.



SAMFÉLAG

Sjóðurinn starfar í þágu sjóðfélaga sinna, um 175 þúsund sjóðfélagar eiga réttindi hjá sjóðnum. Með það að markmiði að starfa í sátt við samfélagið viðhefur sjóðurinn öguð og vönduð vinnubrögð, veitir sjóðfélögum áreiðanlegar upplýsingar og starfar samkvæmt þeim lögum og reglum sem um hann gilda.



NÁTTÚRA OG UMHVERFI

Megináhrif á náttúru og umhverfi eru fölgin í fjárfestingarstarfsemi sjóðsins. Fjárfestingarstarfsemin byggir m.a. á fjárfestingum sem hafa með einum eða öðrum hætti áhrif á náttúruna og umhverfi. Sú ávöxtun sem verður til við fjárfestingar er grunnur undir lífeyri til sjóðfélaga.



ÓEFNISLEGAR EIGNIR

Á grundvelli starfsleyfis LV og áratuga starfsemi hefur byggst upp þekking og fyrirtækjamening sem styður við þróun þjónustu- og starfshátta, öguð vinnubrögð og frumkvæðishugsun. Óefnislegar eignir felast m.a. í upplýsingakerfum sjóðsins, þekkingu á starfsemi hans og viðskiptasamböndum.



EFNISLEGAR EIGNIR

Núverandi eignasöfn, skrifstofuhúsnæði, skrifstofubúnaður og upplýsingakerfi.



Eftirlit
FME,
innri- og ytri endurskoðun,
tryggingastærðfræðingur,
endurskoðunarnefnd,
áhættustýring, stjórn LV

Regluverk
Lög, reglugerðir,
reglur FME,
kjarasamningar,
samþykktir LV,
aðrar reglur



Virðisauki

Áherslur

Áhrif á heimsmarkmið



FJÁRMAGN

Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga til framfærslu
Árleg raunávöxtun sameignardeildar

10 ára: 6,7% og 20 ára: 4,5%

Áhrif á hagvöxt og velsæld í formi fjármögnunar og fjárfestingar, einkum í innlendu hagkerfi

Heildareignir: 1.013 milljarðar í árslok 2020



MANNAUÐUR

Þekking, reynsla og fagmennska
Jafnvægi á milli vinnu og einkalífs

Vinnuumhverfi sem styður við heilsu og vellíðan í starfi
Starfsánægja **4,5** af 5 skv. viðhorfskönnun (Fyrirtæki ársins)



SAMFÉLAG

Aukið vægi greiðslna lífeyris í samfélaginu

Um 18 milljarðar í lífeyri til um 20 þúsund sjóðfélaga í sameignardeild

Um 1 milljarður greiddur til eigenda séreignasparnaðar

Traust tryggingafræðileg staða

10,9% í árslok 2020

Áhrif á hagvöxt og velsæld með langtímafjárfestingum í innlendu hagkerfi

Jákvæð áhrif á stjórnarhætti fyrirtækja



NÁTTÚRA OG UMHVERFI

Sjóðurinn getur haft jákvæð áhrif á umhverfislega og félagslega þætti

Mæling á umhverfispáttum sem varða rekstur sjóðsins

Aukin áhersla á greiningu umhverfispátta og félagslegra þátta við mat á fjárfestingarkostum og eignasafni

Uppbyggilegt aðhald gagnvart innlendum félögum sem sjóðurinn er hluthafi í



ÓEFNISLEGAR EIGNIR

Þekking

Þjónustugæði

Öryggi í þjónustu

Traust

Skilvirk upplýsingakerfi

Viðskiptasambönd



EFNISLEGAR EIGNIR

Eignasöfn og upplýsingakerfi sem styðja við rekstur sjóðsins

EFLA LÍFSGÆÐI OG GRUNNÞARFIR

Jafnrétti kynja og jöfn tækifæri

Stefna um heilsu og öryggi starfsmanna

Fræðsla til starfsmanna og stjórnenda

Áhersla á vistvænar samgöngur starfsmanna

Aðgengilegar og markvissar upplýsingar til sjóðfélaga

Aukin áhersla á sjálfbæra þróun og UFS þætti í fjárfestingarstarfsemi

GÓÐ ATVINNA OG NÝSKÖPUN

Áhersla á nýsköpun í starfsemi til að mæta breyttum þörfum sjóðfélaga

Efla nýsköpun í vöruúrvali og/eða þjónustu við sjóðfélaga

Aukin áhersla á fjárfestingar sem styðja við nýsköpun og sjálfbærni í rekstri

STÖÐUGLEIKI NÁTTÚRUAUÐLINDA OG LOFTLAGSMÁLA

Ábyrg innkaup vegna reksturs

Vinna að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda tengdum rekstri

Aukin áhersla á greiningu umhverfispátta við mat á fjárfestingarkostum

SAMVINNA OG RÉttlæTI

Gegnsemi í upplýsingagjöf varðandi sjálfbærni

Taka með virkum hætti þátt í samstarfi fjárfesta og annarra haghafa um ábyrgar fjárfestingar



5 Áfangar í samfélagsábyrgð

Áhersla er lögð á að starfsfólk LV séu virkir þátttakendur í umræðu og stefnumótun varðandi hlutverk lífeyrissjóða, samfélagslega ábyrgð þeirra, UFS viðmið og ábyrgar fjárfestingar.

LV gerðist fyrstur lífeyrissjóða aðili að FESTU – miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni. Hlutverk Festu er að auka þekkingu á samfélagsábyrgð fyrirtækja, stofnana og hvers kyns skipulagsheilda til að innleiða samfélagslega ábyrga starfshætti og stuðla að aukinni sjálfbærni.

Lífeyrissjóðurinn er meðal stofnaðila að IcelandSIF sem er sjálfstæður umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar, stofnaður árið 2017. Megin tilgangur IcelandSIF er að efla þekkingu fjárfesta og auka umræðu um aðferðafræði sjálfbærna og ábyrgra fjárfestinga.

Með aðild að fagfélögum fylgir sjóðurinn eftir áherslum sínum í samfélagsábyrgð og ábyrgum fjárfestingum, miðlar þekkingu og stuðlar að vitundarvakningu um sjálfbæra þróun.

Á árinu 2019 var fyrsta samfélagsskýrsla LV gefin út. Þar var virðisskapandi viðskiptalíkan sett fram og lögð drög að greiningu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun með tilliti til starfsemi LV. UFS þættir voru greindir, mældir og settir fram í fyrsta sinn.

Á liðnu ári var framkvæmd greining á heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun með tilliti til starfsemi sjóðsins. Í þeirri vinnu var lögð áhersla á að greina og



tengja tiltekin heimsmarkmið um sjálfbæra þróun við þætti í rekstri sjóðsins. Áherslur LV voru metnar með mikilvægisgreiningu meðal stjórnar, stjórnenda og annars starfsfólks. Einnig voru haldnar vinnustofur með starfsfólki og námskeið fyrir starfsfólk og stjórn til að auka þekkingu og þátttöku í sjálfbærnivegferð LV. Nú er í fyrsta skipti til sérstök umfjöllun um lífeyrissjóður LV, ábyrgar fjárfestingar, áhættustýringu, sem og umboð og umboðsskyldu með hliðsjón af sjálfbærri þróun, sjá kafla 10 til 13.

6 Haghafar

Um hugtakið haghafar

Haghafar hafa verið skilgreindir sem einstaklingar, hópar eða lögaðilar sem verða fyrir áhrifum af starfsemi og geta haft áhrif á starfsemi skipulagsheilda.²

Lykilhaghafar (e. primary stakeholder): Einstaklingar, hópar eða lögaðilar sem verða fyrir beinum áhrifum af aðgerðum og starfsemi skipulagsheilda. Þeim til viðbótar eru tilgreindir aðrir haghafar.


Innri og ytri haghafar: Haghöfum er skipt í innri haghafa eða þá sem hafa bein tengsl við skipulagsheildir og ytri haghafa sem tengjast ekki beint starfsemi en geta orðið fyrir áhrifum af starfsemi eða geta haft áhrif á starfsemina.

Þarfir, kröfur og áhrifavald haghafa geta haft áhrif á starfsemi LV og mótun ýmissa stefna og reglna. Þar má nefna samþykktir, fjárfestingarstefnu, stefnu um ábyrgar fjárfestingar, áhættustefnu, síða- og samskiptareglur, stefnu varðandi upplýsingagjöf, starfsmannastefnu og starfskjarastefnu.

2 Hér er m.a. stuðst við framsetningu í ritinu; Strategic corporate social responsibility, Sustainable value creation, 5. útgáfa, 2020, höf. David Chandler (bls. 56 og áfram).



Myndin sýnir áfanga við áherslur sjóðsins er tengjast samfélagsábyrgð og ábyrgum fjárfestingum.



Um lykilhaghafa LV og aðra haghafa (innri og ytri)

Það er gagnlegt fyrir starfsemi LV að hafa gott yfirlit yfir haghafa sjóðsins. Það auðveldar sjóðnum að vinna að og gæta þeirra hagnuna sem honum er falið að sinna. Einnig gerir það sjóðinn betur í stakk búinn til að fylgjast með sjónarmiðum og áhrifum þeirra haghafa sem eru í aðstöðu til að hafa beint eða óbeint áhrif á starf sjóðsins og þá hagsmuni sem hann gætir.

Yfirlitsmynd – Haghafar LV

Með vísan til ofangreinds greinir LV haghafa lífeyrisjóðsins með eftirfarandi hætti:

Innri lykilhaghafar LV: Til innri lykilhaghafa LV teljast sjóðfélagar, makar og börn sjóðfélaga þar sem þau eiga réttindi á grundvelli réttar sjóðfélaga og svo rétthafar séreignar.

Þetta er sá hópur sem tengist starfseminni beint og verður fyrir beinum áhrifum af starfsemi sjóðsins.

Ytri lykilhaghafar LV: Til ytri lykilhaghafa teljast iðgjaldagreiðendur (launagreiðendur) sem og aðildarsamtök sjóðsins sem eru VR, Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda.

LV hefur það hlutverk að taka við skyldubundnum iðgjöldum til öflunar sjóðmyndaðra lífeyrisréttinda. Iðgjöldin eru hluti af kjörum launafólks og þannig launakostnaði launagreiðanda. Fyrirkomulag þetta byggir m.a. á kjarasamningum og hefur einnig verið lögfest. Rökin fyrir því eru m.a. þau að lífeyrisrétt-

indi sjóðfélaga séu að fullu fjármöggnuð og með því sé dregið úr þörf fyrir lífeyrisgreiðslur úr ríkissjóði. Það leiði svo til þess að ekki þurfi að fjármagna slíkar greiðslur með auknum sköttum á launafólk og fyrirtæki í sama mæli og ef sjóðmyndaðs lífeyriskerfis nyti ekki við. Rekstur réttindakerfis og eignasafna LV skiptir máli í þessu samhengi. Því má sega að iðgjaldagreiðendur geti orðið fyrir beinum áhrifum af aðgerðum og starfsemi LV. Aðildarsamtök LV fara samkvæmt samþykkingum með vald í stjórnskipulagi LV. Þetta eru annars vegar samtök launafólks og hins vegar samtök vinnuveitenda. Þau eru talin til ytri lykilhaghafa þar sem þau gæta framangreindra hagsmuna sjóðfélaga og launagreiðenda.

Aðrir innri haghafar: Til annarra innri haghafa teljast stjórn, stjórnendur og annað starfsfólk sem hafa bein tengsl við LV vegna starfa sinna.

Aðrir ytri haghafar: Til þessa hóps teljast ýmsir sem geta orðið fyrir áhrifum af starfsemi LV eða haft áhrif á starfsemina þótt þeir tengist starfseminni ekki beint í því samhengi sem hér um ræðir. Þessi listi er ekki tæmandi:

- Mögulegir framtíðarsjóðfélagar
- Tryggingastærðfræðingur
- Innri- og ytri endurskoðendur
- Stéttarfélög
- Vinnuveitendur
- Fjármálafyrirtæki og aðrir þjónustuaðilar á fjármálamarkaði

- Útgefendur fjármálagæringa (t.d. ríki, sveitarfélög og fyrirtæki)
- Stjórnvöld og eftirlitsstofnanir (t.d. Seðlabanki Íslands – Fjármálaeftirlitið)
- Landssamtök lífeyrissjóða
- Ríkið, innheimta skatta og ríkisrekstur
- Sveitarfélög
- Tryggingastofnun
- Fjölmiðlar
- Aðrir sem gæta umhverfishagsmuna og félagslegra hagsmuna

Rök hafa verið færð fyrir því að einungis sé hægt að innleiða stefnumótandi áherslur og áætlanir tengdar haghöfum sem eru skilgreindir sem einstaklingar, hópar eða lögaðilar. Því sé ekki æskilegt að líta á umhverfið og samfélagið í heild sinni sem haghafa. Í viðleitni LV til að stuðla að jákvæðum áhrifum starfseminnar á sjálfbæra þróun, skilgreinir sjóðurinn þess vegna sérstaklega þá haghafa, samtök og hópa sem tengjast umhverfishagsmunum og félagslegum hagsmunum.

7 Heimsmarkmiðin

Við innleiðingu og val á áherslupáttum sjálfbærrar þróunar getur framlag starfsmanna og annarra haghafa skipt sköpum fyrir árangur. Stjórn, stjórnendur og annað starfsfólk tóku virkan þátt í greiningu á áherslum sjóðsins á heimsmarkmiðin. Sameiginleg þekking og sýn þeirra eru hluti af þeim stöðum sem starfsemi sjóðsins byggir á. Sjónarmið annarra hag-

hafa voru einnig tekin með í reikninginn. Hins vegar var ekki gerð formleg haghafagreining meðal þeirra að þessu sinni.

Í þeim tilgangi að tengja áherslur í rekstri með skilvirkum og árangursríkum hætti við heimsmarkmiðin var unnin forgreining á öllum sautján heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Greiningin var unnin með tilliti til lykिलrekstrarþátta sjóðsins:

- almenns rekstrar
- lífeyris
- eignasafna

Þá var einnig litið til áherslna íslenskra stjórnvalda.

Forkönnun á heimsmarkmiðunum var unnin með hópi starfsmanna sem hafa breiða sýn á innleiðingu á sjálfbærri þróun í starfsemi LV. Í framhaldi af því voru tekin viðtöl við sex sérfræðinga og stjórnendur sjóðsins; tvo vegna reksturs, tvo vegna lífeyris og tvo vegna eignasafna. Þetta var gert til að afla þekkingar á sjónarmiðum haghafa og til að byggja undir greiningu á áherslumarkmiðum.

Þá var framkvæmd viðhorfskönnun meðal stjórnar, stjórnenda og annarra starfsmanna. Markmiðið var að mæla viðhorf til áhrifa starfseminnar á heimsmarkmiðin, leita enn frekar eftir mikilvægum áherslum tengdum sjálfbærniþáttum og stuðla að vitundarvakningu.

HEIMSMARKMIÐIN Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Samhliða framangreindri greiningarvinnu voru haldin námskeið fyrir starfsfólk og fræðslufundur með stjórn varðandi sjálfbæra þróun og tengd viðfangsefni. Þá var haldin vinnustofa þar sem öllu starfsfólki bauðst að taka þátt. Viðfangsefnið var sjálfbærni í rekstri LV. Vinnustofunni var stýrt af stjórnendaráðgjöfum en ráðgjafar varðandi sjálfbærnisráðgjöf LV tóku líka þátt í vinnustofunni.

Ofangreind verkefni voru liður í vinnu sjóðsins varðandi þessi viðfangsefni. Þar var starfsfólk og stjórn hvött til að horfa á sjálfbærni bæði út frá eigin reynslu og daglegu lífi sem og út frá hagsmunum og stefnu sjóðsins.

Eins og fram hefur komið voru öll heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun greind. Greining leiddi í ljós að sjóðurinn stuðlar að jákvæðum áhrifum á heimsmarkmiðin og styður við þau með einum eða öðrum hætti á öllum sviðum starfseinnar; rekstri, lífeyri og eignasöfnum. Á sama tíma var ljóst að tækifæri eru til að gera betur. Í kjölfar samantektar og viðtala við starfsfólk og stjórnendur voru valin áherslumarkmið tengd rekstri, lífeyri og eignasöfnum. Aðgerðaáætlun var sett fram fyrir inn-

Stoðir sjálfbærnistefnu LV



leiðingu heimsmarkmiðanna, ábyrgðaraðilar fengu verkefni og viðmið/áfangar voru skilgreindir. Heimsmarkmiðin tengjast innbyrðis en það getur verið snúið að sýna þau tengsl með einföldum hætti.

Sjóðurinn setti fram áherslumarkmið sem ættu að hafa áhrif á öll heimsmarkmiðin. Áherslumarkmiðin eru þematengd þar sem mörg heimsmarkmiðanna tengjast og áherslur geta haft áhrif á fleiri en eitt þeirra. Þemun fjögur eru:

1. Efling lífsgæða og grunnþarfa
2. Góð atvinna og nýsköpun
3. Stöðugleiki náttúruauðlinda og loftslagsmála
4. Samvinna og réttlæti

Yfirlit yfir áherslumarkmið LV

Markmiðið með því að setja fram áherslumarkmið tengt heimsmarkmiðunum er að gefa haghöfum LV mynd af mikilvægum áherslum sem varða sjálfbærni með tilliti til rekstrar sjóðsins, lífeyris og eignasafna. Yfirlit yfir áherslumarkmið er ekki tæmandi listi yfir áherslumarkmið, aðgerðir eða viðmið/mælingar. Þá er viðbúið að áhersluatriði þróist og taki breytingum á komandi misserum. Hér er um áætlun að ræða sem getur tekið breytingum. Áherslur geta breyst við nánari greiningu á einstökum verkefnum og þá getur verið að framkvæmd þeirra taki lengri tíma en ráðgert er.








Áherslumarkmið

EFLA LÍFSGÆÐI OG GRUNNÞARFIR			
ÁHERSLUMARKMIÐ	AÐGERÐIR	VIÐMIÐ/ÁFANGAR	ÁHRIF Á HEIMSMARKMIÐ
REKSTUR			
Gæta að jafnri stöðu kynjanna, að hver og einn starfsmaður sé metinn að verðleikum og hafi jöfn tækifæri til starfa hjá LV (5, 10)	Uppfæra jafnréttisstefnu, áfram áhersla á jafnrétti kynjanna og jafnræði almennt Innleiða stefnu varðandi fjarvinnu starfsfólks Innleiðing nýrrar aðferðafræði varðandi jafnlaunavottun	Skilgreina mælikvarða jafnréttisstefnu Birta og kynna stefnu um fjarvinnu Kynning á nýrri aðferðafræði varðandi jafnlaunavottun	
Styðja við heilsu og öryggi starfsfólks (3)	Innleiðing stefnu varðandi heilsu og öryggi starfsfólks	Útgefin stefna varðandi heilsu og öryggi starfsfólks	
Efla þekkingarmiðlun starfsmanna og stjórnar með áherslu á færni í starfi og öruggan rekstur (4)	Uppfæra fræðslustefnu um endurmenntun og þjálfun	Útgáfa og kynning á stefnu um fræðslu og þjálfun starfsfólks	
Auðvelda starfsfólki og hvetja það til að nýta sér vistvænni samgöngumáta (11)	Samgöngugreiðslur/samningur um vistvænar samgöngur	Útgefin samgöngustefna	
LÍFEYRIR			
Leggja áherslu á að sjóðfélagar hafi sem aðgengilegastar upplýsingar til að skilja og fylgjast með réttindum sínum og taka upplýstar ákvarðanir (1, 2, 3)	Uppfærsla á sjóðfélagavef, vinna áfram að persónu- miðaðri upplýsingagjöf og sjálfsafgreiðslu Þróa kynningarefni á ytri vef áfram til að auka skilning sjóðfélaga á réttindum sínum Auka efni á ensku um lífeyrisréttindi	Áfangar varðandi aukna persónu- miðaða upplýsingagjöf kynntir Kynning á uppfærslum þegar þær hafa verið innleiddar Kynning á útgáfum þegar þær eru birtar	  
EIGNASÖFN			
Innleiða ítarlegri stefnu um greiningu á UFS þáttum í fjárfestingarferli og umsýslu eignasafna auk samþættingar þeirra í eigendastefnu LV. Leggja áherslu á mikilvægissviðmið	Setja ítarlegri viðmið varðandi framkvæmd, eftirfylgni og upplýsingagjöf	Gefa út nýja stefnu um ábyrgar fjárfestingar og ítarlegri hluthafastefnu (eigendastefnu)	

GÓÐ ATVINNA OG NÝSKÖPUN

ÁHERSLUMARKMIÐ	AÐGERÐIR	VIÐMIÐ/ÁFANGAR	ÁHRIF Á HEIMSMARKMIÐ
REKSTUR			
Efla áherslu á nýsköpun í starfsemi til að mæta breyttum þörfum í átt að jákvæðum áhrifum á sjálfbæra þróun og til örvunar á atvinnu og hagvexti til framtíðar (8, 9)	<p>Innleiðing stefnu um stafræna þróun í starfsemi sjóðsins</p> <p>Þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi og öflun þekkingar á straumum og stefnu varðandi sjálfbærnimál hjá erlendum samanburðarsjóðum</p>	<p>Mæla og kynna notkun á stafrænum lausnum og dreifileiðum</p> <p>Miðla upplýsingum og þekkingu meðal starfsfólks</p>	
LÍFEYRIR			
<p>Fylgjast með og leitast við að mæta þróun sem leiðir af breytttri samfélagsgerð / fjölskyldugerð (8)</p> <p>Efla nýsköpun í vöruúrvali / þjónustuleiðum sjóðfélaga (9)</p>	<p>Þátttaka í vinnu á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða vegna gerðar grænbókar um lífeyrismál</p> <p>Greining á þróun rafræna dreifileiða fyrir lífeyrsvörur</p> <p>Greining á þörf fyrir þróun á lífeyrsvörum</p>	<p>Afrakstur vinnu á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða</p> <p>Val/skilgreining á verkefnum</p> <p>Samantekt á niðurstöðu greiningar</p>	 
EIGNASÖFN			
Aukin áhersla á eignir sem styðja við nýsköpun, aukna sjálfbærni í rekstri og ábyrgari virðiskeðju innan lands og utan. Horft er til innlendra og erlendra fjárfestingarkosta, m.a. útgefenda verðbréfa sem fylgja markvissri stefnu varðandi sjálfbærni	Innleiðing uppfærðrar heildstæðrar stefnu í ábyrgum fjárfestingum	Útgefin stefna í ábyrgum fjárfestingum	

STÖÐUGLEIKI NÁTTÚRUAUÐLINDA OG LOFTSLAGSMÁLA

ÁHERSLUMARKMIÐ	AÐGERÐIR	VIÐMIÐ/ÁFANGAR	ÁHRIF Á HEIMSMARKMIÐ
REKSTUR			
<p>Kaup á aðföngum og þjónustu styðji við sjálfbærni (12)</p> <p>Áhersla á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda tengdum rekstri LV sem og öðrum mögulegum neikvæðum áhrifum á umhverfi og samfélag (12, 13, 14, 15)</p>	<p>Innleiða innkaupa- og birgja-stefnu með áherslu á ábyrg viðskipti</p> <p>Innleiða umhverfisstefnu þar sem litið er til orkusparnaðar, umhverfisáhrifa almennt og félagslegra þátta</p> <p>Stefna og búnaður fyrir flokkun alls úrgangs</p>	<p>Útgefin innkaupa- og birgja-stefna</p> <p>Útgefin umhverfisstefna</p> <p>Uppsetning búnaðar og kynning á reglum</p>	     
EIGNASÖFN			
<p>Aukin áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlinda, vistkerfa og stöðugleika í loftslagsmálum (6, 7, 12, 13, 14)</p>	<p>Innleiða formlega stefnu í greiningu umhverfisþátta eignasafns sem hluta af stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar</p>	<p>Útgefin stefna um ábyrgar fjárfestingar þar sem vísað er til greiningar umhverfisþátta</p>	
SAMVINNA OG RÉTTLÆTI			
ÁHERSLUMARKMIÐ	AÐGERÐIR	VIÐMIÐ/ÁFANGAR	ÁHRIF Á HEIMSMARKMIÐ
REKSTUR			
<p>Efla samstarf við haghafa um sjálfbæra þróun, sem stuðlar að aukinni vitundarvakningu og miðlun traustra og gagnsærra upplýsinga (16, 17)</p>	<p>Framkvæma greiningu meðal ytri haghafa á skilgreindum þáttum varðandi sjálfbærniþætti í rekstri</p> <p>Miðlun traustra og gagnsærra upplýsinga í sjálfbærnisráðgjöf</p>	<p>Kynna niðurstöðu ytri haghafagreiningar</p> <p>Sjálfbærnisráðgjöf og önnur miðlun upplýsinga til haghafa</p>	 
EIGNASÖFN			
<p>Efla samstarf um ábyrgar fjárfestingar og samþættingu UFS greininga í fjárfestingaferlin (16, 17)</p>	<p>Þátttaka í samstarfsvettvangi um ábyrgar fjárfestingar.</p>	<p>Aðild að samtökum og öðru samstarfi varðandi ábyrgar fjárfestingar</p>	

8 Mikilvægisgreining

Samhlíða greiningu á heimsmarkmiðunum með viðtölum, var unnin viðhorfskönnun eða svokölluð mikilvægisgreining lykilþátta (e. Materiality analysis) meðal starfsfólk og stjórnar. Þar voru átta spurningar lagðar fyrir starfsfólk, stjórnendur og stjórn. Hér er greint frá niðurstöðum tveggja spurninga sem endurspeglar enn frekar sjónarmið til áhrifa sjóðsins á sjálfbæra þróun. Við val áherslumarkmiða var lítið til niðurstöðu mikilvægisgreiningarinnar.

Viðhorfskönnunin var framkvæmd í nóvember 2020. Allt starfsfólk og stjórnarmenn LV fengu boð um þátttöku í könnunni og voru hvattir til að kynna sér heimsmarkmiðin. Að baki niðurstöðum liggur 74% þátttaka.

Áhrif LV á einstök heimsmarkið

Starfsfólk, stjórnendur og stjórn LV voru spurð hvaða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sjóðurinn gæti haft jákvæð áhrif á. Niðurstöðurnar eru settar fram í þremur myndum.

Þátttakendur virðast sammála um að sjóðurinn geti haft jákvæð áhrif á öll heimsmarkmiðin. Mest áhersla

var á þemun um góða atvinnu og nýsköpun, stöðugleika náttúruauðlinda og loftlagsmála, jafnrétti og samvinnu um markmiðin. Þátttakendur eru þó sammála um að sjóðurinn hafi líka töluverð áhrif á önnur markmið. Útkoman rennir því stoðum undir þá aðferðafræði að greina öll markmiðin í stað þess að velja aðeins ákveðin markmið til áherslu.


Eftirfarandi mynd sýnir fylgni milli sjónarmiða varðandi áhrif á heimsmarkmiðin, annars vegar milli stjórnar og stjórnenda og hins vegar milli starfsfólks og stjórnenda. Sjónarmið stjórnar og stjórnenda fara saman. Aðilar telja að sjóðurinn geti haft mest áhrif á góða atvinnu og hagvöxt sem og nýsköpun og uppbyggingu. Hins vegar leggur stjórn ríkari áherslu á áhrif aðgerða í loftlagsmálum, ábyrga neyslu og framleiðslu og aukinn jöfnuð. Starfsfólk leggur þá mesta áherslu á jafnrétti kynjanna, góða atvinnu og hagvöxt sem og nýsköpun og uppbyggingu.

Áhrif LV á heimsmarkmiðin út frá mismunandi einingum

Þá var lögð fyrir spurning um það hvaða eining LV, það er rekstur, lífeyrir eða eignasöfn, gæti haft jákvæð áhrif á sjálfbæra þróun. Það er sameiginlegt



Myndin sýnir afstöðu starfsfólks, stjórnenda og stjórnar til þess að hve miklu leyti LV getur haft áhrif á einstök heimsmarkmið.

Hvaða markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun telur þú að Lífeyrissjóður verzlunarmanna geti haft jákvæð áhrif á?




Myndirnar sýna fylgni milli sjónarmiða stjórnar og stjórnenda annars vegar og starfsmanna og stjórnenda hins vegar um áhrif á heimsmarkmiðin.

Hvaða markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun telur þú að Lífeyrissjóður verzlunarmanna geti haft jákvæð áhrif á?



Í gegnum hvaða einingu telur þú að Lífeyrissjóður verzlunarmanna geti haft jákvæð áhrif á sjálfbæra þróun?



viðhorf að sjóðurinn geti haft mest áhrif á sjálfbæra þróun í gegnum eignasöfn sjóðsins. Niðurstaðan endurspeglar þá þróun sem á sér stað innanlands og erlendis að áhrif lífeyrissjóða á sjálfbæra þróun séu mest í gegn um ábyrgar fjárfestingar þar sem lítið er m.a. til greiningar á UFS þáttum. Það má telja eðlilegt að starfsfólk og stjórnendur líti líka til áhrifa sem rekstur og lífeyrir geti haft á sjálfbæra þróun, eins og fram kemur í niðurstöðum.

Þessi viðhorfskönnun byggir á innri haghafgreiningu meðal starfsmanna, stjórnenda og stjórnar og það er ekki útilokað að greining meðal lykila haghafa og ytri haghafa gæti haft áhrif á niðurstöður.

9 Rekstur út frá UFS þáttum


Hér er fjallað um rekstur LV m.t.t. UFS viðmiða; umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarhátta. Umfjöllunin byggir meðal annars á UFS leiðbeiningum Nasdaq nr. 2.0, útgæfum í febrúar 2020.

Umhverfisþættir

Umhverfisþættir og verndun loftlags

LV leggur áherslu á að draga úr óæskilegum umhverfisáhrifum starfseminnar og stuðla að jákvæðum áhrifum á starfsfólk, samstarfsaðila og aðra haghafa. Vegna eðlis starfseminnar hefur sjóðurinn óveruleg bein umhverfisáhrif. Sjóðurinn hefur skrifstofur í Reykjavík og hér eru umhverfisþættir vegna þeirrar starfsaðstöðu skoðaðir.

Starfsfólk flokkar og skilar til endurvinnslu raf- og rafeindatækjum sem eru ekki lengur notuð við rekstur. Á árinu 2016 var tekið í notkun prentský til að minnka pappírnotkun. Eftir það hefur pappírnotkun LV minnkað og prenturum á vinnustöðvum starfsfólks hefur fækkað. Þetta endurspeglast í lægra kol-



efnisfótspori. Blönduðum pappírúrgangi LV er skipt í hreinan og óhreinan blandaðan pappír og er fargað með öðrum pappír í húsinu.

Pappírnotkun var 106.403 blaðsíður árið 2020 sam-
anborið við 161.133 bls. árið 2019.

Úrgangur er lágmarkaður og það sem fellur til endurvinnslu er flokkað. Starfsfólk tekur virkan þátt í þessu verkefni. Við rekstur mótuneytis eru matvæli nýtt vel til að sporna gegn matarsóun. Nú stendur til að vinna stefnu um úrgangslosun sjóðsins.

Sjóðurinn lítur til UFS áhrifa þeirra fyrirtækja sem hann fjárfestir í og hvetur þannig til eftirlits með áhættu og stjórnun umhverfisþátta á markaðnum. Sjá nánar í kafla 11 um ábyrgar fjárfestingar.

Við greiningu og uppgjör vegna losunar gróðurhúsa-
lofttegunda er almennt byggt á svonefndum GHG staðli (e. The Greenhouse Gas Protocol). Samkvæmt staðlinum er mælingum skipt í umfang:

- 1 sem mælir beina losun frá kjarnastarfsemi
- 2 sem mælir óbeina losun vegna orkukaupa og
- 3 sem nær til annarrar óbeinnar losunar

Við útreikninga umhverfisþátta LV var stuðst við stuðla frá birgjum og forsendur loftslagsmælis Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð og sjálfbærni. Loftslagsmælir Festu byggir á samræmdum viðmiðum og sniðmátum sem hópur sérfræðinga á vegum Festu hefur sett saman til að auðvelda mælingar og markmiðasetningu varðandi losun gróðurhúsalofttegunda. Loftslagsmælirinn byggir í grunninn á GHG staðlinum. Mælirinn var uppfærður á síðasta ári eftir að útreikningar LV voru gerðir fyrir 2019 svo tölur vegna þess árs voru uppfærðar. Við það minnkaði fótspor af rekstri sjóðsins fyrir 2019. Þrátt fyrir minna fótspor 2019 hefur heildarfótspor í rekstri sjóðsins lækkað nokkuð milli ára.

Losun gróðurhúsalofttegunda

- **Umfang eitt** nær til kolefnisfótspors sjóðsins sem fellur undir óbeina losun svo það er engin bein losun af starfseminni, þ.e. losun sem fellur

undir umfang 1. Mælingar byggja á raforku- notkun og vatnsnotkun starfseminnar, áætl- uðum tölum um úrgang, flugferðum og öðrum ferðum starfsmanna tengdum starfseminni. Sjóðurinn á engar bifreiðar svo það er engin bein losun vegna eldsneytiskaupa eða eigin ökutækja.

- **Umfang tvö** felur í sér losun vegna rafmagns og vatns á skrifstofu.
- **Umfang þrjú** sýnir losun vegna úrgangs og öku- tækja sem byggir á áætlunum tölum vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu og á ferða á vinnu- tíma. Tölur vegna úrgangs eru áætlaðar út frá heildar úrgangi hússins og fjölda starfsmanna.

Áhersla er lögð á flokkun úrgangs sem fellur til af starfsemi LV. Förgun úrgangsins er sameiginleg með annarri starfsemi í húsinu og útreikningar miðast við hlutfall LV af fjölda starfsmanna. Vegna eðlis starfsemi LV má reikna með að minni úrgangur falli til vegna starfseminnar heldur en t.d. frá verzlunum sem starfa í húsinu. Hins vegar vantar áreiðanlegar tölur svo hægt sé að taka það með í útreikninga. Terra annast þjónustu við húsið og sér um förgun úrgangs og mælingar.

Loftlagsmælir Festu var uppfærður á síðasta ári eftir að útreikningar LV voru gerðir fyrir 2019 og tölur vegna 2019 hafa verið uppfærðar í samræmi við nýja mælinn. Við það minnkaði fótspor LV um 2,2 CO₂ tonn fyrir 2019. Heildar kolefnisfótspor rekstursins hefur minnkað um 5,6 CO₂ tonn milli ára, aðallega vegna þess sem flugferðum og ferðum starfsfólks til og frá vinnu hefur fækkað.

CO ₂ Tonn	2020	2019
Umfang 1	0,0	0,0
Umfang 2	2,5	2,5
Umfang 3	18,9	24,5
Kolefnisfótspor	21,4	27,0

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda: Losunar- kræfni sýnir heildarlosun gróðurhúsalofttegunda miðað við helstu úttaksstærðir reksturs. Tölur vegna 2019 hafa verið leiðréttar í samræmi við uppfærðan loftlagsmæli Festu. Kolefniskræfni hefur lækkað nokkuð á tímabilinu.

	2020	2019
Heildariðgjöld í milljörðum króna	35,9	36,8
Stærð húsnæðis í rúmmetrum	4.285,14	4.285,14
Fjöldi starfsmanna (ársverk)	50	47
Losunarkræfni kíló CO ₂ /iðgjöld í milljörðum	596	733
Losunarkræfni kíló CO ₂ /m ³ húsnæðis	4,99	6,3
Losunarkræfni kíló CO ₂ /ársverk	428	575

Orkunotkun: Taflan sýnir orkunotkun vegna raforku og heits vatns við rekstur skrifstofu. Byggt var á stuðli OR við umbreytingu á heitu vatni úr rúmmetrum í KWst.

	2020	2019
Raforka kWst	141.608	165.857
Heitt vatn KWst	411.833,2	414.824
Samtals	553.441,2	580.681

Orkukræfni: Orkukræfni sýnir orkunotkun í hlutfalli við helstu úttaksstærðir í rekstri húsnæðis og fjölda starfsmanna þar sem miðað er við ársverk.

	2020	2019
Stærð húsnæðis í rúmmetrum	4.285,14	4.285,14
Fjöldi starfsmanna / ársverk	50	47
Orkukræfni á rúmmetra (KWst/m ³)	129,15	135,51
Orkukræfni á starfsmann (KWst/ársverk)	11.069	12.355

Samsetning orku: Orkunotkun sjóðsins er vegna hitunar og notkunar rafmagns á skrifstofuhúsnæði. Sjóðurinn kaupir aðeins rafmagn og vatn úr endurnýjanlegum orkugjöfum.

Vatnsnotkun: Taflan sýnir heildarmagn vatns sem er notað á skrifstofu sjóðsins. Heildar vatnsnotkun hefur verið leiðrétt fyrir árið 2019 þar sem notkun á köldu vatni var rangt skráð 6.562 m³ í stað 1.426,41 m³ en það skekkti niðurstöður síðasta árs.

	2020	2019
Heildarnotkun vatns í m ³ - heitt	8.075,16	8.452,00
Heildarnotkun vatns í m ³ - kalt	1.440,74	1.426,41
Samtals vatnsnotkun m³	9.515,90	9.878,41
Notkun vatns á starfsmann (m ³ /ársverk)	190,32	210,18

Umhverfisstarfsemi og loftslagseftirlit

Sjóðurinn hefur verið aðili að PRI (Principle for Responsible Investment) frá árinu 2006. PRI byggir á sex grunnviðmiðum varðandi ábyrgar fjárfestingar, sjá nánar í kafla 11 um ábyrgar fjárfestingar. Lífeyris- sjóðurinn gerir kröfu um að þau fyrirtæki sem hann fjárfestir í fari eftir lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra. Það er mikilvægt að þau fylgi leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, samfélagslega ábyrgð og góða umgengni um auðlindir.

Óveruleg bein umhverfisáhrif stafa af beinni starfsemi LV. Sjóðurinn notar ekki sérstakt kerfi til umhverfisstjórnunar og hefur ekki sett stefnu um umhverfismál umfram þá sem kemur fram í fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Sjóðurinn mælir umhverfisáhrif frá starfseminni og skoðar það hvernig megi flokka úrgang markvisst, mæla úrgang og draga úr umhverfisáhrifum vegna ferða starfsfólks.

Framlag LV til áhrifa á UFS þætti og heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun - Umhverfisþættir:

Umvhverfisþættir:	
	<ul style="list-style-type: none"> LV reiknar kolefnisfótspor reksturs og tengdra lykilmælikvarða LV er aðili UN PRI frá 2006 og skilar árlegum framvinduskýrslum
	<ul style="list-style-type: none"> Eitt af áherslumarkmiðum LV er að setja umhverfisstefnu fyrir starfsemi sjóðsins. Annars vegar rekstur og hins vegar áherslur í stefnu um ábyrgar fjárfestingar.
	<ul style="list-style-type: none"> Í sjálfbærnisráðgjafi LV er kaflur með mælingum á helstu umhverfisáhrifum frá rekstri LV er að innleiða ábyrgar fjárfestingar í eignasafni og hvetur til ábyrgar stýringar náttúruauðlinda og umhverfisáhrifa í fjárfestingum
	<ul style="list-style-type: none"> Megináhrif LV á umhverfisþætti tengjast eignasafni og stýringu í átt að ábyrgum fjárfestingum
	<ul style="list-style-type: none"> LV er að innleiða greiningarkerfi umhverfisþátta fyrir eignasöfn
	

Félagslegir þættir Mikilvægi starfsmannastefnu

LV leggur ríka áherslu á heilbriggt starfsumhverfi sem styður við velferð starfsfólks, jafnrétti og þekkingu. Starfsmannastefna sjóðsins á að gera það betur kleift að ráða hæft starfsfólk sem axlar ábyrgð, sýnir frumkvæði í starfi og vinnur sem ein heild í uppbyggilegu starfsumhverfi.

Þannig getur lífeyrissjóðurinn veitt sjóðfélögum sem besta þjónustu og gætt hagsmuna þeirra varðandi umsýslu eignasafna, rekstraröryggi og aðra mikilvæga þætti varðandi starfsemi sjóðsins.

Þekking, reynsla og hæfni

Áhersla er á að starfsfólk hafi þekkingu, reynslu og hæfni til að sinna verkefnum lífeyrissjóðsins vel. Sjóðurinn vill ráða vel menntaðan hóp starfsfólks með fjölbreytilegan bakgrunn. Auk þess vill hann efla þekkingu starfsfólks og auka færni þess til að takast á við verkefni og þroskast í starfi.

Meginhlutverk fræðslu hjá sjóðnum er að efla starfsfólk í núverandi starfi og að gefa því tækifæri til starfsþróunar eftir því sem aðstæður leyfa. Fræðsluáætlun gegnir lykilhlutverki við þjálfun starfsfólks.

Meginmarkmið fræðsluáætlunar eru að:

- bæta öryggi í rekstri
- styðja við hlítu við lög og reglur
- auka þekkingu
- auka starfsánægju
- auka færni og hæfni starfsfólks
- auka öryggi á vinnustað

Fræðsla til starfsfólks tengist annars vegar rekstri og starfsumhverfi sjóðsins og á þá að uppfylla kröfur um hlítu við lög og reglur. Hins vegar tengist hún öðrum mállefnum og á þá að auka vitund og vellíðan starfsfólks en það er grundvöllur aukinnar starfsánægju.

Stuðningur við þróun og umræðu varðandi samfélagslega ábyrgð

Áhersla er á að starfsfólk LV taki virkan þátt í umræðu og stefnumótun varðandi atriði sem lúta að hlutverki lífeyrissjóða, samfélagslegri ábyrgð þeirra, UFS viðmiðum og ábyrgum fjárfestingum. Samhliða greiningum og innleiðingu á sjálfbærniþáttum í stefnumótun og kjarnastarfsemi LV hefur sjóðurinn haldið fræðslufundi og vinnustofur og lagt kannanir fyrir starfsfólk. Fræðsla og vinnustofur voru að mestu á Teams og Zoom og þar var hópavinnuferfið Mural nýtt, einkum vegna Covid-19. Það er trú LV að þátttaka, vitundarvakning og hvatning meðal starfsfólks á samfélagslegri ábyrgð skili heilbrigðara starfsumhverfi og betri árangri til framtíðar.

LV gerðist fyrstur lífeyrissjóða aðili að FESTU – miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni. Hlutverk Festu er að auka þekkingu á samfélagsábyrgð fyrir tækja, stofnana og skipulagsheilda til að tileinka sér samfélagslega ábyrga starfshætti og stuðla að sjálfbærni. Með aðild að FESTU vill sjóðurinn fylgja eftir áherslum sínum um samfélagsábyrgð og ábyrgar fjárfestingar.

Lífeyrissjóðurinn er meðal stofnaðila að Iceland SIF sem er sjálfstæður umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar, stofnaður árið 2017. Megin tilgangur Iceland SIF er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærna og ábyrga fjárfestinga og auka umræðu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

Launamunur kynja og launahlutföll

Stefna LV byggir á að greiða sömu laun fyrir sambærileg störf og að þar hafi kynferði, aldur eða staða að öðru leyti ekki áhrif. Með því er gætt að grunn-gildum sjóðsins, lagareglum og öðrum gildum viðmiðum.

Jafnréttisstefna sjóðsins byggir á því að við ákvörðun launa sé kynjum ekki mismunað. Karlar og konur njóti sömu kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf, þeim sé því ekki mismunað í launum eftir kyni

eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Launagreining er framkvæmd reglulega og við launaákvæðanir er miðað að því að fá heildaryfirsýn yfir laun og fyrirbyggja kynbundinn launamun.

Heildarlaunagreiðslur framkvæmdastjóra sem hlutfall af miðgildi af heildarlaunagreiðslum starfsmanna í fullu starfi mældist 3,36 á árinu 2020, 3,44 á árinu 2019 og 3,52 árið 2018.

Heildarlaunagreiðslur framkvæmdastjóra sem hlutfall af miðgildi af heildarlaunagreiðslum starfsmanna í fullu starfi

Ár	Hlutfall
2020	3,36
2019	3,44
2018	3,52

Jafnrétti

Hjá sjóðnum hefur verið áhersla á jafnrétti kynjanna og að hver starfsmaður sé metinn að verðleikum. Sjóðurinn hefur líka sett sér jafnréttisstefnu til að stuðla að jafnri stöðu kynjanna og jöfnum tækifærum óháð kynferði. Þetta á meðal annars við um rétt til starfa, kjara, aðstöðu og endurmenntunar. Jafnréttisstefnan nær til allrar starfsemi sjóðsins og er endurskoðuð á þriggja ára fresti. Fjöldi karlmannna í stjórnunarstöðum er átta ársverk og fjöldi kvenna í stjórnunarstöðum er fjögur ársverk.

Í þessari skýrslu er almennt vísað til tveggja kynja, karla og kvenna. Það byggir á hefðbundinni framsetningu gagna og því að jafnréttisumræðan í þessu samhengi vísar gjarnan til karla og kvenna. LV er meðvitaður um umræðu og þróun varðandi það að horfa ekki bara til tveggja kynja. Í starfsemi LV er hver einstaklingur metinn að verðleikum. Þá er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um þegar sjóðurinn auglýsir eftir starfsfólki.

Skipting starfsfólks eftir kyni

Ár	Fjöldi kvenna	Fjöldi karla
2020	33	17
2019	30	17
2018	28	17

Stjórnunarstöður LV eftir kyni

Ár	Fjöldi kvenna		Fjöldi karla	
	2020	2019	2020	2019
Framkvæmdastjóri	0	0	1	1
Forstöðumenn	1	1	2	2
Aðrir stjórnendur	3	3	5	5
Stjórnunarstöður alls	4	4	8	8

Starfsmannavelta

Hjá LV starfar traustur og öflugur hópur starfsfólks. Starfsmannavelta var 0% á árinu 2020 og hjá sjóðnum starfar starfsfólk með reynslu sem hefur unnið þar í mörg ár. Auk þess hefur nýtt starfsfólk með nýja þekkingu og sýn komið til starfa undanfarin ár. Þetta eykur getu LV til að sýna festu í starfsemi sinni og takast á við áskoranir sem fylgja örum vexti og síbreytilegu starfsumhverfi.

Ár	Fjöldi starfsfólks	Starfsfólk í hlutastarfi	Starfslok	Starfsmannavelta á ársgrundvelli
2020	50	0	0	0
2019	47	0	1	2,1%
2018	45	0	1	2,2%

Aðgerðir gegn mismunun

LV hefur sett sér starfsmannastefnu og jafnréttisstefnu til að fyrirbyggja hvers konar mismunun. Sjóðurinn hefur líka formlega stefnu um varnir gegn einelti og áreitni á vinnustað og sérstaka viðbragðsáætlun ef slík tilvik skyldu koma upp. Rík áhersla er á að starfsfólk sýni kurteisi og virðingu í samskiptum sínum. Einelti og áreitni er ekki liðið á vinnustaðnum og stjórnendum ber að stuðla að því að grundvallarreglur samskipta séu virtar.

Stefna og viðbragðsáætlun sjóðsins eru kynntar fyrir nýju starfsfólki í upphafi starfs. Í viðbragðsáætlun er áhersla á skjóta úrlausn mála en hægt er að velja milli óformlegrar og formlegrar málsmeðferðar. Málalok eru tilkynnt með formlegum hætti en áfram fylgst með þolendum.

Á árinu 2020 komu ekki upp mál varðandi mismunun, áreitni eða einelti.

Heilsa og öryggi

Áhersla er á að vinnustaðurinn sé öruggur, starfsaðstaða heilsusamleg og starfsandi jákvæður.

LV býður starfsfólki í árlega heilsufarsmælingu. Á árinu 2020 nýttu 60% starfsmanna sér mælinguna og 72% starfsmanna árið 2019. Starfsfólk er líka boðið að fá influenssprautu. Auk þess styður sjóðurinn heilsu starfsfólks með því að taka þátt í kostnaði vegna heilsuræktar og endurhæfingar. Iðjuþjálfari heimsækir sjóðinn reglulega til að leiðbeina um réttra líkamsstöðu við störf. Þeir sem óska eftir því fá upphækkanleg borð á starfsstöð sína. Starfsfólk fær reglulega þjálfun og fræðslu um öryggismál, brunavarnir og viðbrögð við bruna.

Barna og nauðungarvinna

Innlend löggjöf og starfsumhverfi tryggir vel rétt barna og réttindi starfsfólks sem getur spornað við nauðungarvinnu. Lífeyrissjóðurinn starfar sam-

kvæmt íslenskri löggjöf, þar með talið Barnalögum nr. 76/2003, en hún tekur mið af samningi Sam-einuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Barnasáttmála. Nauðungarvinna og þrælahald er ekki liðin á íslenskum vinnumarkaði og sjóðurinn hefur aldrei fengið tilkynningar tengdar því.

Mannréttindi

Mannréttindi eru grundvallarréttindi sem allir einstaklingar eiga kröfu til. Það er stefna LV að sjóðurinn meti alla jafnt og mismuni fólki ekki á grundvelli kyns, kynþáttar eða þjóðernislegs uppruna, kynhneigðar, stjórnmálaskoðana, trúarbragða eða heimspekilegrar sannfæringar. Starfsfólk sjóðsins tekur kjör samkvæmt kjarasamningum og á aðild að stéttarfélagi sem tryggir þeim almenn réttindi á vinnumarkaði.

Framlag LV til áhrifa á UFS þætti og heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun – Félagslegir þættir:

Félagslegir þættir:	
	<ul style="list-style-type: none"> LV birtir launahlutfall forstjóra og aðra lykilmælikvarða Gætt er að jöfnum tækifærum og jafnrétti kynjanna og unnið er eftir jafnréttisstefnu og starfskjarastefnu
	<ul style="list-style-type: none"> LV fylgir verklagsreglum um hæfi lykilstarfsmanna
	<ul style="list-style-type: none"> Allt starfsfólk er fast ráðið og í sjóðnum er unnið eftir starfsmannastefnu LV fylgir fræðslustefnu fyrir starfsfólk LV spornar gegn einelti og áreiti, vinnur eftir stefnu varðandi einelti og áreiti á vinnustað og hefur viðbragðsáætlun tengda þessu
	<ul style="list-style-type: none"> Engin slys eða áföll hafa tengst vinnustað LV og gætt er að heilsu og öryggi starfsmanna og unnið er að gerð stefnu um heilsu og öryggi
	<ul style="list-style-type: none"> LV virðir mannréttindi Allir sem starfa hjá LV eru aðilar að stéttarfélagi
	

Í viðauka I er að finna stefnur og reglur tengdar félagslegum þáttum.

Stjórnarhættir

Hjá LV er áhersla á góða stjórnarhætti við stefnu-mótun og daglega stjórnun. Haghafar fá upplýsingar um stjórnarhætti sjóðsins í stjórnarháttayfirlýsingu sem er birt í ársskýrslu og á vef sjóðsins. Yfirlýsingin á líka að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og

traustan rekstur. Stjórnarháttayfirlýsing LV árið 2020 byggir á lögum og reglum sem voru í gildi þegar stjórn og framkvæmdastjóri staðfestu ársreikning sjóðsins. Þar er sérstaklega litið til þeirra ákvæða laga nr. 129/1997 sem lúta að stjórnarháttum lífeyrissjóða, ákvæðum samþykktu sjóðsins, reglum FME þar um, m.a. reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða sem og 5. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnu af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Kynjahlutfall í stjórn

Stjórn LV er skipuð átta stjórnarmönnum, fjórum konum og fjórum körlum. Stjórn VR tilnefnir fjóra stjórnarmenn og þau samtök atvinnurekenda sem standa að sjóðnum tilnefna fjóra stjórnarmenn; Samtök atvinnulífsins tilnefna þrjá og Félag atvinnurekenda einn. Fulltrúar atvinnurekenda og VR hafa formennsku til skiptis, tvö ár í senn. Hvorki framkvæmdastjóri né stjórnendur sjóðsins sitja í stjórn LV. Allir stjórnarmenn teljast óháðir LV í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti (5. útgáfa).

Stjórn	2020	2019	2018
Konur	50% (4)	62,5% (5)	50% (4)
Karlar	50% (4)	37,5% (3)	50% (4)
Háðir stjórnarmenn	0%	0%	0%


Kaupaukar

Starfskjör hjá sjóðnum byggja fyrst og fremst á föstum greiðslum. Stjórnarlaun eru föst krónutala sem er endurskoðuð árlega í samræmi við samþykktir sjóðsins. Stjórnendur eru á föstum heildarlaunum þar sem er ekki greitt fyrir aukavinnu nema í undantekningartilfellum. Í ráðningarsamningum annars starfsfólks kemur fram hvort um sé að ræða föst heildarlaun eða laun þar sem greitt fyrir yfirvinnu. Kaupaukar eru því hvorki hluti af starfskjörum stjórnar né starfsfólks.

Kjarasamningar

Allt starfsfólk LV á aðild að kjarasamningum og gildandi starfskjarastefnu er fylgt. Stjórn setur starfskjarastefnuna fram, hún er staðfest á ársfundum og birt á vefsíðu sjóðsins. Stefnan á að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum. Hún byggir á samþykktum lífeyrissjóðsins, sjónarmiðum sem koma fram í leiðbeiningum um góða stjórnarhætti og meginreglum sem liggja til grundvallar 79. gr. a í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.

Starfskjarastefnan á að styðja við traustan rekstur og góða þjónustu við sjóðfélaga. Hún hefur einnig þann tilgang að gera sjóðinn að eftirsóknaverðum vinnustað þar sem starfar hæft og reynt starfsfólk. Þetta er grundvöllur þess að rekstur sjóðsins sé samkeppnisfær og í samræmi við bestu viðmið.



Siðareglur og aðgerðir gegn spillingu

Stjórn hefur sett sjóðnum siða- og samskiptareglur fyrir starfsfólk og stjórnarmenn. Reglurnar eiga að styðja við vönduð vinnubrögð, draga úr hættu á hagsmunaaðrekstrum og auka öryggi í meðferð fjármuna sjóðsins. Í reglum er m.a. fjallað um góða starfshætti, hagsmunaaðrekstra, meðferð trúnaðarupplýsinga og um gjafir, boðsferðir og starfstengdar ferðir. Stjórn lífeyrissjóðsins og starfsfólk hans er meðvitað um þá ábyrgð sem fylgir umsjón með fjármunum sjóðfélaga. Sjóðurinn hefur sett sér reglur um uppljóstrun vegna mögulegra svika eða misferlis starfsfólks. Stjórn hefur líka sett reglur um viðskipti stjórnar og starfsfólks með fjármálagerninga. Þá hafa verið settar reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Sjóðurinn leggur áherslu á fagmennsku, áræðni og samviskusemi. Þetta birtist m.a. í vandaðri eigna- og áhættustýringu, eftirfylgni með fyrirtækjum sem fjárfest er í og áherslu á góða stjórnarhætti. Lífeyrissjóðurinn gerir kröfu um að fyrirtæki sem hann fjárfestir í fylgi lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra og virði þannig lagareglur og viðmið um siðferði og sporni við hvers kyns spillingu.

Í viðskiptum við birgja LV er leitast við a velja birgja sem starfa eftir sömu gildum og sjóðurinn. Þá er m.a. litið til siðferðis, gæðamála, öryggismála og hugbúnaðarferla.

Stjórn sjóðsins áréttar mikilvægi þess að samskipti við haghafa séu í samræmi við gott viðskiptasiðferði.

Til að gæta að hæfisreglum, rétttri meðferð fjármuna og þáttum eins og spillingu og mútumálum hafa verið settar margþættar reglur sem starfsfólki ber að fara eftir í störfum sínum fyrir sjóðinn. Sjá viðauka I.

Persónuvernd

Í starfsemi LV er nauðsynlegt að vinna með ýmis konar persónuupplýsingar sem varða m.a. sjóðfélaga. Sjóðurinn safnar persónuupplýsingum um sjóðfélaga fyrst og fremst til að uppfylla skyldur sínar á grundvelli heimildar/skyldu í lögum, kjarasamningi eða á grundvelli annarra lögmætra hagsmuna sjóðsins.

LV hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sjóðfélaga sjóðsins. Sjóðurinn skuldbindur sig til að vinna persónuupplýsingar um sjóðfélaga löglega, af sanngirni og gagnsæi. Upplýsingum verði aðeins safnað í tilteknum, sérstökum og lögmætum tilgangi og að söfnun og

vinnsla gangi ekki lengra en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar. Vinnsla skal í öllum tilvikum vera nægileg, viðeigandi og takmörkuð við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang hennar.

Sjóðurinn leggur áherslu á að uppfylla þá persónuverndarlöggjöf sem er í gildi hverju sinni. Í því skyni voru persónuverndarreglur sjóðsins settar í maí 2018 en þær byggja á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Lífeyrissjóðurinn hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa til að hafa umsjón með eftirfylgni persónuverndarreglna.

Persónuverndarreglurnar eru aðgengilegar á vef sjóðsins.

Öryggisstefna sjóðsins er í gildi og nær til meðferðar og varðveislu gagna. Hún á að tryggja örugga meðferð og varðveislu upplýsinga sem hafa þýðingu fyrir starfsemi sjóðsins. Eftirlitsaðgerðir, sjálfvirk vöktun og neyðaráætlun sjóðsins miða að því að lágmarka áhrif rekstraratvika á upplýsingakerfi og eiga að taka á alvarlegri rekstraratvikum með endurheimt upplýsingakerfa.

Sjálfbærnisráskýrsla

LV birtir hér í fyrsta sinn heildstæða sjálfbærnisráskýrslu sem inniheldur lykiltölur og lykilaðherslur tengdar sjálfbærri þróun; efnahagsþáttum, umhverfisþáttum og samfélagsþáttum. Sjóðurinn tók fyrsta skref í birtingu sérstakrar samfélagsráskýrslu árið 2019, með áherslu á UFS þætti í rekstri. Hún var birt sem hluti af og samhliða ársskýrslu. Nú hafa áherslur sjóðsins verið greindar áfram með tilliti til sjálfbærar þróunar, m.a. með greiningu á heimsmarkmiðunum, tengingu við viðskiptalíkan og hag-hafagreiningu. Auk þess hafa þættir tengdir stýringu eignasafns í átt að ábyrgri fjárfestingu verið greindir frekar og settir fram. Nánari umfjöllun um þá þætti er birt hér í sérstökum köflum um ábyrgar fjárfestingar, áhættustýringu tengdri sjálfbærri þróun og umboðsskyldu. Þá er sérstakur kafli um lífeyri með áherslu á vörufraðboð til sjóðfélaga.

Þessi sjálfbærnisráskýrsla byggir á upplýsingum frá mismunandi rekstrareiningum LV og var unnin í samvinnu við sérfræðinga Ábyrga lausna ehf. Útreikningar umhverfisþátta rekstrar voru unnir af Andrími ehf. í samstarfi við Ábyrga lausnir ehf. Skýrslan á að gefa heildarsýn yfir starfsemi LV út frá áherslum á sjálfbæra þróun og gefa góða mynd af viðbótarupplýsingum og framtíðaráherslum. Markvisst var unnið með markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, stuðst var við UFS leiðbeiningar Nasdaq (ESG Reporting Guide 2, maí 2019) og litið til alþjóða staðla og viðmiða við framsetningu efnis. Auk þess var tekið mið af lögum um ársreikninga nr. 3/2006, einkum grein 66-d um birtingu upplýsinga um ófjárhagslega þætti í rekstri.

Framlag LV til áhrifa á UFS þætti og heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun – Stjórnarhættir:

Stjórnarhættir:	
	<ul style="list-style-type: none"> • LV vinnur eftir samþykktum, starfsreglum stjórnar og framkvæmdastjóra, hluthafastefnu og ýmsum öðrum reglum settum af sjóðnum • Í stjórn er gætt er að jöfnum kynjahlutföllum og óhæði stjórnar
	<ul style="list-style-type: none"> • Sérstökum starfsreglum stjórnar og framkvæmdastjóra er fylgt • Sérstakar reglur eru um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar og opinberra aðila
	<ul style="list-style-type: none"> • Sérstakar reglur eru um viðskipti stjórnar og starfsfólks með fjármálagerninga
	<ul style="list-style-type: none"> • Þóknun fyrir stjórnarsetu eru föst stjórnarlausnir sem eru staðfest á ársfundi sjóðsins og ekki er um aðrar greiðslur að ræða. Starfskjör alls starfsfólks LV byggja á kjarasamningum
	<ul style="list-style-type: none"> • Sérstökum reglum er fylgt við mat á hæfi lykilstarfsmanna • LV leggur áherslu á siðferði, virðingu og aðgerðir gegn spillingu og hefur innleitt sérstakar siða- og samskiptareglur • LV hefur sérstakar reglur um uppljóstrara (e. Whistleblower) • LV fylgir reglum sem sporna við peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka • LV fylgir reglum um persónuvernd og hefur innleitt persónuverndarreglur • LV fylgir stefnu varðandi öryggi og rekstur upplýsingakerfa, meðhöndlun upplýsinga og gagnaöryggi • LV birtir opinberlega sjálfbærnisráskýrslu sem er unnin með ráðgjöfum á því sviði • LV hefur greint áhrif starfseminnar á markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og sett sér áherslumarkmið til innleiðingar og mælinga • LV fylgir lögum um endurskoðun og vottanir og upplýsingar sem koma fram í sjálfbærnisráskýrslu endurskoðaðar að hluta

Í viðauka I er yfirlit yfir formlegar og óformlegar stefnur LV.

Í viðauka II er yfirlitstafla yfir UFS þætti reksturs fyrir árin 2019 og 2020 með tilvísun í viðeigandi GRI (Global Reporting Initiative) staðla og UNGC (Global Compact)



10 Lífeyrir

Lífeyrir – ævilangur lífeyrir, áfallalífeyrir og séreign

Lífeyrissjóður verzlunarmanna starfrækir sam- eignardeild og séreignardeild.

- Lögboðin iðgjöld sjóðfélaga fara í sameignar- deild og mynda þar samtryggingarsjóð til að tryggja þeim ævilangan lífeyri og áfallalífeyri.
- Sjóðfélagi hefur val um að greiða iðgjald til sér- eignardeildar LV sem býður upp á þrjár opnar ávöxtunarleiðir.

Samþætting samtryggingar og séreignar styrkir framfærslu sjóðfélaga og eftir atvikum maka hans og barna. Slíkt samspil eykur möguleika á sveigjan- legum starfslokum og möguleika á hærri ráðstöf- unartekjum fyrstu árin eftir að starfsævi lýkur.

Lágmarksiðgjald til samtryggingardeildar er 12% af heildarlaunum og endurgjaldi fyrir hvers konar vinnu. Samkvæmt kjarasamningum flestra stéttarfélaga sem mæla fyrir um aðild að LV er lágmarksiðgjald 15,5%. Sjóðfélagi getur tekið ákvörðun um allt að 3,5% iðgjaldshluta umfram 12% sé varið til uppbyg- gingar á tilgreindri séreign.

Nánar um eðli lífeyrisréttinda

Ellilífeyrir	Áfallalífeyrir
Almennur eftirlaunaaldur hjá LV er 67 ár. Sjóðfélagi ávinnur sér tryggingu fyrir ævilöngum lífeyrisgreiðslum frá því að taka lífeyris hefst. Þannig mun hann fá greiðslur sem endurspeglar iðgjöld hans yfir starfsævina og ávöxtun sjóðsins í gegnum árin.	Undir áfallalífeyri falla örorku-, maka- og barnalífeyrisgreiðslur. Þetta eru verðmæt réttindi sem virkjast ef fólk missir starfsorku eða við fráfall maka.

Sjóðfélagi hefur val

Séreign

Launþegi á rétt á viðbótarlífeyrissparnaði sem er séreign hans. Honum er valfrjálst að greiða iðgjöld samkvæmt nánari reglum í séreignarsjóð sinn. Þá getur sjóðfélagi valið milli þriggja ávöxtunarleiða, meðal annars eftir aldri og áhættuvilja.

Með því að byggja upp lífeyrissparnað í séreign getur sjóðfélagi tryggt sér mikilvæga eign sem styður við framfærslu eftir starfslok, eykur sveigjanleika í líf- eyrismálum og styrkir framfærslu. Það er mikilvægt að skoða málið vel og meta miðað við eigin forsendur.

Þá hefur verið heimilt að nýta hluta af séreignasparn- aði með ákveðnu skattahagræði til afborgana fast- eignalána og til fjármögnunar á fyrstu íbúðakaupum. Slíkar heimildir byggja á lögum á hverjum tíma.

Upphaf lífeyristöku og skipting réttinda

Upphaf töku lífeyris og úttektar séreignarsparnaðar	Skipting réttinda milli hjóna
Almenna reglan er að sjóðfélagi hefji lífeyristöku 67 ára. Þó er hægt að flýta því um tvö ár eða seinka til allt að 80 ára aldurs. Séreign er laus til útgreiðslu við 60 ára aldur. Tilgreind séreign er laus til útgreiðslu við 67 ára aldur sem þó er hægt að flýta og byrja 62 ára. Þá er séreign erfánleg að fullu til afkomenda í samræmi við erfðalög.	Hjón og sambúðarfólk má gera samning um skiptingu áunninna réttinda og framtíðarréttinda. Auk þess má gera samkomulag um skiptingu lífeyrisgreiðslna eftir að taka lífeyris hefst.

Leiðir til að styðja við sjálfbærnan lífeyri Upplýsingagjöf

Áhersla er lögð á að veita sjóðfélögum gagnlegar upplýsingar um lífeyrismál, sérstaklega tvö atriði:

- Að þekkja réttindin, kosti og takmarkanir: Upplýsingar séu aðgengilegar svo sjóðfélagi þekki eðli réttinda sinna, kosti þeirra og takmarkanir.
- Að geta tekið upplýsta ákvörðun: Upplýsingagjöf sé vönduð svo sjóðfélagi geti tekið upplýsta ákvörðun um lífeyrismál sín miðað við eigin forsendur, byggðar á aðgengilegum upplýsingum.

Sjálfbærniþættir

Fjárhagsleg sjálfbærni skiptir sjóðfélaga máli, það er að hafa nægilegar tekjur þegar hefðbundnum atvinnutekjum sleppir. Þar skipta m.a. þessi atriði máli.

- **Ævilangur lífeyrir:** Réttur til ævilangs lífeyris tryggir sjóðfélaga afkomu til æviloka. Hann er því ekki í hættu á að lifa lífeyrir sinn eins og það er stundum orðað, það er að sparnaðurinn sé uppurinn við tiltekinn aldur.
- **Séreign:** Sveigjanleiki við starfslok. Samþætting séreignar við samtryggingarréttindi veitir sjóðfélaga fjárhagslega vernd og val. Til dæmis varðandi val um upphaf lífeyristöku og það að hafa lífeyristekjur hærri fyrstu árin eftir að taka lífeyris hefst. Það má nýta séreign inn á lán og til íbúðarkaupna eftir ákveðnum reglum.
- **Vernd fjárhagslega tengdra aðila við fráfall:** Maka- og barnalífeyrir veitir mikilvæga fjárhagslega vernd. Séreignarsparnaður greiðist til erfingja samkvæmt reglum erfðalaga.
- **Félagsleg vernd:** Ákvæði laga um lífeyrissjóði og samþykktir LV tryggja ákveðið jafnvægi og mikilvæga vernd fyrir tiltekna hópa. Þannig er t.a.m. greitt iðgjald af hlutastörfum og atvinnuleysisbótum, en það er ekki alltaf raunin í öðrum löndum. Þá er tryggingavernd ekki háð sjúkrasögu, ættarsögu eða aldri. Iðgjöld veita þó hærri lífeyrisréttindi eftir því sem sjóðfélagi er yngri þegar iðgjöld eru greidd þar sem sjóðurinn hefur þau lengur til ávöxtunar.
- **Áskorun:** Líkt og aðrir lífeyrissjóðir, stendur LV frammi fyrir ýmsum áskorunum varðandi framkvæmd samþykta og þróun lífeyrisvara. Til að mynda tekur þrjú almanaksár að ávinna sér rétt til framreiknings vegna örorku- og makalífeyris, sem eru verðmæti réttindi. Þá fellur framreikningsrétturinn niður ákveðnum tíma eftir að fólk fer af vinnumarkaði og það tekur nokkur ár að ávinna sér hann að nýju. Sjóðfélagi ber lýðfræðilega áhættu og fjárfestingaráhættu og hlé á vinnumarkaði móta skarð í réttindaávinnslu.

- **Aðlögun að lengri meðalævi:** Líkt og aðrir lífeyrissjóðir, stendur LV frammi fyrir því að laga réttindakerfi sín að hækkanði meðalaldri sjóðfélaga. Sú þróun felur í sér að lífeyrir er greiddur í fleiri ár. Það þarf því annað hvort að hækka lífeyristökualdur og/eða lækka mánaðarlegar greiðslur.
- **Árleg tryggingafræðileg úttekt:** Til að tryggja sem best jafnvægi milli skuldbindinga og eigna, framkvæmir tryggingastærðfræðingur árlega úttekt á sjóðnum.

Markmið LV

Markmið sjóðsins eru að auka aðgengi að viðeigandi upplýsingum sem varðar uppbyggingu lífeyrisréttinda og gerð lífeyrisáætlunar, skoða tryggingavernd við brotthvarf af vinnumarkaði, aukin upplýsingagjöf á ensku, auka áfram vitund sjóðfélaga um eðli lífeyrisréttinda.

Tilvísanir til kafla frammar í ársskýrslu og ársreiknings

- Þróun lífeyrisgreiðslna og fjöldi lífeyrisþega; bls. 5 í ársskýrslu
- Þróun iðgjalda og fjölda greiðandi sjóðfélaga; bls. 6 í ársskýrslu
- Um tryggingafræðilega stöðu, sem segir til um getu LV til að uppfylla lífeyrisskuldbindingar; bls. 8-11



11 Ábyrgar fjárfestingar

Um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar

Með ábyrgum fjárfestingum er hér vísað til þess að samþætta mat á umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (gjarnan skammstafað UFS) í fjárfestingarferlið, við umsýslu eignasafns og framkvæmd eigendastefnu. LV lítur meðal annars til aðferðafræði PRI í þessum efnum.

Þannig er með ábyrgum fjárfestingum lögð áhersla á að útgefendur hagi stefnumótun, rekstri og tekjuöflun með þeim hætti að starfsemin sé sem mest sjálfbær. Sjálfbær í þeim skilningi að hún sé umhverfislega sjálfbær, virði þau félagslegu grunngildi sem flestir eru sammála um og sé efnahagslega sjálfbær. Hér er stundum vísað til þess að horft sé til fólks, jarðar og hagnaðar eða „People – Profit – Planet (Triple Bottom Line TBL)” á ensku. Við greiningu á þeim þáttum er svo m.a. byggt á greiningu mikilvægra þátta sem varða UFS. Aðferðafræðin er skammstöfuð UFS fyrir Umhverfi – Félagsgir þættir – Stjórnarhættir eða á ensku ESG fyrir Environmental – Social – Governance.

UFS greining styður og er til viðbótar við hefðbundna fjármálalega greiningu og aðferðafræði við uppbyggingu eignasafna. Þar er m.a. litið til viðmiða í UFS leiðbeiningum Nasdaq, útgefnum í febrúar 2020. Á árinu 2021 mun líka vera horft til greiningar og flokkunar MSCI í tengslum við innleiðingu á greiningarkerfi sem styður við mat á sjálfbærum fjárfestingarkostum.

Stefna LV varðandi ábyrgar fjárfestingar

Ábyrgar fjárfestingar eru mikilvægur þáttur í stefnu LV um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni. Áhersla er lögð á vandaðan undirbúning fjárfestingarákvarðana og val á samstarfs- og þjónustuaðilum. Þá er lögð áhersla á að veita útgefendum verðbréfa sem fjárfest er í uppbyggilegt aðhald. Gildandi stefna um ábyrgar fjárfestingar kemur nú aðallega fram í fjárfestingarstefnu, hluthafastefnu og áhættustefnu. Stefnt er að því að gefa út heildstæða sjálfstæða stefnu um ábyrgar fjárfestingar vorið 2021, sem verður aðgengileg á vefsíðu sjóðsins.

LV hefur verið aðili að UN-PRI frá árinu 2006. Það felur meðal annars í sé að sjóðurinn leggur áherslu á þessi sex grunnviðmið UN-PRI:

1. Fjárfestingarferlið – Taka tillit til UFS þátta í greiningu fjárfestingakosta og við ákvarðanatöku
2. Virkur eigandi – Vera virkur eigandi og taki tillit til UFS þátta í eigendastefnu
3. Upplýsingagjöf útgefanda – Kalla eftir viðeigandi upplýsingum um UFS málefni útgefanda þeirra verðbréfa sem er fjárfest í
4. Samtal við samstarfsaðila – Vinna samhent með öðrum aðilum á fjármálamarkaði að innleiðingu þessara grunnviðmiða
5. Samvinna – Vinna saman að því að bæta árangur og áhrif UN-PRI viðmiða
6. Upplýsingagjöf aðila að UN-PRI – Regluleg upplýsingagjöf varðandi innleiðingu og framkvæmd á grunnviðmiðum UN-PRI

Áherslur LV varðandi ábyrgar fjárfestingar

Undanfarin misseri hefur LV lagt aukna áherslu á að byggja upp þekkingu á ábyrgum fjárfestingum innan sjóðsins og í samstarfi við ýmsa samstarfsaðila og útgefendur verðbréfa. Í þessu sambandi er líka unnið að því að greina eignasafnið nánar. Meðal áhersluverkefna á árinu 2020 var:

- Greining þjónustu innlendra aðila á sviði sjálfbærra fjárfestinga, UFS og upplýsingagjafir.
- Við mat á fjárfestingarkostum hefur verið lögð aukin áhersla á UFS greiningu. Þar má nefna innlenda og erlenda sjóði, skráð innlend hlutabréf og græn skuldabréf. Í þeirri vegferð og forgangsröðun er m.a. litið til þátta sem hafa mest áhrif á sjálfbærni í rekstri útgefenda verðbréfa (mikilvægisviðmið).
- Val á þjónustufyrirtæki við greiningu UFS þátta í erlendum eignasöfnum LV og í hluta af innlendum eignasöfnum. Sjóðurinn mun nýta sér þjónustu MSCI sem býður upp á umfangsmikil gagnasöfn um umhverfis-, samfélagslegt- og félagslegt fótspor fyrirtækja og annarra útgefenda verðbréfa.
- Námskeið og fræðsla starfsmanna til að byggja upp þekkingu á sjálfbærni og ábyrgum fjárfestingum sem og að styðja við menningu sem varðar sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar.
- Greiningarvinna innanhúsi og í samstarfi við utanaðkomandi aðila til að styðja áframhaldandi þróun á stefnu um ábyrgar fjárfestingar.
- Stofnun stýrihóps stjórnenda sem koma að stefnumótun og innleiðingu á stefnu um ábyrgar fjárfestingar LV. Hópin skipta framkvæmdastjóri, forstöðumaður eignastýringar, áhættustjóri og yfirlögfræðingur.

Samstarf

Liður í samfélagslegri ábyrgð LV er að taka þátt í umræðum um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni í tengslum við fjárfestingar og eigendastefnu. Það er meðal annars gert með þátttöku í starfi og umræðu á vettvangi samtaka eins og Landssamtaka lífeyrisjóða, Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð og sjálfbærni og IcelandSif sem hefur það hlutverk að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábygrra fjárfestinga og auka umræður um þær. Þá leggur LV áherslu á góð samskipti varðandi þessi mál við aðila á fjármálamarkaði, fyrirtæki sem útgefendur verðbréfa (hlutabréfa og skuldabréfa), opinbera aðila, eftirlitsstofnanir, fjölmiðla og sjóðfélaga.

Í innra starfi er lögð áhersla á að vinna mál tengd samfélagsábyrgð og sjálfbærni á sem breiðustum grunni og með virkri að komu sem flestra sviða starfsmanna og stjórnar. Það á líka við um ábyrgar fjárfestingar. Þannig byggir stefnumótun og fram-

kvæmd ábygrra fjárfestinga meðal annars á aðkomu stjórnar, framkvæmdastjóra, eignastýringar, lögfræðisviðs, áhættustýringar sem og upplýsinga- og kynningarfulltrúa. Þá er aukin áhersla á upplýsingagjöf innan sjóðsins sem og til sjóðfélaga, markaðsaðila og annarra haghafa.

Lykilstefnur og reglur LV varðandi ábyrgar fjárfestingar eru:

- Fjárfestingarstefna
- Hluthafastefna
- Áhættustefna og áhættustýringarstefna
- Síða- og samskiptareglur
- Reglur um varnir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- Reglur um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna LV með fjármálagerninga
- Starfsreglur stjórnar og framkvæmdastjóra

Áherslur ársins 2021

Á árinu 2021 er stefnt að því að fara yfir hluthafastefnu LV (þróa yfir í eigendastefnu), síða- og samskiptareglur og reglur um uppljóstrara.

Þá er miðað við að gefa út eftirfarandi stefnur á árinu:

- Sjálfstæða stefnu um ábygrar fjárfestingar
- Stefnu um útilokun á fjárfestingarkostum í eignasöfnum sjóðsins
- Samkeppnisréttarstefnu
- Uppfæra reglur um varnir gegn mútum og spillingu

Þessi vinna er liður í þróun og vaxandi áherslu á ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar sem eru mikilvægur þáttur í starfsemi lífeyrissjóðsins.

Eignasafn sjóðsins verður greint áfram m.t.t. sjálfbærni og ábygrra fjárfestinga. Þá mun LV áfram fylgjast með stefnum og straumum á þessu sviði, byggja upp þekkingu og reynslu. Hann mun líka halda áfram að eiga virk samskipti við eignastýringaraðila, útgefendur verðbréfa og aðra haghafa.

Hingað til hefur verið áhersla á UFS greiningu við mat á fjárfestingarkostum. Þar má nefna innlenda og erlenda sjóði, skráð innlend hlutabréf og græn skuldabréf. Nú er unnið að því að formgera þá aðferðafræði og víkka hana, meðal annars varðandi fjárfestingar í fyrirtækjaskuldabréfum, erlendum hlutabréfafjárfestingum og skuldabréfum opinberra aðila.



12 Áhættustýring

Hjá LV hefur eitt svið yfirumsjón með áhættustýringu hjá sjóðnum. Áhættustýring ber ábyrgð á áhættustefnu sem stjórn sjóðsins setur með vísan til 9. töluliðar 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Markmið og áherslur

Markmið áhættustefnunnar er að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Þetta á að minnka líkur á að réttindi sjóðfélaga til greiðslu lífeyris skerðist sem og stuðla að góðum og öruggum rekstri.

Áhersla er á að stjórn og stjórnendur hafi góða yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins, þau þekki hlutverk sitt í ferli áhættustýringar og eftirlits og að þau taki virkan þátt í því. Í raun má segja að stjórn, stjórnendur og annað starfsfólk starfi við áhættustýringu. Þetta á við í rekstri eignasafna, við gerð lífeyrisúrskurða, varðandi hlítu við lög og reglur, í þjónustu við sjóðfélaga og svo framvegis.

Áhættustýring felur í sér marga þætti sem mynda eftirlitskerfi. Þeir gera starfsfólki kleift að bera kennsl á, greina, vakta, meta og taka áhættu til meðferðar og þannig að stýra áhættu. Lögð er áhersla á áhættustýringu í allri starfsemi sjóðsins, meðal annars við stefnumótun, við innleiðingu á stefnu og í daglegum rekstri.

Með því að setja og fylgja vandaðri áhættustefnu er sjóðurinn talinn líklegri til að koma auga á áhættuþætti í rekstri og takast betur á við þá. Allt ofangreint gerir sjóðinn betur í stakk búinn að ná markmiðum sínum og auka þannig traust haghafa til sjóðsins.

Ef sjóðurinn nær markmiðum sínum við rekstur áhættustýringar telst hann líklegri til að vera sjálfbær til framtíðar og til að styðja við hagsmuni innri lykilhaghafa en það eru sjóðfélagar og aðrir þeim tengdir. Þannig geti sjóðurinn líka betur mætt þeim áskorunum sem tengjast sjálfbærni í víðara samhengi.

Áhætta, greining UFS þátta og sjálfbærni

Stærstu og veigamestu áhættuþættir í starfsemi sjóðsins hafa verið sú áhætta sem felst í ávöxtun eigna sem standa undir lífeyrisréttindum sjóðfélaga, lýðfræðileg áhætta sem snýr m.a. að lífslíkum sjóðfélaga og líkum á örorku sem og aðrir rekstraráhættuþættir. Nú verða áhættuþættir í víðara samhengi sífellt viðameiri í starfsemi skipulagsheilda eins og lífeyrissjóða. Dæmi um það eru áhættuþættir tengdir umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Allir þessir áhættuþættir munu hafa áhrif á virði eigna sem sjóðurinn á og standa undir lífeyrisréttindum sjóðfélaga.

Sem dæmi um slík áhrif kunna fyrirtæki sem hyggjast ekki taka þátt í að draga úr kolefnislosun við framleiðslu eða rekstur að verða eftir á í samkeppni og verðmætasköpun til framtíðar. Miðað við markmið ríkja, fyrirtækja, félagasamtaka og fleiri varðandi samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda til að draga úr óæskilegum áhrifum á loftslag og umhverfi gætu fyrirtæki sem munu ekki fylgja meginstraumum í þeim efnum til framtíðar mögulega dregist aftur úr í samkeppni. Að sama skapi er aukin krafa um að fyrirtæki fylgi alþjóðlegum viðmiðum varðandi umhverfismál og félagsleg réttindi svo sem reglur um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Í heimi þar sem stór hluti mannkyns hefur gott aðgengi að upplýsingum og fréttum geta fyrirtæki sem misstíga sig í þessum umhverfislegu og félagslegu þáttum beðið álitshnekkis, með tilheyrandi skaða á orðspor og virði.

Þetta eru þau verkefni sem áhættustýring LV, ásamt stjórn, stjórnendum og starfsfólki, fæst við í tengslum við sjálfbærni. Það er að leitast við að þekkja og skilja samhengi þessara þátta, hvernig eigi að bera kennsl þá, greina, vakta, meta og taka slíka áhættuþætti til meðferðar til að tryggja enn betur öryggi í rekstri sjóðsins.



13 Umboð

Þegar kemur að umboði lífeyrissjóðs til að taka sjálfbærniþætti með í reikninginn varðandi almennan rekstur og ávöxtun eigna skiptir máli að huga að umboði og umboðsskyldu sjóðsins. Inntak og þróun umboðs í þessu sambandi er mjög í deiglu. Hér er vikið að inntaki umboðs og umboðsskyldu sem og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðsins í tengslum við samfélagsábyrgð og sjálfbærni.

Um umboð og umboðsskyldu

Með umboði er almennt vísað til þess að einstaklingi eða einstaklingum er falið að gæta hagsmuna einstaklings, hóps fólks eða lögaðila.

Í tilvikum LV eru það forsvarsmenn sjóðsins eins og stjórn, framkvæmdastjóri, stjórnendur og annað starfsfólk. Þessum aðilum er falið að fara með og gæta hagsmuna stórs hóps sjóðfélaga sem hafa ólíka hagsmuni. Þá geta persónulegir hagsmunir stjórnar og stjórnenda verið aðrir en einstaka sjóðfélaga, lykilhaghaafa eða annarra haghafa sjóðsins. Til að greina inntak umboðs og þar með umboðsskyldu sjóðsins þarf því að líta til lagaákvæða, samþykktu LV, annarra reglna og viðurkenndra viðmiða.

Umboðsskylda LV á að tryggja að þeir sem stýra fjármunum eða lífeyrisréttindum starfi í þágu lykilhaghaafa og eftir atvikum annarra haghafa, en ekki í þágu eigin hagsmuna. Með lykilhaghöfum er hér vísað til sjóðfélaga og þeirra sem eiga réttindi á grundvelli þeirra, þ.e. eftir atvikum maka eða barna.

Það má færa má rök fyrir því að inntak umboðs og umboðsskyldu sé bæði lagalegt og siðferðilegt. Þannig þarf m.a. að horfa til inntaks laga, ýmissa reglna sem

byggja á þeim og til samþykktu sjóðsins. Auk þess skipta þættir eins og tryggð og fagmennska máli³.

- **Með tryggð** (hollustuskylda / e. Duty of Loyalty) er hér vísað til þess að umboðsaðili beiti sér í góðri trú í þágu hagsmuna umbjóðanda. Hann gæti hlutleysis í hagsmunaárekstrum meðal haghafa, forðist hagsmunaárekstra og gangi ekki eigin erinda eða erinda þriðja aðila.
- **Með fagmennsku** (skynsemis skylda / e. Duty of Prudence) er hér vísað til þess að umboðsaðili framkvæmi starf sitt af vandvirkni og kostgæfni. Hann gæti þess að hann hafi næga hæfni og taki ígrundaðar ákvarðanir. Auk þess fari hann með fjármuni og aðra hagsmuni eins og almenn skynsöm og samviskusöm manneskja myndi gera. Þá fari viðkomandi með fjármuni og aðra hagsmuni umbjóðanda eins og hann myndi gera fyrir sjálfan sig.

Lög og reglur sem varða umboð og umboðsskyldu LV varðandi samfélagsábyrgð og sjálfbærni

Þegar kemur að lagalegum þætti umboðsskyldu lífeyrissjóðs eru ýmsir vegvísar að styðjast við. Hér skiptir máli að líta til 20. gr. lífeyrissjóðalaganna⁴. Þar kemur fram að starfsemi lífeyrissjóðs felist í:

- móttöku iðgjalda
- varðveislu og ávöxtun iðgjalda
- greiðslu lífeyris

3 Hér er m.a. stuðst við umfjöllun í bókinni Umboðsskylda eftir Ólaf Frey Kristjánsson, útgefin af Arion banka 2017 (bls. 12 til 14) og ritinu Fiduciary Duty in the 21st Century, útgefin af nokkrum alþjóðastofnunum 2015, [m.a. bls. 11 og 12].

4 Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

Lífeyrissjóður skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem er nauðsynleg til að veita sjóðfélögum þjónustu vegna öflunar og greiðslu lífeyrisréttinda og lífeyrissparnaðar. Í samþykktum LV kemur fram að hlutverk sjóðsins sé að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir nánari reglum samþykktanna.

Í samþykktum LV kemur einnig fram að sjóðurinn leggi sérstaka áherslu á ellilífeyristryggingar og áskilji sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykktanna. Þá segir að framkvæmdastjóri og aðrir sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins megi ekki gera ráðstafanir sem eru bersýnilega til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

Vegvísar varðandi eignastýringu

Stýring eignasafna LV byggir á fjárfestingarstefnu og áhættustefnu sem eru settar á grundvelli lífeyrissjóðalaganna, einkum VII. kafla þeirra.

Í 1. mgr. 36. gr. lífeyrissjóðalaga er mikilvægur vegvísir fyrir ráðstöfun og stýringu eigna. Þar eru fimm vegvísar þar sem mælt er fyrir um að lífeyrissjóðir skuli:

1. hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi
2. horfa til aldursmætninga sjóðfélaga og annarra tryggingafræðilegra þátta sem áhrif hafa á skuldbindingar
3. gæta þess að allar fjárfestingar byggi á viðeigandi greiningu á upplýsingum, þá með öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi safnsins í heild í huga
4. gæta þess að eignir sjóðsins séu nægilega fjölbreyttar til að koma í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu, m.a. með því að gæta að fylgni áhættu einstakra eigna og eignaflokka
5. setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum

Ofangreindir vegvísar veita leiðsögn við það hvernig stjórn og starfsfólk lífeyrissjóða skuli fara með það umboð sem sjóðnum er fengið. Fyrsti töluliður, að hagsmunir sjóðfélaga skuli hafðir að leiðarljósi, liggur í hlutarins eðli. Hann er væntanlega nefndur fyrst og fremst til áréttingar. Í öðrum tölulið er m.a. vísað til áhættusjónarmiða og til þess að það þurfi að haga fjárfestingum þannig að þær samræmist lífeyrisskuldbindingar sem viðkomandi eignasafn á að styðja. Hér er líka lögð áhersla á að lífeyrissjóður sé langtímafjárfestir. Í þriðja tölulið er líka vísað til lífeyrissjóðs sem langtímafjárfestis. Þar kemur fram áhersla á viðhlítandi rýni, greiningu og samval verðbréfa. Í fjórða tölulið er líka vísað til samvals verð-

bréfa, til langtímasjónarmiða og áhættustýringar. Í greinargerð er vikið að áskorunum sem felast í áhættudreifingu m.t.t. þess hve stór eignasöfn lífeyrissjóða eru sem hlutfall af innlendu hagkerfi. Þar er vísað til mikilvægis erlendra fjármálamarkaða. Til nánari útskýringar varðandi vegvísi 1 til 4 er vísað til nánari umfjöllunar í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 113/2016.

Fimmti töluliðurinn er nýstárlegasti vegvísirinn. Hann kom inn í frumvarpið eftir tillögu þingnefndar í tengslum við 2. umræðu á Alþingi. Í nefndaráliði var vísað til þess að eignir innlendra lífeyrissjóða væru umtalsverðar og næmu rúmlega einni og hálfri landsframleiðslu. Einnig var að lífeyrissjóðir ættu að hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Nefndin taldi líka ástæðu til að segja í lögum að lífeyrissjóðir skuli setji sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum. Sjóðirnir starfi í þágu almennings og ætla mætti að þorri almennings telji mikilvægt að fjárfestingarstefna þeirra endurspegli almenn siðferðisleg viðmið. Nánari afmörkun væri á hendi hvers sjóðs. Að öðru leyti eru ekki miklar leiðbeiningar í lögskýringargögnum um þennan vegvísi.

Um mótun stefnu um siðferðisleg viðmið og ábyrgar fjárfestingar.

Við mótun stefnu um siðferðisleg viðmið í fjárfestingum og framkvæmd hennar er mikilvægt fyrir lífeyrissjóð að horfa til inntaks umboðsskyldu sinnar eins og henni er lýst hér að ofan. Þá þarf að hafa í huga almennar lagaskyldur, siðferðisleg viðmið, réttmætar væntingar og hagsmuni sjóðfélaga en sjóðfélagar eru langt frá því einsleitur hópur. Auk þess er mikilvægt að horfa til þess að þetta eru vísi-reglur en ekki nákvæm ófrávíkjanleg fyrirmæli.

Það er almennt viðurkennt að beiting UFS greiningar og UFS aðferðafærði við fjárfestingaákvæðanir og umsýslu eignasafna hefur vaxandi þýðingu við eignastýringu, sbr. m.a. umfjöllun í kafla 11 um ábyrgar fjárfestingar. Aukin áhersla er á að fyrirtæki sem er fjárfest í taki tillit til sjálfbærni í rekstri. Hér skiptir þróun innlendra löggjafar, EES-réttar og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar Íslands máli. Þá geta sjónarmið og upplýsingar vísindasamfélagsins og straumar og stefnur í þjóðfélaginu varðandi auknar áherslur á samfélagsábyrgð og sjálfbærni haft áhrif.

Varðandi lagareglur er m.a. vísað til framangreindra fimm vegvísa í 1. mgr. 36. gr. Lífeyrissjóðalaganna og ákvæða laga um ársreikninga, einkum gr. 66 og 66-d. Auk þess er vísað til ýmissa tilskipana í ESB-rétti, til að mynda tilskipunar ESB um starfstengda lífeyrissjóði nr. 2016/2341, tilskipunar ESB nr. 2017/828 um eigendahlutverk hluthafa (langtímasýn), reglugerðar ESB nr. 2019/2088 um skilgreiningarkerfi til



að auðvelda sjálfbærar fjárfestingar (EU-Taxonomy) og reglugerðar ESB nr. 2019/2088 um upplýsingar um sjálfbærnitengda þætti í fjármálageiranum (ESG Disclosure Regulation). Nefndar tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins falla undir gildisvið samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þær hafa enn sem komið er ekki allar verið innleiddar í íslenskan rétt. Þá þarf að skoða sérstaklega hvort og með hvaða hætti tilskipanirnar varða starfsemi lífeyrissjóða beint. Þær eru nefndar hér því þær hafa verulega þýðingu fyrir inntak sjálfbærni í starfsemi stofnanafjárfesta og hafa þýðingu fyrir umræðu um ábyrgar fjárfestingar. Hvað ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar og stefnur varðar er m.a. vísað til Parísarsáttmálans frá 2015 um aðgerðir gegn hnattrænni hlýnun, til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun frá 2015 og til þeirra sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem UN Global Compact byggir á.

Samantekt

Með vísan til framangreinds verður að telja að það sé í góðu samræmi við umboð LV að leggja aukna áherslu á sjálfbærni í rekstri sjóðsins almennt og við stýringu eignasafna. Það felur meðal annars í sér greiningu og mat á UFS þáttum við reksturinn og við umsýslu eignasafna sjóðsins. Sjálfbærnisrásla og þróun stefnu um ábyrgar fjárfestingar er liður í þessari vegferð.

Viðauki I – Stefnum og reglum LV sem tengjast UFS þáttum

Yfirlit yfir stefnum og reglum LV sem tengjast félaglegum þáttum annars vegar og stjórnarháttum hins vegar. Tenging er á stefnum og reglum sem birtar eru á vef.

Varðandi umhverfisstefnum þá er unnið að heildstæðri stefnu um ábyrgar fjárfestingar LV. Þar verður nánari umfjöllun um umhverfisþætti í eignasöfnum en nú

kemur fram í fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu sjóðsins. Þá er einnig unnið að greiningu á losun gróðurhúsalofttegunda auk annarra sjálfbærniþátta, m.t.t. eignasafns sjóðsins. Um umhverfisþætti í rekstri LV er vísað til umfjöllunar í kafla 9.

Stefnum og reglum tengdar stjórnarháttum

	Birt á vef LV
Samþykktir Lífeyrissjóðs verzlunarmanna	✓
Persónuverndarreglur	✓
Hluthafastefna	✓
Upplýsingar um gagnaöryggi	
Öryggisstefna vegna reksturs upplýsinga--kerfa	
Síða- og samskiptareglur	✓
Reglur um uppljóstrara (e. Whistleblower)	
Reglur um viðskipti stjórnar- og starfsmanna með fjármálagerninga	✓
Starfsreglur stjórnar og framkvæmdastjóra	✓
Reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar og opinberra aðila	
Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna	✓
Reglur um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka	✓

Stefnum og reglum tengdar félaglegum þáttum

	Birt á vef LV
Fræðslustefna	
Starfsmannastefna	
Jafnréttisstefna	
Stefna varðandi einelti og áreitni á vinnustað	
Viðbragðaáætlun við einelti og áreitni á vinnustað	
Síða- og samskiptareglur	✓
Starfskjarastefna	✓
Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna	✓
Mannréttindastefna	

Viðauki II

Taflan sýnir viðmið Nasdaq og inniheldur tilvísanir í Global Reporting Initiative (GRI), staðla sem og tilvísun í viðeigandi Global Compact áherslur Sameinuðu þjóðanna (UNGC Principle). Rétt er að benda á að taflan er til hlíðsjónar en sjóðurinn byggir skýrsluna ekki með formlegum hætti á aðferðafræði GRI og Global Compact.

LV - UFS þættir reksturs	Nasdaq viðmið 2020	Nasdaq viðmið 2019	Tilvísun í GRI staðla	Tilvísun í UNGC
Umhverfi				
Losun gróðurhúsalofttegunda			305-1	
Umfang 1	0,0	0,0	305-2	UNGC P7
Umfang 2	2,5	2,5	305-3	
Umfang 3	18,9	24,5	305-5	
Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda				
Losunarkræfni kíló CO ₂ i/íðgjöld í milljórdum	596	733	305-4	UNGC P7, P8
Losunarkræfni kíló CO ₂ i/m ³ húsnæðis	4,99	6,3		
Losunarkræfni kíló CO ₂ i/ársverk	428	575		
Orkunotkun				
Raforka KWst	141.608	165.857	302-1	UNGC P7, P8
Heitt vatn KWst	411.833,2	414.824	302-4	
Orkukræfni				
Orkukræfni á rúmmetra (KWst/m ³)	129,15	135,51	302-3	UNGC P7, P8
Orkukræfni á starfsmann (KWst/ársverk)	11.069	12.355		
Samsetning orku, endurnýjanleg orka	100%	100%		UNGC P7
Vatnsnotkun				
Heildarnotkun vatns í m ³ – heitt	8.075,16	8.452,00	303-3	
Heildarnotkun vatns í m ³ – kalt	1.440,74	1.426,41		
Notkun vatns á starfsmann (m ³ /ársverk)	190,32	210,18		
Umhverfisstarfsemi	Unnið að stefnu		103-2, 301-308	
Félagslegir þættir				
Launahlutfall forstjóra	3,36:1	3,4:1	102-38	UNGC P6
Starfsmannavelta	0 %	2,1%	401-1	UNGC P6
Kynjafjölbreytni	Stefna	Stefna		
Konur	66%	64%	102-8	UNGC P6
Karlar	34%	36%	405-1	
Hlutfall tímabundinna starfskrafta	0 %	0%	102-8	UNGC P6
Aðgerðir gegn mismunun	Stefnur	Stefnur	406	
Vinnuslysatiðni, fjöldi tilvika	Engin	Engin	403	
Heilsa og öryggi	Unnið að stefnu		403	
Barna- og nauðungarvinna	Sáttmáli SP	Sáttmáli SP	408 og 409	UNGC P4, P5
Mannréttindi, aðild að stéttarfélagi	100%	100%	412	UNGC P1, P2
Stjórnarhættir				
Kynjahlutfall í stjórn				
Konur	50%	62,5	405-1	
Karlar	50%	37,5		
Óhæði stjórnar	100%	100%	102-22 og 23	
Kaupaukar	0%	0%	102-35	
Kjarasamningar	100%	100%	102-41,407	UNGC P3
Síðareglur birgja	Unnið að stefnu	Unnið að stefnu	102-16-17, 103-2	UNGC P2, P3, P4, P8
Síðferði og aðgerðir gegn spillingu	Stefna/reglur	Stefna/reglur	102-16,17, 103-2	UNGC P10
Persónuvernd	Reglur	Reglur	418	
Sjálfbæriskýrsla	Birt	Birt	102-31	UNGC P8
Starfsvenjur við upplýsingagjöf;	Já	Já	102-46	UNGC P8
Utanaðkomandi ráðgjöf	Já	Já	102-53	
Áhersla á heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun			102-32	
Endurskoðun/vottun ytri aðila	Að hluta	Að hluta	102-56	UNGC P8



**Lífeyrissjóður
verzlunarmanna**

Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7, 103 Reykjavík
Sími: 580 4000
Netfang: skrifstofa@live.is
Heimasíða: www.live.is



Ársreikningur

2020



Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

Skýrsla stjórnar um starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 2020

Hlutverk lífeyrissjóðsins

Lífeyrissjóður verzlunarmanna starfar á grundvelli starfsleyfis fjármálaráðherra, í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum og samþykktir sjóðsins. Í samþykktum kemur fram að sjóðurinn starfar á grundvelli kjarasamnings Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 12. desember 1995 og samnings ASÍ og SA frá 24. apríl 2018, samanber samning VR, Samtaka atvinnulífsins og Félags atvinnurekenda frá 23. apríl 2018.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og með hliðsjón af lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Eignasöfn

Sjóðurinn rekur samtryggingardeild og fjórar séreignarleiðir, þ.e. Verðbréfastærð, Ævileið I, Ævileið II og Ævileið III. Verðbréfastærðin er ávöxtuð samhliða samtryggingardeild sjóðsins. Eignasamsetning ævileiðanna byggir á eignasamsetningu sem gera má ráð fyrir að hafi mismikla vænta ávöxtun og áhættu. Markmið með mismunandi eignasamsetningu milli leiða er að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga eftir aldri og áhættuþoli.

Lífeyrir – ævilangur lífeyrir, áfallalífeyrir og séreign

Lífeyrissjóður verzlunarmanna starfrækir samtryggingardeild og séreignardeild.

- Lögboðin iðgjöld sjóðfélaga fara í samtryggingardeild og mynda þar samtryggingarsjóð til að tryggja þeim ævilangan lífeyri og áfallalífeyri.
- Sjóðfélagi hefur val um að greiða iðgjald til séreignardeildar LV sem býður upp á þrjár opnar ávöxtunarleiðir.

Samþætting samtryggingar og séreignar styrkir framfærslu sjóðfélaga og eftir atvikum maka hans og barna. Þá gefur slíkt samspil aukinn möguleika á sveigjanlegum starfslokum og möguleika á hærri ráðstöfunartekjur fyrstu árin eftir að starfsævi lýkur.

Lágmarksiðgjald til samtryggingardeildar er 12% af heildarlaunum og endurgjaldi fyrir hvers konar vinnu. Samkvæmt kjarasamningum flestra stéttarféлага sem mæla fyrir um aðild að LV er lágmarksiðgjald 15,5%. Sjóðfélagi getur tekið ákvörðun um að allt að 3,5% iðgjaldshluta, umfram 12%, sé varið til uppbyggingar tilgreindrar séreignar.

LV leggur áherslu á að veita góðar upplýsingar um uppbyggingu og töku lífeyris á vef sjóðsins, með þjónustu við sjóðfélaga á skrifstofu sjóðsins og í gegnum rafrænar samskiptaleiðir. Þá er sjóðfélagavefur sjóðsins í stöðugri þróun og sjóðfélögum er boðið upp á lífeyrisreiknivél þar sem þeir geta skoðað réttindi sín og réttindasöfnun miðað við breytilegar forsendur.

Fjöldi sjóðfélaga, launagreiðenda og iðgjöld

Á árinu 2020 greiddu 47.972 einstaklingar iðgjald til sjóðsins samanborið við 50.605 árið áður. Virkir sjóðfélagar voru 35.697, þ.e. þeir sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Heildarfjöldi launagreiðenda sem greiddu iðgjöld vegna starfsmanna sinna nam 9.024 á móti 8.954 árið á undan. Samanlagðar iðgjaldagreiðslur námu 35.933 m.kr. samanborið við 36.847 m.kr. árið áður.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Á árinu fengu 19.813 lífeyrisþegar að meðaltali lífeyrisgreiðslur úr samtryggingardeild að fjárhæð 17.912 m.kr. Lífeyrisþegum fjölgaði um 7,4% á árinu og lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 11,7%. Lögbundið framlag sjóðsins til starfsendurhæfingarsjóðs nam 213 m.kr. Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar námu 1.002 m.kr. Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjaldagreiðslum nam 53,3% samanborið við 46,0% árið áður.

Fjárfestingartekjur og rekstrarkostnaður

Hreinar fjárfestingartekjur námu 129.994 m.kr. samanborið við 136.158 m.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nam 1.227 m.kr. samanborið við 1.114 m.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna var 0,13% samanborið við 0,14% árið áður. Fjöldi stöðugilda á árinu var 49,7 samanborið við 46,8 stöðugildi árið áður. Heildarfjárhæð launa nam 670,7 m.kr., launatengd gjöld voru 164,3 m.kr. og aukning orlofsskuldbindingar milli ára var 33,8 m.kr.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 991.541 m.kr. í árslok samanborið við 849.610 m.kr. árið áður. Inneignir séreignardeilda námu 21.688 m.kr. samanborið við 18.060 m.kr. árið áður. Samanlagðar eignir lífeyrissjóðsins námu því 1.013.229 m.kr. en 867.670 m.kr. í árslok 2019.

Ávöxtun

Nafnávöxtun samtryggingardeildar á árinu 2020 var 14,8% sem samsvarar 11,0% raunávöxtun samanborið við 15,8% raunávöxtun á árinu 2019. Hrein nafnávöxtun, þ.e. ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum var 14,7% sem samsvarar 10,8% raunávöxtun. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 6,2%, síðustu 10 ára 6,7% og síðustu 20 ára 4,5%.

Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg staða veitir mikilvægar upplýsingar um stöðu og getu lífeyrissjóðsins til að greiða lífeyri. Sagan sýnir að staðan getur breyst nokkuð milli ára og yfir lengra tímabil. Ávöxtun eigna og lýðfræðilegir þættir eins og þróun ævilengdar sjóðfélaga og örorkutiðni hafa mest áhrif þar á. Tryggingafræðileg staða LV er nú sterk og hefur styrkst undanfarin ár, einkum vegna góðrar ávöxtunar eigna. Staðan gerir LV vel í stakk búinn til að takast á við áskoranir sem felast í aðlögun samtryggingardeildar að hækkandi lífaldri sjóðfélaga og þjóðarinnar almennt. Á sama tíma hefur greiðsla örorkulífeyris farið vaxandi.

Í ársskýrslu á bls. 8 - 11 er að finna sérstaka umfjöllun um tryggingafræðilega stöðu þar sem m.a. er að finna yfirlit yfir þróun hennar og umfjöllun um hækkandi lífaldur sjóðfélaga og þjóðarinnar. Þá eru nánari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu á sérstöku yfirliti og í skýringu 16 í ársreikningi. Í skýringu 19 eru upplýsingar um hvaða áhrif helstu áhættuþættir í rekstri sjóðsins geta haft á tryggingafræðilega stöðu.

Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2020 sýnir að heildareignir sjóðsins námu 10,9% umfram heildarskuldbindingar samanborið við 8,6% stöðu í árslok 2019. Við úttektina er miðað við að ávöxtun eigna sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Þar sem tryggingafræðileg staða er nú yfir 10% bíður það stjórnar sjóðsins að skoða breytingar á forsendum réttinda í samtryggingadeild. Þessi sterka staða gerir sjóðinn betur í stakk búinn til að mæta breyttum forsendum sem leiða af hækkandi meðalævi sjóðfélaga, en sú þróun leiðir eðli málsins samkvæmt til þess að sjóðfélagar njóta að jafnaði greiðslna í lengri tíma en áður. Vera kann að þessi aðlögun fari fram í tryggingafræðilegri úttekt fyrir árið 2021 og þá verði spár um auknar lífslíkur í framtíð notaðar til að endurspegla hækkandi lífaldur sjóðfélaga og þjóðarinnar.

Nánari upplýsingar um árangur í rekstri og stöðu sjóðsins og þróun

Varðandi nánari upplýsingar um rekstur sjóðsins, stöðu hans og þróun vísast til viðkomandi kafla í ársskýrslu, ársreikningi og skýringa með ársreikningi. Í því sambandi er m.a. vísað til kafla í ársskýrslu um afkomu, lífeyri, iðgjöld, tryggingafræðilega stöðu, eignasafn og samfélagsskýrslu. Hvað ársreikning varðar er m.a. vísað til yfirlits um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris sem lýsir rekstrarafkomu á árinu. Þar skipta hreinar fjárfestingartekjur einna mestu máli og þá helst hreinar tekjur af eignarhlutum í innlendum og erlendum sjóðum sem lýst er nánar í skýringu 5.1 og hreinar tekjur af skuldabréfum sem lýst er í skýringu 5.2 í ársreikningi. Þá sýnir efnahagsreikningur stöðu sjóðsins í árslok og þar hefur mesta þýðingu eignarhlutir sjóðsins í innlendum og erlendum félögum og sjóðum sem nánar er lýst í skýringu 9 og staða skuldabréfa í árslok sem lýst er nánar í skýringu 10.

Stjórnarhættir og áhættustýring

Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun sjóðsins. Grunn­gildi sjóðsins eru ábyrgð, umhyggja og árangur.

Stjórnarmenn og starfsmenn skulu taka ákvarðanir í samræmi við sannfæringu sína, gildandi lög og reglur, með þeim hætti að hagsmunum sjóðfélaga sé sem best gætt og að ákvörðunin styðji við tilgang og starfsemi sjóðsins.

Með stjórnarháttaryfirlýsingu er sjóðfélögum, iðgjaldsgreiðendum, opinberum aðilum, starfsmönnum og öðrum haghöfum veittar upplýsingar um stjórnarhætti lífeyrissjóðsins. Yfirlýsingunni er jafnframt ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og styðja þannig við traustan rekstur.

Yfirlýsingin byggir á þeim lögum og reglum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur sjóðsins er staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra. Í því sambandi er sérstaklega litið til þeirra ákvæða laga nr. 129/1997 sem lúta að stjórnarháttum lífeyrissjóða, ákvæða samþykkt sjóðsins, reglna FME þar um, m.a. reglna nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða sem og 5. útgáfu Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja útgefn­um af Viðskiptaráði, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Í stjórnarháttaryfirlýsingunni er einnig yfirlit yfir ýmis lög, reglugerðir og aðrar reglur og viðmið varðandi stjórnarhætti sjóðsins. Stjórnarháttaryfirlýsing fyrir árið 2020 er birt í heild í ársskýrslu sjóðsins.

Stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu og áhættustýringarstefnu með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Stefnurnar grundvallast á lagafyrirmælum, reglugerðum og stefnumótun sjóðsins og taka m.a. mið að ISO staðli 31000 um áhættustýringu. Stefnurnar byggja á skilgreiningu á áhættustýringu sem felst í því að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að bera kennsl á, greina, vakta, meta og bregðast við áhættu í starfsemi sjóðsins þar sem því verður við komið. Stjórnin leggur áherslu á að stefnurnar séu virkar í starfsemi sjóðsins og eru þær árlega teknar til umræðu á vettvangi stjórnar og eftir atvikum til endurskoðunar í heild eða að hluta.

Áhersla er lögð á góða yfirsýn stjórnar og stjórnenda yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins og að starfsmenn sjóðsins hafi þekkingu á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirlits og taki virkan þátt í því. Mikilvægt er að stjórn, stjórnendur og aðrir starfsmenn meti áhættu og viðeigandi áhættuþætti við ákvarðanatöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni. Frekari upplýsingar um áhættustýringu sjóðsins er að finna í skýringum nr. 19 til 23 í ársreikningnum og í kafla um áhættustýringu í ársskýrslu sjóðsins. Þar er m.a. að finna nánari upplýsingar um lýsingu á helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins.

Um meginmarkmið og stefnu varðandi samsetningu eignasafna, áhættustýringu og verðmat eigna

Stýring eignasafna, áhættustýring og verðmat eigna er veigamikill þáttur í starfsemi lífeyrissjóðsins. Með vísan til 5. tölulíðar 2. mgr. 66. gr. laga um ársreikninga bendir stjórn á eftirfarandi. Samsetning eignasafna og stýring þeirra byggir á fjárfestingarstefnu sem byggir á viðurkenndum sjónarmiðum varðandi samval verðbréfa, áhættudreifingu og áhættustýringu, í samræmi við ákvæði laga um starfsemi lífeyrissjóða númer 129/1997, einkum VII. kafla laganna. Við verðmat á verðbréfum og öðrum fjármálagerningum er byggt á reglugerð nr. 391/1998, með síðari breytingum, reglum um ársreikninga lífeyrissjóða, útgefn­um af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, viður­kenndum reiknings­skilastöðlum og mati stjórnenda.

Upplýsingastarf

Sjóðurinn birtir í ársbyrjun hvers árs auglýsingu í dagblöðum þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og afkomu fyrir liðið ár. Sjóðurinn sendir greiðandi sjóðfélögum hálfárslega, í mars og september, yfirlit yfir móttekin iðgjöld ásamt útreikningi á áunnum og áætluðum lífeyrisréttindum. Með yfirlitinu í mars fylgdi jafnframt sjóðfélagabréf þar sem greint var frá starfseminni á liðnu ári. Sjóðfélagabréfið var jafnframt sent ellilífeyrisþegum sjóðsins. Á ársfundi sjóðsins á liðnu ári var m.a. gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningi, fjárfestingarstefnu og tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Á vefsíðu sjóðsins má nálgast almennar upplýsingar um sjóðinn, starfsemi, eignasafn, iðgjald, lífeyrisrétt og lánareglur. Á sjóðfélagavef, sérstöku vefsvæði sjóðfélaga, geta sjóðfélagar jafnframt skoðað réttindasöfnun sína, lífeyrisparnað í séreign sem og áætluð réttindi og séreign til framtíðar miðað við breytilegar forsendur.

Væntanleg þróun sjóðsins og framtíðarhorfur

Á komandi árum mun lífeyrissjóðurinn hafa áfram að höfuðmarkmiði að ávaxta eignir innan ramma laga og fjárfestingarstefnu sjóðsins í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum og hámarka réttindi sjóðfélaga.

Fyrir liggur að ævilengd íslensku þjóðarinnar hefur verið að lengjast og ætla má að sú þróun mundi halda áfram. Þetta þýðir að sjóðfélagar lifa lengur og munu fá ævilangan lífeyri frá sínum lífeyrissjóði í lengri tíma en fyrri kynslóðir. Þar sem tryggingafræðileg staða er nú yfir 10% bíður það stjórnar sjóðsins að taka til skoðunar breytingar á forsendum réttinda í samtryggingadeild. Þessi sterka staða gerir sjóðinn betur í stakk búinn til að mæta breyttum forsendum sem leiða af hækkanði meðalævi sjóðfélaga, en sú þróun leiðir eðli málsins samkvæmt til þess að sjóðfélagar njóta að jafnaði greiðslna í lengri tíma en áður. Gera má ráð fyrir að þessi aðlögun fari fram í tryggingafræðilegri úttekt fyrir árið 2021 og þá verði spár um auknar lífslíkur í framtíð notaðar til að endurspegla hækkanði lífaldur sjóðfélaga og þjóðarinnar.

Undanfarin ár hafa lífeyrissjóðir verið meira áberandi í íslensku samfélagi. Þeir eru stórir fjárfestar á íslenskum fjármálamarkaði, mikið hreyfiafl í íslensku atvinnulífi og er lífeyrissjóðakerfið að verða þroskaðra. Það þýðir að sjóðfélagar sem fara munu á lífeyri hafa greitt lengur til sjóðsins sem almennt styrkir réttindi þeirra. Þessi þróun mun halda áfram til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir. Með þessum breytingum, sem og öðrum samfélagslegum breytingum sem hafa og munu eiga sér stað, eru kröfur sem gerðar eru til fjölmargra þátta í rekstri sjóðsins alltaf að aukast. Stjórnin leggur áherslu á að á hverjum tíma sé mannauður til staðar innan sjóðsins til þess að takast á við ný verkefni og auknar kröfur.

Undanfarin ár hafa vextir farið lækkanði, bæði hér innanlands sem og á heimsvísu. Þetta þýðir auknar áskoranir við að ávaxta eignir sjóðsins sem standa undir réttindum sjóðfélaga til framtíðar. Langtímaávöxtun sjóðsins hefur verið með ágætum og hefur styrkst undanfarin ár en ávöxtun í fortíð segir ekki til um ávöxtun í framtíð. Stjórn sjóðsins, stjórnendur hans og starfsmenn munu áfram leggja sig fram við að ná góðum árangri í rekstri sjóðsins til framtíðar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

LV birtir ófjárhagslegar upplýsingar í sjálfbæriskýrslu sem er hluti af ársskýrslu.

Stuðst er við UFS (umhverfis-, félagslegir þættir og stjórnarhættir) viðmið Nasdaq, útgáfu 2 frá maí 2019 (e. ESG Reporting Guide 2, May 2019) og eru tilvísanir í viðauka í markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, heimsmarkmiðin. Greint er frá viðskiptalíkani sjóðsins og birtar upplýsingar um lykilmælikvarða er lúta að stjórnarháttum og umhverfis-, félags- og starfsmannamálum. Jafnframt er greint frá áherslum er lúta að mannréttindum og hvernig sjóðurinn spornar við spillings- og mútumálum.

Framsetning með þessum hætti á ófjárhagslegum upplýsingum veitir greinargóðar viðbótarupplýsingar um ófjárhagslega þætti í rekstri og uppfyllir kröfur skv. gr. 66-d í lögum um ársreikninga. Við upplýsingagjöf um gerð sjálfbæriskýrslu fékk sjóðurinn ráðgjöf hjá óháðum ytri aðila. Ráðgjöfin fól í sér leiðbeiningar við að greina og miðla upplýsingum um viðskiptalíkan LV, ábyrgar fjárfestingar og umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti fyrir árið 2020. Það er mat ráðgjafa að upplýsingar þær er koma fram í kaflanum um sjálfbæriskýrslu sjóðsins gefi góða mynd af ófjárhagslegum þáttum í rekstri sjóðsins.

Um samsetningu stjórnar

Hvað samsetningu stjórnar varðar þá fer um almennt hæfi stjórnarmanna til setu í stjórn lífeyrissjóðsins samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma. Í grein 5.8 í samþykktum LV er mælt fyrir um það að samtök atvinnurekenda, þ.e. Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda, og VR hins vegar, skuli tryggja við skipun sinna fulltrúa í stjórn sjóðsins að kynjadreifing stjórnarmanna sé jöfn. Þá er mælt fyrir um það að aðildarsamtök lífeyrissjóðsins skulu hafa með sér samráð við tilnefningar sem tryggja að stjórn lífeyrissjóðsins búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt. Tilnefningar tilnefningaraðila eru staðfestar af fulltrúum viðkomandi aðildarsamtaka í fulltrúaráði LV sem samtals telur 50 manns, sbr. nánari ákvæði í greinum 5.4 til 5.7 í samþykktum LV.

Um samsetningu stjórnendateymis

Samkvæmt lögum, samþykktum LV og skipuriti annast framkvæmdastjóri daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við ákvæði laga, samþykktta sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Í samþykktum kemur fram að framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins.

Yfirstjórn sjóðsins er skipuð framkvæmdastjóra, sjö forstöðumönnum auk fimm deildarstjóra. Áhersla er lögð á viðeigandi menntun, reynslu og færni, jafnrétti og hæfilega ólíkan bakgrunn til að stuðla að æskilegri fjölbreytni. Upplýsingar um samsetningu stjórnenda er að finna í sjálfbæriskýrslu LV.

LV hefur ekki sett sér formlega stefnu um fjölbreytileika í tengslum við stjórn og stjórnendur. Það mun koma til skoðunar á árinu í takt við þróun lagakrafna og áherslna í leiðbeiningum um stjórnarhætti. Framkvæmdin byggir nú hins vegar á almennri mannauðsstefnu LV.

Í mannauðsstefnu kemur m.a. fram að lífeyrissjóðurinn leitist við að hafa á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki, sem axlar ábyrgð og sýnir frumkvæði í starfi og vinnur sem ein heild í góðu starfsumhverfi. Áhersla er lögð á að sjóðurinn bjóði upp á starfsskilyrði sem laði að sér hæft starfsfólk. Varðandi ráðningu nýrra starfsmanna er tekið fram að markmiðið sé að ráða til starfa hæfa og metnaðarfulla einstaklinga. Í starfsauglýsingum eru störf almennt ókyngreind og aukin áhersla hefur verið lögð á að gæta jafnvægis milli vinnu og einkalífs. Hvað jafnræði varðar þá er tekið fram að starfsfólk sé metið á eigin forsendum óháð kyni, aldri, trúarbrögðum og uppruna og fyllsta jafnræðis sé gætt milli starfsmanna. Til stuðnings mannauðsstefnu eru m.a. eftirfarandi stefnur: Stefna gegn einelti og áreitni, auk viðbragðsáætlunar, jafnlaunastefna, jafnréttisstefna og stefna um upplýsingagjöf til starfsfólks.

Áhersla er lögð á að endurspeglar meginþætti mannauðsstefnu þegar auglýst er eftir starfsfólki í stjórnenda-stöður, sem og aðrar stöður.

Covid - 19

Áhrif Covid-19 heimsfaraldursins á rekstur, efnahag og sjóðstreymi lífeyrissjóðsins á árinu eru óveruleg. Hugsanleg áhrif á rekstur sjóðsins voru í upphafi faraldurs talin geta verið samdráttur í greiddum iðgjöldum til sjóðsins vegna minnkandi umsvifa launagreiðenda, aukin vanskil þeirra og greiðsluferfiðleikar einstaklinga vegna aukins atvinnuleysis.

Lífeyrissjóðurinn leggur sem fyrr áherslu á að vinna náið með sjóðfélögum og launagreiðendum við að leysa úr þeirri stöðu sem upp er komin vegna heimsfaraldursins og má gera ráð fyrir að verði viðvarandi um nokkurt skeið. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að fylgjast vel með þróun innheimtumála vegna iðgjalda en vanskil hafa ekki aukist.

Um leið og heimsfaraldurinn náði til Íslands hóf sjóðurinn að bjóða lántökum greiðsluhlé á lánnum sínum til alls að sex mánaða með möguleika á framlengingu að þeim tíma loknum. Nokkur ásókn var í greiðsluhlé síðastliðið vor en ríflega 10% af lánasafni sjóðsins var í greiðsluhlé á ákveðnum tíma. Verulega hefur dregið úr lánnum í greiðsluhlé og um áramót voru um 2% af lánnum í greiðsluhléi. Fjárhæðir í yfir 90 daga vanskilum hafa lækkað á milli ára og var vanskilahlutfall í lok árs 0,7% af sjóðfélagalánnum.

Sjóðurinn hagaði rekstri á skrifstofu í samræmi við sóttvarnaraðgerðir á hverjum tíma. Móttaka sjóðsins var lokuð hluta af árinu og sjóðfélagar hvattir til að sinna erindum sínum í gegnum rafrænar samskiptaleiðir. Á árinu voru umsóknir um lífeyri settar á vefinn og geta sjóðfélagar nú sótt rafrænt um lífeyri á einfaldan og þægilegan hátt. Í samræmi við sóttvarnaraðgerðir byrjaði stór hluti starfsfólks að vinna í fjarvinnu. Sú breyting á rekstrinum gekk vel og án vandræða.

Ljóst er að útbreiðsla Covid-19 hefur haft neikvæð áhrif á efnahags- og markaðsaðstæður á Íslandi líkt og á heimsvísu og enn ríkir töluverð óvissa um endanleg áhrif heimsfaraldursins.

Þrátt fyrir Covid-19 þá var ávöxtun lífeyrissjóðsins góð og er 2020 með betri árum í ávöxtun í sögu sjóðsins. Í ljósi góðrar ávöxtunar þá styrktist tryggingafræðileg staða sjóðsins milli ára. Heimsfaraldurinn hafði ekki áhrif á fjárfestingarstefnu sjóðsins að því leiti að áfram er lögð áhersla á að auka vægi erlendra verðbréfa til lengri tíma í eignasafninu.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hafa ekki orðið neinir þeir atburðir sem hafa verulega þýðingu á fjárhagsstöðu sjóðsins.


Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna gefi glögga mynd af rekstrarafkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2020, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans þann 31. desember 2020. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri sjóðsins, stöðu hans í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem lífeyrissjóðurinn býr við. Frekari upplýsingar sem tengjast áhættustýringu má finna í skýringum 19 - 23 í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hafa í dag farið yfir ársreikning sjóðsins fyrir árið 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni. Ársreikningurinn verður lagður fram og kynntur á næsta ársfundi sjóðsins.

Reykjavík, 25. febrúar 2021


Stjórn




Stefán Sveinbjörnsson
stjórnarformaður




Guðrún Hafsteinsdóttir
varaformaður



Arni Stefánsson




Bjarni Þór Sigurðsson



Guðný Rósa Þorvarðardóttir



Guðrún Johnsen




Helga Ingólfssdóttir



Jón Ólafur Halldórsson

Framkvæmdastjóri



Guðmundur Þ. Þórhallsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fyrir árið 2020, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2020, efnahag hans 31. desember 2020, breytingu á handbæru fé á árinu 2020 og tryggingafræðilegri stöðu 31. desember 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar um starfsemi lífeyrissjóðsins.
- Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2020.
- Sjóðstreymi fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020.
- Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar 31. desember 2020.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar um starfsemi lífeyrissjóðsins er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óhæði

Við erum óháð lífeyrissjóðnum samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt sjóðnum er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Gerð er grein fyrir annarri þjónustu sem við höfum veitt sjóðnum, á tímabilinu 1. janúar 2020 til 31. desember 2020 í skýringu 8.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar um starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 2020, sem lág fyrir við áritun okkar.

Aðrar upplýsingar eru jafnframt ársskýrsla lífeyrissjóðsins. Ársskýrsla liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við búumst við að fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu stjórnar um starfsemi lífeyrissjóðsins og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar um starfsemi lífeyrissjóðsins höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar um starfsemi lífeyrissjóðsins hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi lífeyrissjóðsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hans. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að lífeyrissjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfylfum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Kosning endurskoðanda

Við höfum verið endurskoðendur lífeyrissjóðsins um langt skeið. Árið 2008 var sjóðurinn skilgreindur sem eining tengd almannahagsmunum og vorum við kjörin endurskoðendur lífeyrissjóðsins það ár. Kjör okkar hefur verið endurnýjað árlega á ársfundi lífeyrissjóðsins síðan þá.

Reykjavík, 25. febrúar 2021.

PricewaterhouseCoopers ehf.



Kristinn Freyr Kristinsson
lögiltur endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		9.752.857	9.987.534
Iðgjöld launagreiðenda		25.856.784	26.527.836
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(52.398)	(35.637)
		<u>35.557.243</u>	<u>36.479.733</u>
Sérstök aukaframlög	3	376.085	367.554
		<u>35.933.328</u>	<u>36.847.287</u>
Lífeyrir			
	4		
Heildarfjárhæð lífeyris	4.1.	18.914.202	16.723.437
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		213.278	227.124
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	4.2.	14.155	12.949
		<u>19.141.635</u>	<u>16.963.510</u>
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5.1.	104.162.136	109.724.291
Hreinar tekjur af skuldabréfum	5.2.	25.728.342	26.457.501
Hreinar vaxtatekjur af handbæru fé		569.512	239.136
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		4.921	117.691
Ýmsar fjárfestingartekjur	6	(41.696)	(3.243)
Fjárfestingargjöld	7	(429.293)	(376.895)
		<u>129.993.922</u>	<u>136.158.481</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	8	1.226.807	1.114.308
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris			
Hrein eign frá fyrra ári		145.558.808	154.927.949
		<u>867.670.216</u>	<u>712.742.267</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>1.013.229.024</u>	<u>867.670.216</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Fjárfestingar	12,18		
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	9	603.845.588	478.032.503
Skuldabréf	10	391.494.514	377.091.164
Aðrar fjárfestingar	11	30.000	30.000
		<u>995.370.102</u>	<u>855.153.667</u>
Kröfur	13		
Kröfur á launagreiðendur		3.420.573	4.009.170
Aðrar kröfur		53.050	14.468
		<u>3.473.623</u>	<u>4.023.638</u>
Ýmsar eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	14	293.404	320.230
Handbært fé		15.032.841	9.030.962
Eignir samtals		<u>1.014.169.970</u>	<u>868.528.497</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur		99.998	66.153
Aðrar skuldir	15	840.949	792.128
		<u>940.947</u>	<u>858.281</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>1.013.229.024</u>	<u>867.670.216</u>
Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris			
Hrein eign sameignardeildar		991.540.663	849.610.177
Hrein eign séreignardeildar – Verðbréfaleið		16.867.617	14.988.811
Hrein eign séreignardeildar – aðrar séreignarleiðir		4.820.744	3.071.228
		<u>1.013.229.024</u>	<u>867.670.216</u>
Skuldbindingar utan efnahags	17		
Aðrar skýringar	18-23		
Kennitölur	24-25		

Sjóðstreymi árið 2020

	2020	2019
Inngreiðslur		
lögjöld	36.453.327	36.776.286
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	155.558	334.902
Aðrar inngreiðslur	98.403	189.302
	<u>36.707.288</u>	<u>37.300.490</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	19.141.634	16.963.510
Rekstrarkostnaður	1.131.633	1.038.627
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	34.504	9.036
Aðrar útgreiðslur	44.681	89.822
	<u>20.352.452</u>	<u>18.100.995</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	<u>16.354.836</u>	<u>19.199.495</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5.559.491	7.555.987
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(35.138.752)	(29.040.049)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	7.509.981	11.909.392
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	92.110.593	53.965.337
Keypt skuldabréf	(84.981.625)	(65.221.105)
Seld skuldabréf	4.094.969	5.614.515
Seldar aðrar fjárfestingar	5.005	22.344
	<u>(10.840.338)</u>	<u>(15.193.579)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	<u>5.514.497</u>	<u>4.005.915</u>
Gengismunur af handbæru fé	<u>487.382</u>	<u>8.873</u>
Handbært fé í upphafi árs	<u>9.030.962</u>	<u>5.016.174</u>
Handbært fé í lok árs	<u>15.032.841</u>	<u>9.030.962</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar um sjóðinn

Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og með hliðsjón af lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Sjóðurinn rekur samtryggingardeild og fjórar séreignarleiðir, þ.e. Verðbréfaeið, Ævileið I, Ævileið II og Ævileið III. Verðbréfaeiðin er ávöxtuð samhliða samtryggingardeild sjóðsins. Eignasamsetning ævileiðanna byggir á eignasamsetningu sem gera má ráð fyrir að hafi mismikla vænta ávöxtun og áhættu. Markmið með mismunandi eignasamsetningu milli leiða er að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga svo sem aldri og áhættuþoli. Í deildaskiptu yfirliti og kennitöluylfirliti má finna upplýsingar um séreignardeildir sjóðsins.

2. Reikningsskilaaðferðir

2.1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum við gerð ársreiknings lífeyrissjóðsins.

2.2. Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í íslenskum krónum, sem er bæði starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna.

2.3. Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á ársreikning sjóðsins:

- i) Gangvirði óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum, sjá skýringu 9.
- ii) Tryggingafræðileg staða, sjá skýringu 16.

2.4. Iðgjöld

Árlegt fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða er fært undir liðinn sérstök aukaframlög.

